



Alls konar borgarstjórar samantekt 30



HÁTT EDA LÁGT? stíll 60

Sameiginleg áhugamál fjölskyldan 2



spottið 18



FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARÚTGÁFA

PITT

5. júní 2010 – 130. tölublað – 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000



Sjöttú ár á milli

Langfeðgarnir Guðjón og Sölvi útskrifuðust úr MR með 70 ára millibili.

viðtal 28

Ungur Evrópumeistari

Aron Pálmarsson er að byrja að átta sig á eigin árangri.

sport 74

Á ráðherralaunum

Launaumslög frá Noregi líta vel út komin til Íslands.

viðtöl 40 & 42

Óslípaðir demantar

Nýjar stjórnur verða til.

HM 34

3 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu
Fjölskyldan | Allt atvinna | Allt



ODDVITI Í ÖSKUMEKKI Jón Gnarr, verðandi borgarstjóri, segir gleðina ráða ríkjum í borginni þrátt fyrir erfiða framtíð næstu árin í skugga fjárhagslegs aðhalds. Hann segir hægt að skemmta sér þótt kreppi að. Dagur sagði mikilvægt að hafa gleðina að leiðarljósi. Margir íbúar blokkarinnar samglöddust væntanlegum borgarstjóra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Lofar að vera skemmtilegur

Ákvörðun um nýtt meirihlutasamstarf í borginni var kynnt á þaki fjölbýlishúss í Æsufelli í Breiðholti í gær. Jón Gnarr verður borgarstjóri og Dagur B. Eggertsson formaður borgarráðs. Gleðin mun ráða ríkjum.

BORGARMÁL Nú liggur fyrir að Jón Gnarr verður borgarstjóri í Reykjavík með stuðningi Besta flokksins og Samfylkingarinnar. Ákvörðun um meirihlutasamstarf flokkanna var kynnt á þaki Æsufells 4 í Breiðholti í gær. Oddvitar meirihlutans voru þó fáorðir um stefnumálin. „Jón Gnarr verður fyrst og fremst skemmtilegur borgarstjóri,“ sagði Jón. Nýi borgarstjórnin tekur við lykjavöldum í Ráðhúsinu 15. júní. Þá verður greint frá skipan í ráð og nefndir og nokkrum helstu stefnumálum svo sem varðandi Orkuveitu Reykjavíkur. „Þetta er viðkvæmt mál, við munum vanda mjög til verka og ganga í mál tengd Orkuveitunni af mikilli fagmennsku,“ segir Jón Gnarr.

„Upplýsingar tengdar Orkuveitunni hafa ekki verið aðgengilegar. Við munum kynna okkur málin vel og leysa þau af eins mikilli tillitssemi og við getum,“ segir hann. Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar og verðandi formaður borgarráðs, segir að ekkert liggi fyrir um fyrirhugaða gjaldskrárhækkun OR næstu fimm árin né hugsanlega hækkun á útsvari. „Við hlupum ekki til heldur förum yfir gögnin,“ segir hann. Ekki hefur verið sagt frá annarri verkskiptingu flokkanna en milli Jóns og Dags. Verðandi borgarstjóri segir ekki hafa staðið til að vinna með öðrum flokkum. Samfylkingin hafi verið fyrsta val.

Hvers vegna Æsufell?

Bæði Jón Gnarr og Dagur B. tengjast Æsufelli 4. Óskar Kristinsson, eini bróðir Jóns, hefur búið þar um margra ára skeið og voru kynningarmyndbönd Besta flokksins tekin á þaki blokkarinnar. Óskar var litla bróður sínum innan handar vegna fundarins í gær. Systir Jóns, sem búsett er í Noregi, var gestkomandi hjá Óskari þegar oddvitar flokkanna kynntu samstarfið. Þá vann Dagur við að mála blokkina á menntaskólaárum sínum. Helstu ástæðuna fyrir fundarstaðnum sögðu þeir Jón og Dagur þá, að fyrstu verk nýrrar borgarstjórnar líti dagsins ljós í Breiðholti.

Velkomin í **HÁSKÓLA ÍSLANDS**

Umsóknarfrestur um grunn nám er til 5. júní

www.hi.is

Ostarúllurnar frá Ostahúsinu

á ostabakkann og í matargerð

www.ostahusid.is

PEKING • REYNSLA • GÆÐI

Osta HÚSÍÐ

STOFNAÐ 1992

VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD

Hagnýtt nám á fræðilegum grunni

Umsóknarfrestur til 5. júní

HÁSKÓLI ÍSLANDS

VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD



Reynir, er þá ekki hægt að bremsa kostnaðinn af?

„Við erum alltaf á bremsunni með allan kostnað.“

Strætó tapar 350 milljónum á ári á tötum sem verða vegna hraðahindrana. Reynir Jónsson er framkvæmdastjóri Strætós.



Á PENSECOLA-STRÖND Ellefu ára piltur tinnir upp olíulekra. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Glímt við olíuna:

Hafa stöðvað mesta lekann

BANDARÍKIN, AP Seigfljótandi olía barst á norðvesturstrendur Flórídaskaga í gær, hálfum öðrum mánuði eftir að sprenging varð í olíuborþalli BP í Mexíkóflóa.

Sundfólk flýtti sér upp úr sjónum þegar því varð ljóst hvernig komið var, en fuglar áttu sér margir varla lífsvon eftir að hafa lent í olíunni.

Olíufélagið BP sagðist í gær loks hafa náð að stöðva mesta lekann úr olíubrunninum, þó enn streymi töluvert magn óhindrað út í hafið.

Olíulekinn gæti orðið sá versti í sögu Bandaríkjanna. - gb / sjá síðu 32

Fagna sjómannaþegi á Spáni: Keppt í reiptogi á ströndinni

FÓLK Sjómannaþegi verður í fyrsta sinn haldinn hátíðlegur að íslenskum hætti í Torrevieja á Spáni á morgun. Hátíðahöldin fara fram á Flamenca-ströndinni.

Aldraðir sjómenn verða heiðraðir, keppt verður í reiptogi og boxi og farið í eggjahlaup og aflakóngurinn verðlaunaður. - mmf

Umboðsmaður barna segir mjög slæmt að 16 ára grunaðir innbrotspjófar séu vistaðir í einangrunarklefum:

Tveir 16 ára í einangrun á Litla-Hrauni

LÖGREGLUMÁL Tveir sextán ára piltar, sem grunaðir eru um yfir 80 innbrot í Grímsnesi, Borgarfirði, Dölunum og á Þingvöllum í maí, eru nú vistaðir í einangrunarklefum á Litla-Hrauni. Þar hafa þeir verið í rúma viku og verða fram á þriðjudag hið minnsta.

Lögum samkvæmt er óheimilt að úrskurða ungmenni undir átján ára aldri í gæsluvarðhald nema sérstaklega stöndi á. Í tilfelli piltanna ungu stendur ekkert annað úrræði til boða fyrir þá en vistan á meðferðarheimilinu Stuðlum, að því er fram kemur í gæsluvarðhaldsúr-

skurði. Þar er hins vegar ekki pláss auk þess sem annar sakborningur í málinu, fimmtán ára gamall piltur, er vistaður þar og engin leið væri að koma í veg fyrir að hann hefði samskipti við aðra grunaða í málinu.

Páll Winkel fangelsismálastjóri segir ákaflega sjaldgæft að jafn ungir menn séu úrskurdaðir í einangrun. Hann segist í svipinn ekki muna hvenær það henti síðast, en yfirleitt líði árafjöld milli slíkra tilvika. Gæsluvarðhaldsfangar undir lögdaldi fá einn sérmeðferð, en njóti líkt og aðrir aðstoðar sálfræðinga og geðlækna.



EINANGRUNARGANGURINN Piltarnir hafa verið í einangrun í rúma viku og verða minnst nokkra daga enn.

Páll segir stofnunina ekki hafa mikið um ákvarðanir sem þess- ar að segja. „En ef einangrun-

in dregst á langinn og er mjög íþyngjandi og hefur mjög slæm áhrif á viðkomandi þá getum við haft samband við ákærvaldið og látið vita. Það hefur gerst.“

Margrét María Sigurðardóttir, umboðsmaður barna, var stödd erlendis þegar Fréttablaðið náði tali af henni og hafði ekki kynnt sér málið. „En þetta hljómar mjög illa og mér finnst þetta engan veginn nógu gott,“ sagði hún.

Fjórði sakborningurinn í málinu, átján ára Íslendingur, er einnig í einangrun á Litla-Hrauni. - sh

Ók yfir tvo erlenda ferðamenn í tjaldi

Tveir erlendir ferðamenn voru fluttir með sjúkraflugi á slysadeild Landspítala í gær eftir að ekið hafði verið yfir þá þar sem þeir lágu sofandi í tjaldi sínu á tjaldstæðinu á Patreksfirði í fyrrinótt. Ökumaðurinn er grunaður um ölvun.

LÖGREGLUMÁL Tveir erlendir ferðamenn voru fluttir með sjúkraflugi til Reykjavíkur eftir að bíll hafði ekið yfir tjald þeirra á Patreksfirði nóttina áður. Mennirnir eru ekki alvarlega slasaðir.

Ökumaður bílsins var færður á lögreglustöðina á Ísafirði. Hann er grunaður um akstur undir áhrifum áfengis og fíkniefna.

Það var klukkan fimm í fyrrinótt sem lögregla var kölluð á tjaldstæðið á Patreksfirði. Þegar lögreglumenn komu á vettvang kom í ljós að bíll hafði verið ekið yfir tjald á svæðinu. Tveir menn voru sofandi í tjaldinu. Reyndist vera um tvo kanadíska, rúmlega tvítuga, ferðamenn að ræða. Hjól bílsins fóru að einhverju leyti yfir þá. Þeir voru slasaðir og jafnframt slegnir eftir atvikið, en gátu þó rætt við lögregluna.

Mennirnir voru fluttir á sjúkrahúsið á Patreksfirði, þar sem þeir voru í rannsakaðir og hlynnt að þeim í gær. Hvorki var talið að þeir væru lífshættulega slasaðir né beinbrotnir. Meislin voru talin minniháttar miðað við það sem þeir urðu fyrir. Þeir voru hins vegar mjög miður sín eftir þessa ónotalegu upplifun.

Síðdegis í gær voru þeir svo fluttir á bráðamóttöku Landspítalans eins og áður sagði til myndatöku og frekari rannsókna. Þeir voru með áverka á höfði og brjóst-kassa eftir að hafa fengið bílinn yfir sig, að sögn Jóns B. G. Jónssonar, lækni á heilbrigðisstofnuninni á Patreksfirði.

Þrennt var í bílnum sem ekið var yfir tjaldið. Það fólk hafði ætlað sér að gista á svæðinu, en



TJALDSTÆÐIÐ Á PATREKSFIRÐI Tveir kanadískir ferðamenn voru í fastasvefni í tjaldi sínu þegar bíll var ekið yfir tjaldið. Ökumaðurinn er grunaður um ölvun við akstur. FRÉTTABLAÐIÐ/BERGSTEINN

Ekið yfir tjaldbúa

Tjöld eru veigalítillir svefnstaðir og illa varðir fyrir vélknúnum ökutækjum. Fæstir gera ráð fyrir því þegar þeir leggjast til svefns að svo geti farið að ekið verði yfir þá, en atvikið á Patreksfirði er þó ekki einsdæmi. Oftast kemur Bakkus við sögu þegar ökumenn verða ekki varir við að þeir aka yfir svefnstaði fólks. Þannig var því verið þegar blekaður ökumaður ók yfir tjald erlends ferðamanns á Þingeyri fyrir tveimur árum. Tjaldbúinn náði að velta sér undan hjólu þegar hann sá billjósinn nálgað óþægilega mikið. Fyrir fáeinum árum varð ungt par á tjaldsvæðinu á Akureyri fyrir þeirri óskemmtilegu reynslu að bíll ók yfir tjaldið og staðnæmdist ofan á fólkinu. Það slasaðist ekki alvarlega, en kvartaði undan eymslum í baki og brjóst-kassa.

atburðarásin varð önnur. Ökumaðurinn, sem er rúmlega tvítugur, var handtekinn og færður á lögreglustöð. Hann var grunaður um ölvun og jafnvel að hafa verið undir áhrifum fíkniefna við aksturinn. Blóðsýni muna leiða það í ljós. Samkvæmt þeim upplýsingum sem Fréttablaðið hefur fengið viðurkendi hann brot sitt. Auk hans voru vitni færð til yfirheyrslu á lögreglustöð. Þurfti að

lata sumt af fólkinu, þar á meðal ökumanninn, sofa úr sér fyrir yfirheyrslurnar í gær.

Enginn sérstakur eftirlitsmaður er á tjaldstæðinu á Patreksfirði, samkvæmt upplýsingum sem fengust í áhaldahúsi bæjarins. Hins vegar fara bæjarstarfsmenn þangað reglulega til að þrifa svæðið.

Lögreglan á Ísafirði fer með rannsókn málsins. jss@frettabladid.is

Herra Pétur Sigurgeirsson biskup látinn

Pétur Sigurgeirsson biskup lést þann 3. júní, 91 árs að aldri. Hann fæddist á Ísafirði 2. júní 1919, sonur Guðrúnar Pétursdóttur og Sigurgeirs Sigurðssonar sóknarprests og síðar biskups Íslands.



Pétur lauk guðfræðiprófi frá Háskóla Íslands 1944 og meistaraþrófi frá háskóla í Filadelfíu í Bandaríkjunum. Hann varð sóknarprestur á Akureyri 1947 og þjónaði þar uns hann varð biskup Íslands, en því embætti gegndi hann frá 1981 til 1989. Hann var vígslubiskup á Hólum frá 1969 til 1981. Þá ritaði hann bækur og blaðagreinar og orti sálma. Eftirlifandi eiginkona Péturs er Sólveig Ásgeirsdóttir. Þau eignuðust fjögur börn. - pg

Bæjarstjórn í Hafnarfirði:

Enn er fundað í Firðinum

HAFNARFJÖRÐUR „Við erum langt komin með málefnaþing og reiknum með að boða til félagsfundar í byrjun næstu viku,“ segir Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, oddviti VG í Hafnarfirði.

Meirihlutavindur hafa staðið yfir á milli Samfylkingar og VG eftir sveitarstjórnarkosningarnar fyrir viku.

Guðrún og Guðmundur Rúnar Árnason, oddviti Samfylkingar, hafa fundað um málefnaþing og var því spáð að málinu lyki fyrir helgi. Ekki liggur fyrir hver sest í bæjarstjórnastöðinni. „Þetta tekur alltaf lengri tíma,“ segir Guðrún. - jab

Háskólakennarar álykta:

Fjárveitingum til skóla verði forgangsraðað

MENNTUN Forgangsraða þarf fjárveitingum til skóla og skoða hvort raunveruleg þörf sé á þeim fjölda háskóla sem nú er. Þetta kemur fram í nýrri álykun Félags háskólakennara.

Félagið lýsir sig reiðubúið til samstarfs um að leita leiða til að hagræða í rekstri háskólastigsins. Þá segir það þörf á að skoða hvort aukið samstarf eða sameiningar séu vænlegar leiðir til sparnaðar og hvernig önnur lönd stöndi að fjárveitingum til einkaskóla og ríkisskóla.

Félagið skorar jafnframt á ríkisstjórnina að setja fram skýra stefnu í málefnum háskólanna. - þeb

Meirihluti fjögurra flokka hefur verið kynntur:

Sviðsstjóri verður bæjarstjóri í Kópavogsbæ

KÓPAVOGUR Guðrún Pálsdóttir, verður bæjarstjóri Kópavogsbæjar, í umboði nýs meirihluta Samfylkingar, VG, Næst besta flokksins og Lista Kópavogsbúa.

Guðrún hefur áður unnið sem sviðsstjóri tómsunda- og menningar sviðs bæjarins, verið fjármálastjóri Kópavogsbæjar og einnig þjónað sem starfandi bæjarstjóri. Hún hefur því áratuga reynslu af þessum málefnum.

Guðrún tekur við af Gunnsteini Sigurðssyni, sem hefur setið frá 1. júlí 2009. Í tilkynningu frá bænum segir einnig að formaður bæjararráðs verði Guðrún Arnardóttir úr Samfylkingu. Forsetar bæjarstjórnar verði Ólafur Þór



GUÐRÚN PÁLSDÓTTIR

Gunnarsson úr VG og Hjálmar Hjálmarsson úr Næst besta flokknum.

Í fráfarandi meirihluta Sjálfstæðis-flokks og Framsóknar var einn forseti bæjarstjórnar.

Félagsfundur Samfylkingar í Kópavogi lýsir yfir ánægju með niðurstöðuna og óskar Kópavogsbúum til hamingju með nýja forystu. Enn hefur lítið heyrst um hver verði helstu verkefni og stefnumál nýs meirihluta. - kóp

Gildir til 12. júní 2010



Lækkaðu lyfjakostnaðinn

SUÐURLANDSBRAUT 22
SÍMI 533 6100
LYFJAVER.IS

Opíð mán-fös 8.30-18 og lau 10-14

LYFJAVER

APÓTEK + LYFJASKÜMMTUN



15%
AF ÖLLUM
GARÐHÚSGÖGNUM
MIKIÐ ÚRVAL

GARÐHÚSGÖGN HELGARSPRENGJA

**BERÐU Á
PALLINN
UM HELGINA!**

Jotun pallaolía 3 ltr.
Vinsælasta pallaolían á Íslandi.
7049123-33-37



3 ltr.
2.990

Vinsælasta
pallaolía
á Íslandi

Kvenreiðhjól Unica 26"

18" „heavy duty“ ál stell
21 gir Shimano CO50 framskiptir.
Shimano TX-31 afturskiptir.
Dempari að framan.
3899978



31.900
~~42.995~~

**VERÐLÆKKUN Á
VÖLDUM REIÐHJÓLUM**

Rafmagnssláttuvélar
verð frá 16.990

Bensínsláttuvélar
verð frá 39.995

Rafmagnssláttuvél
B&D
35 ltr. safnara, 1200 W.
Miðlæg hæðarstilling.
34 sm sláttubreidd
5085134

**BLACK &
DECKER**



29.990

3.995

Rafmagnssláttuorf
IKRA
250W, 24 cm sláttubreidd
5086600

31.900
~~37.295~~

Öryggisnet **17.900**
F/trampólín 13 ft.
3900566 ~~20.795~~



Trampólín
ø 396 sm, hæð 88 sm
3900563

**FRÁBÆRT
VERÐ!**

**Látum
verkin tala!**

Timburmiðstöð Grafarholti opið til 18:00 alla daga
Verslun Skútuvogi, opið til 21:00 alla daga

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.



GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	128,55 129,17
Sterlingspund	188,42 189,34
Evra	156,41 157,29
Dönsk króna	21,019 21,141
Norsk króna	19,887 20,005
Sænsk króna	16,403 16,499
Japanskt jen	1,3864 1,3946

SDR 187,83 188,95

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
213,2596

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Nektarstaðurinn Óðal vikur fyrir Hvítu perlunni, eftir fjórtán ára rekstur:

Ekkert stripp við Austurvöll

REYKJAVÍK Hvíta perlan, nýr fót-boltastadur við Austurstræti, verður opnaður fimmtudaginn 10. júní. Þar með verða ákveðin tímamót í miðbæ Reykjavíkur, því Perlan er í húsnæði sem áður hósti nektarstaðurinn Óðal, allt frá 1996.

Í ljósi laga sem taka gildi í júlí, og leyfa ekki nektardans, varð eiganda Óðals, Grétari Inga Berndsen, ljóst að staðurinn þyrfti að skipta um stíl.

„Fyrst ekki má gera hitt lengur þarf maður að gera eitthvað sem má,“ segir hann. Því hafi verið ákveðið að breyta til fyrir sumarið.

Barinn verður opnaður fyrir fyrsta leikinn í komandi heimsmeistarakeppni í fótbolta.

„Það er búið að endurnýja allt og þetta verður best búni sportbar á landinu með risaskjáum á þremur hæðum,“ segir Grétar, sem hefur fengið nýja félagi í reksturinn og er bjartsýnn á að þetta gangi vel.

Þess má geta að Albert heitinn Guðmundsson, fyrrverandi ráðherra, var kallaður Hvíta perlan á sínum fótboltaárum í Frakklandi og er mynd af frægum hundi hans, Lúsý, hluti af merki staðarins.

- kóp



GRÉTAR OPNAR ÚT Á AUSTURVÖLL Í stað nakinna kvenna verður nú hægt að líta á Alþingishúsið úr veislusal á þriðju hæðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Evrópusamtökin senda bréf:

Spyrja um auglýsingar bænda

UTANRÍKISMÁL Evrópusamtök-in hafa sent Samtökum ungra bænda opið bréf þar sem spurt er hvort auglýsingar, sem bændurnir birtu í dagblöðum í síðustu viku, hafi verið greiddar með almannafé.

Í bréfinu segir að íslenskur landbúnaður sé styrktur um 10 milljarða á ári og að Bændasamtök-in fái ríflega 500 milljónir á ári. Hafi auglýsingarnar verið greiddar með almannafé er það ólíkandi og misnotkun á opinberu fé, að mati samtakanna. - þeb

Flokkar spjalla í Tékklandi Ætla að mynda hægristjórn

TÉKKLAND, AP Vaclav Klaus, forseti Tékklands, fól Petr Necas, leiðtoga íhaldsmanna, að mynda stjórn í landinu í gær, nærri viku eftir að þingskosningar voru haldnar.

Necas ætlar að fá til liðs við sig tvo nýja flokka, annars vegar nýjan flokk íhaldsmanna sem nefnist TOP 09 og hins vegar nýjan miðjuflokk. Saman hafa flokkarnir 118 þingsæti af 200.

Klaus forseti vill upplýsingar innan tveggja vikna um gang viðræðanna.



PETR NECAS

Þorskveiðin aukin um tíu þúsund tonn

Hafrannsóknastofnun leggur fram tillögu um 160 þúsund tonna hámarksafla þorsks á næsta fiskveiðarári. Draga þarf saman í veiðum á ýsu, steinbít og ufsa.

SJÁVARÚTVEGUR Hafrannsóknastofnun leggur til að þorskkvóti verði aukinn um 10.000 tonn á næsta fiskveiðarári þannig að leyfilegur hámarksafla verði 160.000 tonn.

Stofnunin kynnti í gær skýrslu um ástand nytjastofna sjávar, þróun veiða og stofnstærð, auk þess að kynna tillögur um hámarksafla um þrjátíu fiskistofna á næsta ári.

Tillaga um 160.000 tonna hámarksafla þorsks byggist á því að sjávarútvegsráðherra ákveði að fylgja þeirri nýtingarstefnu sem ákveðið hefur verið að fylgja næstu fimm ár.

Hún felur í sér reglu um að leyfa skuli veiðar á 20 prósentum af viðmiðunarstofni fjögurra ára þorsks og taka að auki tillit til leyfilegs aflla á yfirstandandi ári að hálfu leyti. Það þýðir að miðað við mat Hafrannsóknastofnunar um að sá stofn sé nú um 850.000 tonna viðmiðunarstofn og að teknu tilliti til 150.000 tonna hámarksafla á þessu fiskveiðarári verði leyfilegur aflfi fiskveiðarársins, sem hefst 1. september næstkomandi, 160.000 tonn.

Í skýrslu Hafrannsóknastofnunar er hnykk á því að Alþjóða-hafrannsóknaráðið telji að þessi nýtingarstefna samræmist alþjóðlegum samþykktum um varúðarsjónarmið og hámarksnýtingu. „Löngu er þekkt að aflamark og þorskafla hafa einatt verið verulega umfram ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar en mikil breyting til batnaðar hefur orðið þar á með tilkomu mótaðrar nýtingarstefnu og setningu aflareglu,“ segir Hafró.

Í mörgum öðrum tegundum sé



AUKIN VEIÐI Aukinn þorskkvóti og aukinn kvóti til veiða á hrefnu og langreyði er meðal þeirra tillagna sem Hafrannsóknastofnun kynnti í gær. Hins vegar þurfi að draga saman veiðar á ýsu og ufsa. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Tillögur Hafró um hámarksafla

Tegund	tillaga í þús. tonna	tillaga 2009	ákvörðun 2009
Þorskur	160.000	150.000	150.000
Ýsa	45.000	57.000	63.000
Ufsi	40.000	35.000	50.000
Steinbítur	8.500	10.000	12.000
Skarkoli	6.500	5.000	5.000
Langa	7.600	6.000	7.000
Langreyður*	154	150	150
Hrefna*	216	200	200

* fjöldi dýra.

aflinn umfram ráðgjöf stofnunarinnar og sé brýnt að gera breytingu á því.

Í öðrum helstu nytjategundum leggur stofnunin til að leyfður ýsafli verði 45.000 tonn. Í fyrra taldi stofnunin óhætt að veiða 57.000 tonn af ýsu en ráðherra ákvað að heimila veiði á 63.000 tonnum. Þá er gerð tillaga um 40.000 tonna hámarksafla á ufsa, sem er auk-

ing um 5.000 tonn frá tillögu síðasta árs. Ráðherra fylgdi ekki þeirri tillögu heldur leyfði veiðar á 50.000 tonnum af ufsa.

Hafró leggur til að leyfðar verði auknar hvalveiðar á grundvelli nýrra úttekta Alþjóðahvalveiðiráðsins og NAMMCO. Veiða megi 216 hrefnur í stað 200 á þessu ári og 154 langreyðar í stað 150.

peturg@frettabladid.is

Skorum á ráðherra að leyfa 200.000 tonn

„Við teljum að allt mæli með því að úthluta meira en 160.000 tonnum og munum skora á sjávarútvegsráðherra að leyfa veiðar á 200.000 tonnum af þorski,“ segir Örn Pálsson, framkvæmdastjóri Landsambands smábátæigenda.

„Það væri alls ekki óvarlegt.“ Smábátasjómenn eru hins vegar óhressir með tillögur um samdrátt í veiðum á ýsu og steinbít.

Örn segir að stóraukinn veiðistofn og hrygningarstofn þorsks megi skýra fremur með áhrifum Grænlandsgöngu en hinu að ákvörðun um mikla skerðingu þorskafla 2007 sé nú að sanna sig.



ÖRN PÁLSSON

Rétt ákvörðun tekin 2007

„Þetta eru mjög jákvæð teikn, svona tölur höfum við ekki séð frá 1970,“ segir Einar K. Guðfinnsson, fyrrverandi sjávarútvegsráðherra.

„Þetta er klárlega vísending um að þorskstofninn er að stækka.“ Allt stefni í enn frekari aukningu þorskafla á næsta ári.

Árið 2007 var Einar sjávarútvegsráðherra og ákvað að skera þorskafla niður úr 193.000 tonnum í 150.000 tonn á ári til þriggja ára. Hann segir nú koma á daginn að sú ákvörðun hafi verið rétt. „Ef ekki hefði verið brugðist við 2007 hefði áralangur niðurskurður blasað við,“ segir Einar.



EINAR K. GUÐFINNSSON

SUÐUR-KÓREA

Krefst aðgerða

Suður-Kórestjórn hefur sent öryggisráði Sameinuðu þjóðanna formlegt erindi, þar sem krafist er refsiaðgerða gegn Norður-Kóreu fyrir að hafa sókkt suður-kóresku herskipi með 46 manna áhöfn.

JAFNRÉTTISMÁL

Breiðablik heiðrað

Knattspyrnudeild Breiðabliks hlaut jafnréttisviðurkenningu Kópavogs fyrir góðan árangur í kvenknattspyrnu. Hvatningarviðurkenningu hlaut Íris Arnardóttir námsráðgjafi fyrir náms efni um jafnréttismál.

ÖLFUS

A og B vinna saman

A-listi Fyrir okkur öll og B-listi Framfarasinna hafa gengið frá mál-efnasamningi um að starfa saman í meirihluta í Sveitarfélaginu Ölfusi. Forseti bæjarstjórnar verður Sigríður Lára Ásbergsdóttir af A-lista og formaður bæjarráðs verður Sveinn Steinarsson af B-lista. Auglýst verður eftir bæjarstjóra fljótlega.

Hafðu samband
sími 444 7000 • arionbanki.is

Sparaðu og minnkaðu gluggapóstinn

Frá og með 1. júlí hættir bankinn að senda út greiðslusedla á pappírformi til viðskiptavina. Með rafrænum viðskiptum getur þú sparað umtalsverða upphæð og dregið stórlega úr pappírnotkun.

Leggjum okkar af mörkum við að vernda umhverfið.

Arion banki

VEÐURSPÁ

Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

FRÁBÆR HELGI
Veðurspá næstu þriggja daga er frá-bær. Hægur vindur fyrir utan strekking allra syðst í dag. Úrkoma verður með minnsta móti en þó má búast við síðdegisskúrum á morgun og mánu-dag. En það er bara hressandi og gott fyrir gróðurinn!

Á MORGUN Hægviðri og skúrir síðdegis.
MÁNUDAGUR Hæg breytileg átt um allt land.

HEIMURINN	°C
Alicante	26°
Basel	27°
Berlín	25°
Billund	19°
Frankfurt	29°
Friedrichshafen	28°
Gautaborg	20°
Kaupmannahöfn	20°
Las Palmas	22°
London	25°
Mallorca	28°
New York	32°
Orlando	34°
Ósló	20°
París	27°
San Francisco	19°
Stokkhólmur	13°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

PUNING FRELSI NOVA



Vertu í góðu sambandi í sumar!

Nova pungfrelsi

Pungur: 6.990 kr.
og þú velur um 2 GB netáfyllingu **1.490 kr.**
eða 5 GB netáfyllingu **2.490 kr.**

Pungurinn styður allt að 3,6 Mb/s hraða.

Pungfrelsi Nova er hefðbundin nettenging sem breytir fartölvunni þinni í alvöru far-tölvu. Pungfrelsi er ódýr og góð nettenging sem getur komið í stað ADSL sambandsins heima hjá þér, þú getur einnig tekið punginn með þér upp í bústað eða hvert sem þú ferð innanlands.

**Stærsti
skemmtistaður
í heimi!**

Verlanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Glerártorgi Akureyri
og MM Selfossi | Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | m.nova.is | Facebook | Twitter

NOVA



Ættu Íslendingar að draga úr innkaupum frá Ísrael?

Já	81,4
Nei	18,6

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ætti að fækka hraðahindrunum?

Segðu skoðun þína á Vísí.is



Grein Jóns Steinssonar hagfræðings um skattamál vekur athygli:

Tillögur skoðaðar af alvöru

EFNAHAGSMÁL „Þessar tillögur eru allrar athygli verðar og á síðasta fundi nefndarinnar tók ég mig nú reyndar til og það nefndarmenn að taka eintak af greininni til frekari úrvinnslu,“ sagði Marianna Jónasdóttir sem er í forsvari fyrir starfshóp fjármálaráðuneytisins sem skoða á skattkerfisbreytingar. Hún vísar þar til tillagna sem Jón Steinsson, hagfræðingur við Columbia-háskóla í Bandaríkjunum, birti í grein í Fréttablaðinu á miðvikudaginn.

Í greininni setur Jón fram þá tillögu að hækka virðisaukaskatt

á matvæli í 25,5 prósent og nota hluta af þeim tekjuauka sem af hlytist til þess að lækka lægsta skattþrep tekjuskattkerfisins og hækka persónuafslátt. Jón segir að slík aðgerð muni bæta hag þeirra sem minnst hafa á milli handanna og auka tekjur ríkisins.

Starfshópur fjármálaráðuneytisins hóf nýlega störf og á að skila áfanga-



JÓN STEINSSON

skýrslu til ráðuneytisins ekki seinna en 15. júlí.

Talsmenn ASÍ og Samtaka atvinnulífsins voru sammála um að þessa leið bæri að skoða alvarlega en Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, rak þó þann varnagla að hækkanir á virðisaukaskatti hefðu óhjákvæmilega í för með sér hækkun á verðbólgu.

- mþl

Gengið frá kjarasamningum:

SFR semur við Isavia ohf.

KJARAMÁL Skrifað var undir kjarasamning milli SFR stéttarfélags og Isavia ohf. á fimmtudagskvöld. Samingaviðræður höfðu staðið allengi en á tímabili síðustu kjarasamninga urðu miklar breytingar á rekstrarumhverfi viðsemjenda, að því er fram kemur á vef SFR.

Isavia ohf. varð til þegar Keflavíkurflugvöllur ohf. og Flugstöðir ohf. runnu saman inn í nýtt félag. Í næstu viku verður samningurinn kynntur félagsmönnum á Keflavíkurflugvelli og borinn undir atkvæði.

- mþl

Tökum vel á móti sölufólki

Áslaug Kristinsdóttir sálfræðingur hefur verið í leyfi frá störfum undanfarna mánuði. Hún hefur nú snúið aftur til starfa hjá Líf og sál sálfræðistofu.

Við bjóðum hana hjartanlega velkomna!

Líf og sál sálfræðistofa ehf.
Fiskislóð 75 - 101 Reykjavík - S. 5115508

HVERGI ÓDÝRARI!

HANDBÓKIN UM HEIMSMEISTARAKEPPNINA

Bókin er vandað yfirlit yfir þennan mikla viðburð, full af glæsilegum myndum og inniheldur ítarlega umfjöllun um frægustu leikmennina, öll liðin og möguleika þeirra í keppninni, vellina og margt fleira. Skyldueign fyrir alla alvöru fótboltaáðáendur.

VERÐ AÐEINS 2.990 KR.

Smáratorgi 1 + Kópavogi
Sími 580-0000 + a4.is

Gleráreyrum + Akureyri
Sími 580-0060 + a4.is

A4 Skrifstofa og skóli

Auglýsingasími

512 54 01

Allt sem þú þarft...

Níu milljóna styrkir enn ekki útskýrðir

Alþingismaðurinn Guðlaugur Þór Þórðarson upplýsti í gær um 15,9 milljónir sem hann fékk í styrki vegna prófkjörs fyrir alþingiskosningar 2007. Alls fékk hann tæpar 25. Minnir á að engar reglur hafi gilt í sínum flokki og harmar það.

STJÓRNMÁL Guðlaugur Þór Þórðarson alþingismaður upplýsti í gær að hluta til um styrki sem hann þáði vegna prófkjörs fyrir alþingiskosningar 2007. Hann nafngreindir þá sem veittu 15,9 milljóna styrki, en hann þáði alls tæpar 25 milljónir. Enn hefur ekki verið útskýrt hverjir veittu níu milljóna styrki.

Helstu styrkveitendur Guðlaugs voru Baugur, Fons og FL Group, með tvær milljónir hvert fyrirtæki. Þá eru Austursel (Hreinn Loftsson) og Landsbankinn með 1,5 milljónir hvort fyrirtæki og Atorka (Jarðboranir, Promens) og Kaupþing með sína milljónina hvort.

Milestone gaf 750.000 krónur og Guðlaugur þáði 500.000 frá Sigurði Bollasyni, sem og Þóru Guðmundsdóttur og Eimskipi. Að auki hjálpuðu Guðlaugi nærri þúsund sjálfboðaliðar í prófkjörinu.

Ónafngreindur einstaklingur lagði 1,5 milljónir til baráttunnar og fjórir ónafngreindir til viðbótar lögðu fram milljón hver. Þess utan eru óútskýrðir tveir milljón króna styrkir frá tveimur fyrirtækjum.

Guðlaugur segir í tilkynningu að ekki hafi allir styrkveitendur samþykkt að verða nafngreindir og hann virði það. Þá hafi hann ekki



ENGAR REGLUR Guðlaugur Þór minnr á að engar reglur hafi gilt um prófkjörstyrki árið 2006. Hann hafi farið eftir þágildandi leiðbeiningum Ríkisendurskoðunar.

Þessi styrktu líka

Félag	Upphæð
Actavis Group hf.	250.000 kr.
Bjarni Ingvar Árnason	250.000 kr.
Bláa Lónið	400.000 kr.
Borgarverk ehf.	250.000 kr.
Brim hf.	300.000 kr.
Guðmundur Kristjánsson	200.000 kr.
Gylfi og Gunnar	200.000 kr.
Intrum á Íslandi	300.000 kr.
Tékk Kristall	200.000 kr.
VBS fjárfestingabanki	30.000 kr.
Vinlandsleið ehf.	150.000 kr.
Örninn hjól ehf.	75.000 kr.

náð í alla og birti ekki nöfn látinna styrkveitenda.

Guðlaugur áréttar að á þessum tíma hafi engar reglur verið í gildi um styrki og að hann hafi farið eftir þágildandi leiðbeiningum Ríkisendurskoðanda um prófkjör. Í bókhaldu sé gerð grein fyrir öllum útgjöldum og kvittunum.

„Mjög óheppilegt [var] að löggjafinn eða við sjálfstæðismenn skyldu ekki setja reglur um prófkjör,“ segir Guðlaugur.

Hann rifjar upp orð dr. Huldu

Þórisdóttur um hegðun sem áður virtist sjálfsgöð. Að ef hrúnið hefði ekki átt sér stað væri alls ekki víst að sú hegðun væri nú álitin röng.

Sem fyrr getur eru óútskýrðar nærri níu milljónir króna, en til samanburðar safnaði Steinunn Valdís Óskarsdóttir 4,7 milljónum vegna prófkjörs fyrir sömu kosningar. Hún nafngreindi styrkveitendur í fyrra og sagði svo af sér þingmennsku vegna styrkjanna, fyrir nýafstaðnar sveitarstjórnarkosningar.

klemens@frettabladid.is

Meirihlutaeigandi í Skeljungu kaupir restina af Íslandsbanka:

Skulda bankanum milljarð

VIÐSKIPTI Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir, hluthafi í Skel Investments ehf. hefur keypt 49 prósent hlut í Skeljungu og tengdum félögum af Miðengi, eignarhaldsfélagi Íslandsbanka. Oliufélagið hefur verið í sölufæri frá því seint í nóvember í fyrra.

„Ég er ánægð með þessa niðurstöðu. Eins og mörg önnur íslensk fyrirtæki var Skeljungur orðið yfirskuldsett félag og endurskipulagningar með aðkomu banka þörf,“ er haft eftir Svanhildi í fréttatilkynningu frá Miðengi. Hún bætti við að það væri ætlun allra sem að kaupnum standa að styrkja félagið frekar.



SKELJUNGUR Eigendur Skeljungs eiga félagið í dag með húð og hári.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Svanhildur var fyrir stjórnar- maður í Skeljungu. Maður hennar er Guðmundur Þórðarson, stjórnarformaður Skeljungs.

Félag þeirra, Skel Investments, sem þau eiga með Birgi Þór Bieltvedt, hefur átt 51 prósent hlut í olíuversluninni frá haustinu 2008. Hlutinn keypti félagið af Íslandsbanka.


Í ársreikningi Skeljar Investments fyrir árið 2008 kemur fram að félagið skuldar Íslandsbanka rúmlega 1,5 milljarða króna og á lánið að greiðast í einu lagi síðla árs 2012. Trygging fyrir lánu er hlutur í Skeljungu.

Ekkert er gefið upp um kaupverð né fjármögnun í tilkynningu frá Miðengi. Ekki náðist í Svanhildi við vinnslu fréttarinnar.

- mþl / - jab

ALLT Á GRILLIÐ

Þú þekkir gæðin á miðanum!



AMERÍSKAR
BBQ
SÓSUR



spennandi meðlæti á grillið eða í ofninn!



OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 6. júní á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað ber Strætó bs. mikinn kostnað vegna hraðahindrana?
2. Hvaða tvær nýju býflugutegundir hafa numið hér land?
3. Fyrir hve margar krónur voru fluttar inn vörur frá Ísrael í fyrra?



EASYJET Hvetur önnur flugfélög til að fylgja forðæmi sínu. NORDICPHOTOS/AFP

Lággjaldaflugfélagið EasyJet:

Kemur sér upp öskunemum

BRETLAND, AP Breska flugfélagið EasyJet hefur sett sérstakan búnað í flugvélar sínar sem getur numið öskuský frá eldfjöllum.

Flugfélagið hvetur önnur flugfélög til að gera slíkt hið sama, svo safna megi nákvæmum upplýsingum um öskudreifingu á flugleiðum í Evrópu.

Útbúnaðurinn getur greint ösku í háloftunum í allt að hundruð kílómetra fjarlægð. Félagið ver einni milljón punda til þessa verkefnis og stefnir á að hafa komið búnaðinum fyrir í tólf flugvélum fyrir árslok. - gb

Síminn og Vodafone:

Frítt að hringja til útlanda

IDNADUR Viðskiptavinir Símans og Vodafone geta hringt frítt úr heimasímunum sínum til útlanda í dag og á morgun, í tilefni átaksins Inspired by Iceland.

Síminn tók af skarið á fimmtudagskvöld og sagði forstjóri fyrirtækisins, Sævar Freyr Þráinsson, að með því vildi fyrirtækið leggja sitt af mörkum til að átakið beri árangur.

Vodafone fylgdi svo í kjölfarið og Ómar Svavarsson forstjóri sagði sama hvaðan góð hugmynd kæmi. Málstaðurinn væri göfugur. - peb

Maður sem lést af mannavöldum í Reykjanesbæ var látinn þegar hann fannst:

Meintur gerandi í geðrannsókn

LÖGREGLUMÁL Rúmlega fimmtugur karlmaður sem lést af mannavöldum í maí í Reykjanesbæ var látinn á vettvangi þegar lögregla kom á staðinn, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. Áverkar voru á honum.

Rúmlega þrítugur karlmaður sem situr í gæsluvarðhaldi, grunnaður um verknáðinn, sætir geðrannsókn. Ýmis sýni sem tekin voru á vettvangi eru til rannsóknar bæði hér og erlendis. Hvorki liggja fyrir niðurstöður geðrannsóknarinnar né rannsóknar á sýnunum. Þá liggja niðurstöður úr



LÖGREGLAN Fórnarlambið var látið þegar lögregla kom á vettvang.

krufningu enn ekki fyrir. Eftir þessu er beðið.

Það var 8. maí sem atburðurinn átti sér stað. Lögreglan hefur ekki

viljað gefa upplýsingar um málið vegna rannsóknarhagsmuna og verður svo enn um hríð, að sögn Jóhannesar Jenssonar yfirmanns rannsóknardeildar lögreglustjórans á Suðurnesjum. Hann segir rannsókninni miða ágætlega.

Hópur vitna hefur verið yfirheyrður, auk mannsins sem grunnaður er um verknáðinn. Ellert Sævarsson, 31 árs, hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald til 14. júní. - jss

Nýr meirihluti í Fjarðabyggð:

Meirihlutastarf staðfest

STJÓRN MÁL Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur hafa náð saman um myndun meirihluta í bæjarstjórn Fjarðabyggðar á komandi kjörtímabili. Samþykkt hafa verið drög að málefnaáhrifum en stefnt er að því að klára samninginn á næstu dögum.

Jón Björn Hákonarson, oddviti Framsóknarflokks, verður forseti bæjarstjórnar og Jens Garðar Helgason, oddviti Sjálfstæðisflokks, verður formaður bæjarráðs. Auglýst verður eftir bæjarstjóra. - mpj

Umhverfis landið

Engin Hátíð hafsins

AKRANES Hátíð hafsins verður ekki haldin hátíðleg á Akranesi í dag eins og gert hefur verið síðustu ár. Hátíðin var blásin af í sparnaðarskyni, en eftir efnahagshrunið voru framlög til viðburða á vegum Akranessbæjar lækkuð. Ákveðið var að hætta við Hátíð hafsins en haldið verður í Írsku daga, sem haldnir eru fyrstu helgina í júlí ár hvert. Skipulögð dagskrá verður þó á morgun, sjómannadaginn, en bæjarfélagið kemur ekki að þeirri skipulagningu.




Löndunarsvindl á Suðureyri

SUÐUREYRI Þrjú menn voru handteknir eftir að upp komst um löndunarsvindl á Suðureyri á þriðjudag. Fiskistofa hafði fylgst með fiskvinnslunni Íslandssögu um nokkurt skeið vegna gruns um að þar væri afla landað fram hjá vigt. Á þriðjudag var fylgst með löndun vélbátsins Valgerðar BA, en starfsmenn Fiskistofu þóttust vera erlendir sjóstangveiðimenn til að vekja ekki athygli. Þá kom í ljós að aðeins hluti aflans var vigtaður, en um tonn af þorski var ekki vigtað. Því var kallað á lögreglu, sem handtók þrjú menn og yfirheyrði þá. Um var að ræða verkstjóra fyrirtækisins, skipstjóra bátsins og starfsmann Ísafjarðarhafna.



Hátíð í stað landsmóts

SKAGAFJÖRÐUR Þar sem Landsmóti hestamanna hefur verið aflýst vegna hestapestarinnar sem nú gengur yfir hefur verið ákveðið að halda þess í stað Sæluviku að sumri. Hátíðin verður haldin sömu daga og landsmótið átti að fara fram, enda var búið að undirbúa móttöku þúsunda gesta. Alls kyns atburðir verða í boði í Skagafirði þessa viku, meðal annars stórdansleikir, barokkhátíð og kynbótasýning á vegum Hrossaræktarsambandsins.



Þrjú fikniefnamál á þremur dögum

VESTMANNAEYJAR Lögreglan í Vestmannaeyjum handtók mann á sextugsaldri á fimmtudag eftir að um þrjátíu grömm af hassi fundust í fórum hans. Maðurinn var á leiðinni til Vestmannaeyja með Herjólf, en hann er í fangageymslu á meðan málið er í rannsókn. Á miðvikudag fundust fimm skammtar af amfetamíni á víðavangi í bænum. Efnin voru í söluumbúðum samkvæmt upplýsingum frá lögreglu og ekki hefur verið haft uppi á eiginna efnanna. Þá var maður á fimmtugsaldri stöðvaður fyrir akstur undir áhrifum fikniefna á þriðjudag. Hann var handteknir og við húslit fundust kannabisefni.

Miðla heyi til bænda undir Eyjafjöllum

SUÐURLAND Samtök bænda og sveitarfélögin Rangárþing eystra, Mýrdalshreppur og Skaftárhreppur hafa sett á stofn heymiðlun. Heymiðlunin á að tryggja þeim bændum sem ekki geta aflað sér viðbótarheya vegna gossins í Eyjafallajökli aðgang að góðu heyi. Sveinbjörn Jónsson, bóndi í Lambey, er umsjónarmaður heymiðlunarinnar en fulltrúar frá Búnaðarsambandi Suðurlands og Bændasamtökunum eru faglegir ráðgjafar í málinu.



Hreinsunarstarf vegna eldsvoða á Fljótsdalshéraði

EGILSSTAÐIR Hreinsunarstarf hefur staðið yfir alla vikuna í Fellabakari í Fljótsdalshéraði, en það stórskemmdist í eldi um síðustu helgi. Hreinsunarstarfið hefur gengið vel, en vinnslusalur bakarísins slapp alveg við skemmdir og því verður bakaríð starfrækt þaðan fyrst um sinn. Lengra er í að hægt verði að nota skrifstofur, pökkunarsal og búðina sjálfa.

Þarfaping

Kortaboxin eru nýjung á Íslandi. Hvert box geymir 20 mismunandi tvöföld kort og jafnmörg umslög. Textinn á baki kortanna er á fjórum tungumálum: íslensku, ensku, þýsku og frönsku.



ICEBOX - 20 gullfallegar jöklamyndir eftir Helga Björnsson, jöklafræðing.

ERRÓBOX - 20 bráðskemmtileg portrettmálverk eftir meistara Erró.

HORSEBOX - 20 stórkostlegar myndir af íslenskum hrossum sem Ragnar Th. Sigurðsson ljósmyndari tók.

Það er einkar þægilegt að hafa þessar gersemar við höndina til að grípa í þegar tilefni gefst.



Upplögð gjöf handa vinum heima og erlendis



Sjómenn, til hamingju með daginn!





TÍÐINDALITLIR DAGAR Fátt ber til tíðinda í dýragarðinum Como í St. Paul, Minnesota í Bandaríkjunum, þar sem eldri órangútanapinn situr á staur en sá yngri bíður fyrir neðan. NORDICPHOTOS/AFP

Fyrirmyndarfangar eru vistaðir í fangelsinu á Bitru í Flóahreppi:

Fangar vinni við að rækta skóg

FANGELSISMÁL Unnið er að því að útvega tveimur til þremur föngrum úr fangelsinu á Bitru vinnu við skógrækt á jörðinni.

Vegna skorts á fangelsisplássum tók ríkið nýlega á leigu stórt íbúðarhús í Bitru í Hraungerðis-hreppi í Flóa og fimm hektara af jörðinni undir fangelsi. Þar eru vistaðir fangar sem áður voru á Litla-Hrauni og er talið treystandi til þess að afplána sína dóma í umhverfi þar sem öryggisgæsla er ekki jafnströng og á Litla-Hrauni.

Á öðrum hluta jarðarinnar, sem er í eigu sérstaks félags og teng-

ist ekki fangelsisrekstrinum, hefur verið stunduð skógrækt undanfarið ár. Að sögn Margrétar Frimannsdóttur, forstöðumanns Litla-Hrauns, er þar afgirt spilda þar sem búið er að gróðursetja skógarplöntur. Nú er unnið að því að semja um að tveir til þrír fangar frá Bitru geti fengið störf við skógræktina.

- PG

BITRA Fangelsi er nú starfrækt í Bitru í Flóahreppi skammt austan við Selfoss.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Danska ríkið opnar reikning:

Frjáls framlög í ríkissjóð leyfð

DANMÖRK Þeir Danir sem telja sig ekki greiða nógu háa skatta hafa nú fengið lausn mála sinna. Danska ríkið hefur opnað banka-reikning sem allir geta greitt inn á frjáls framlög í ríkissjóð, telji þeir sig aflögufæra.

Troels Lund Poulsen, ráðherra skattamála, segist reyndar ekki reikna með því að viðbótarframlög skattgreiðenda muni duga til að leysa fjárhagsvanda ríkisins, en í gær höfðu tíu manns nýtt sér þennan möguleika og greitt samtals 500 danskar krónur til ríkisins.

- gb

Endurmat í kjölfar kosninga

Samfylkingin tapaði töluverðu fylgi í sveitarstjórnarkosningunum og telja margir flokksmenn að endur-mats sé þörf. Staða varaformanns veiktist en hann gæti bjargað sér fyrir horn í nýjum meirihluta.

FRÉTTASKÝRING

Hvernig stendur Samfylkingin eftir kosningarnar?

Alls tapaði Samfylkingin nokkru fylgi í kosningunum og þó forsvarsmenn hennar horfi til smærri sveitarfélaga úti á landi, þar sem árangur var betri og sigrar unnust, verður ekki horft fram hjá fylgistapinu. Það verður að einhverju leyti skýrt með þátttöku í ríkisstjórn á erfiðum tímum, en flokksmenn kalla margir hverjir eftir endurmati.

Þrátt fyrir skellinn í kosningunum segja margir heimildarmenn blaðsins að niðurstaðan hafi verið viðunandi. Okkur gekk ágætlega, er viðkvæði sumra, en þeir áttu þá von á enn verri úrslitum. Þeir benda á þá staðreynd að Vinstri græn töpuðu einnig fylgi, þrátt fyrir að flokknum verði traudla kennt um hrúnið. Ríkisstjórnarsamstarfið skýri því niðurstöðuna, ekki aðkoma flokksins að hruninu.

Þó niðurstaðan hafi ekki komið mönnum í opna skjöldu skók hún marga. Samfylkingarfólki sviður að Sjálfstæðisflokkurinn landi meirihlutum jafn víða og raun ber vitni. Engu að síður er hugur í þeim flokksmönnum sem Fréttablaðið ræddi við.

Ljóst er að úrslit kosninganna í Reykjavík eru flokknum gríðarleg vonbrigði. Samfylkingin hlaut þar 19,1 prósent atkvæða og þrjá borgarfulltrúa. Flokkurinn tapaði einum fulltrúa frá kosningunum 2006, en þá hlaut flokkurinn 26,9 prósent atkvæða. Það þótti ekki ásættanlegur árangur og því er tapið nú flokknum erfitt.

Ekki hjálpar til að varaformaðurinn, Dagur B. Eggertsson, leiðir listann í Reykjavík. Niðurstaðan þar þykir hafa veikt hann í sessi, en gott gengi flokksins í nýju meirihlutasamstarfi við Besta flokkinn gæti styrkt stöðu hans á ný.

Skortur á framtíðarsýn er það sem heimildarmenn blaðsins nefna helst sem galla hjá flokknum. Það eigi í raun bæði við um menn og málefni. Flokkurinn þurfi að leggja yfir pólitíkina sína og skerpa á áherslum. Hann þykir ekki hafa nægilega skýra stefnu og hafa tapað tiltrú hluta kjósenda sinna.

Nokkur mótsögn er í því að margir flokksmenn telja að skerpa þurfi á forystunni, en eru engu að síður mjög ánægðir með Jóhönnu Sigurðardóttur sem formann. Hún er einn fárra stjórnámalamanna sem enn nýtur trausts. Morgunljóst er þó að hún er á leið út úr



GLATT Á HJALLA Jóhanna Sigurðardóttir og Dagur B. Eggertsson fögnuðu ákaft þegar þau voru kjörin formaður og varaformaður á landsfundi flokksins í fyrra. Nú er kallað eftir skarpari pólitík hjá flokknum.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

pólitík, það er aðeins spurning um hvenær hún yfirgefur sviðið.

Óljóst er hver tekur við. Ef meirihlutasamstarf Samfylkingar og Besta flokksins verður farsælt gæti staða Dags styrkst. Aðrir sem nefndir eru til sögunnar eru helst þeir Árni Páll Arnason og Guðbjartur Hannesson. Hvorugur þeirra er líklegur til að

bjóða sig fram gegn sitjandi varaformanni.

Niðurstaða kosninganna er vissulega ekki góð fyrir Samfylkinguna, en hún þykir að mörgu leyti viðunandi. Ástandið er því talið ágætt hjá flokknum og náist að skerpa á ýmsum atriðum eru menn bjartsýnir á að flokknum gangi vel.

kolbeinn@frettabladid.is



LÖGREGLUMADUR Á VETTvangi Morðinginn flúði af vettvangi. NORDICPHOTOS/AFP

Skotárás í Brussel:

Myrti dómara og dómritara

BELGÍA, AP Maður nokkur skaut bæði dómara og dómritara í réttarsal í Brussel á fimmtudag. Síðan hraðaði hann sér út og fannst ekki fyrr en eftir nokkra leit.

„Hann var viðstaddur við upphaf réttarhaldanna,“ sagði Jean-Marc Meilleur, talsmaður saksóknaraembættisins í Brussel. „Undir lok þinghaldsins tók hann upp byssu, hleypti af skotum og flúði síðan.“

Látni dómari hét Isabelle Brandon og dómritari Andre Belleman. Brandon var friðdómari og fékkst við minni háttar einkamál, sem oft varða nágrannadeilur eða uppgjör smærri skulda.

- gb



Mekatróník tæknifræði

Orku- og umhverfistæknifræði

„...mikil þörf er á fólki með hvers konar verk- og tækni-menntun, ekki síst á hugbúnaðar-, raf- og véltækni af ýmsu tagi. Vaxtargreinar okkar þurfa á svona fólki að halda.“

Jón Steindór Valdimarsson,
framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins
(31.05.2010)

Tæknifræði

Keilir býður upp á tvær þverfaglegar námsbrautir á háskólastigi í samstarfi við Háskóla Íslands; Orku- og umhverfistæknifræði og Mekatróník tæknifræði. Áhersla er lögð á verklega kennslu og úrlausn á raunverulegum verkefnum. Rannsókn- og tilraunaaðstaða er með því besta sem gerist. Góðir atvinnu-möguleikar að námi loknu.

Námið er lánshæft hjá LÍN.
Nánari upplýsingar á keilir.net

Umsóknarfrestur
er til 7. júní 2010.



HÁSKÓLI ÍSLANDS



Keilir
Miðstöð vísinda,
fræða og atvinnulífs

Samdráttur í gistingu:
Færri erlendir ferðamenn

FERÐAÞJÓNUSTA Gistinætur á hótélum hér á landi voru átta prósent færri í apríl í ár en í fyrra. Samdrátturinn er rakinn til erlendra ferðamanna, gistinóttum þeirra fækkaði um ellefu prósent en hlutur Íslendinga er svipaður og í fyrra. Á Norðurlandi og Suðurnesjum fjölgaði gistinóttum en á Vesturlandi og Vestfjörðum var samdrátturinn um 26 prósent. Á höfuðborgarsvæðinu fækkaði gistinóttum um 10 prósent. - pg

Nýtt og langdrægt farsímanet tekur við af NMT-kerfinu í byrjun september:
Ómar saknar ekki hins gamla

TÆKNI „Mér líst mjög vel á þetta enda komnir litlir og öflugir farsímar sem draga langt,“ segir fjölmiðlamaðurinn Ómar Ragnarsson og bætir við að hann sakni ekkert sérstaklega NMT-farsímakerfisins, það nýja sé betra. Síminn slekkur endanlega á NMT-kerfinu 1. september næstkomandi og tekur langdræga 3G-netið þá við. Staðið hefur til að leggja NMT-kerfið niður síðastliðin þrjú ár en því ítrekað verið slegið á frest. Síminn hefur verið að leggja niður NMT-stöðvar með skipuleg-

um hætti upp á síðkastið samhliða uppbyggingu 3G-netsins. Frekari frestur verður ekki gefinn. Margrét Stefánsdóttir, upplýsingafulltrúi Símans, segir unnið að því að hafa samband bæði símleiðis og bréfleiðis við jeppafólk sem notar NMT-kerfið og sjómenn sem ekki hafa fært sig yfir á nýtt kerfi. „Fyrir suma þeirra, einkum smábáta sem veiða á svæðum sem GSM-kerfið dekkar, dugur að vera með GSM-síma. Hinir hafa smátt og smátt verið að skipta út búnaðinum. Það gengur vel og viðtökur sjómanna eru mjög góðar,“ segir

Nýja kerfið

Venjulegur farsími sem styður við þriðju kynslóð í farsímatækni á 900 MHz tíðnisviði (merktur 3G L) á að duga venjulegum notendum sem áður nýttu sér NMT-kerfið. Jeppamenn og aðrir sem fara utan alfaraleiðar ættu hins vegar að setja útiloftnet á bíla sína til að bæta símasambandið.

hún en með nýju kerfi geta sjómenn nýtt nettengingar eins og þeir væru í landi. - jab



SÍTENDUR Ómar Ragnarsson er með fyrstu og þekktustu farsímaeigendunum hér og var NMT-farsímahlunkur einkennismerki hans um nokkurra ára skeið.



GATNAMÓTIN SEM HURFU Íbúar urðu felmtri slegnir en ekki er talið að neinn hafi farið. NORDICPHOTOS/AFP

Jarðfræðingar reknir á gat:

Jörðin gleypri gatnamót og verksmiðju

GVATEMALA, AP Gatnamót í Gvatemalaborg, höfuðborg Gvatemala, hurfu niður í þrjátíu metra djúpa holu sem myndaðist skyndilega þegar óveður geisaði þar á laugar- dag með úrhelli og roki.

Fataverksmiðja, sem stóð á einu götuhorninu, hvarf einnig niður í holuna og þykir mildi að enginn starfsmaður hafi verið staddur í húsinu.

Jarðfræðingar stóðu á gati þegar þeir voru spurðir um orsakirnar, en aurskriður ollu miklu tjóni víða um land í úrhellinu um helgina.

Grunur leikur þó á að hellir hafi verið undir gatnamótunum.

Fyrir þremur árum myndaðist sams konar hola við svipaðar aðstæður í aðeins tveggja kílómetra fjarlægð, og sukkur þá nokkur hús niður í hana. - gb

Einkabankinn í símann þinn á I.is

Nú getur þú sinnt bankaviðskiptum í símanum þínum, hvar og hvenær sem er. Það er einfalt að skoða yfirlit yfir stöðu reikninga og kreditkorta, framkvæma millifærslur, kaupa inneign fyrir GSM síma, sækja PIN-númer fyrir VISA kreditkort, greiða inn á kreditkort og fletta upp í þjóðskrá.

Farðu inn á I.is og prófaðu Einkabankinn í símanum þínum. Innskráning er með sama hætti og þegar farið er í Einkabankinn í tölvunni þinni. Þú skráir notendanafn, lykilorð og auðkennisnúmer og þar með er fyllsta öryggis gætt.



EINKABANKINN | landsbankinn.is | 410 4000



SAMFÉLAGIÐ

Útvarpsstöð gegn fordómum

Ný útvarpsstöð Ö-FM 106,5, sem rekin er af ungum hreyfihömluðum piltum, fór nýverið í loftið. Útvarpsstöðin hefur það að markmiði að útrýma fordómum í garð hreyfihaml- aðra með spaugið að vopni.



Sjómanna- og Norðfirðingafélagsins.

Hið árlega Sjómanna- og Norðfirðingafélagsins verður haldið á Kaffi Reykjavík 6. júní nk. kl. 15:00-17:00.

Hvetjum sem flesta til að mæta. Verð 1200 kr. frítt fyrir 6 ára og yngri.

Stjórn Norðfirðingafélagsins.

MBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280.

EINKABANKINN | I.IS

Ein og hálf milljón skilaboða voru send í gegnum tölvupóst og heimasíðu:

Mikill fjöldi sá myndbandið

IDNAÐUR 870 þúsund manns höfðu hlaðið niður myndböndum af heimasíðu átaksins Inspired by Iceland í gær. Langflestir höfðu hlaðið niður nýju landkynningarmyndbandi, eða 600 þúsund manns.

Átakið hófst fyrir rúmum tveimur vikum en náði nýjum hæðum á fimmtudag þegar íslenskur almenningur var hvattur til að senda fólki erlendis landkynningarmyndbandið. Á fimmtudagskvöld höfðu um ein og hálf milljón skilaboða verið send í gegnum tölvupóst og heimasíðu átaksins. Þá höfðu

um fimm milljón Twitter-skilaboð verið send og aðdáendasíða á Facebook hafði eignast um 17 þúsund vini. Víst þykir að fjöldinn muni aukast um helgina, að því er fram kemur í fréttatilkynningu.

Fjallað var um átakið í mörgum miðlum í Evrópu, Ástralíu og Bandaríkjunum á fimmtudag og þá hafa margir áhrifamiklir blogggar erlendis veitt því athygli.

- þeb

GEYSIR í myndbandinu eru ýmsir staðir landins sýndir, þar á meðal Geysir.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Fagnaðu sjómanna deginum með BKI kaffi

Sjómanna dagurinn er á morgun

Angan af kaffi kemur bragðlaukunum af stað og ilmurinn segir til um ríkt bragðið af BKI kaffi. Helltu upp á gott BKI kaffi.

Fyrsti sunnudagur júní-mánaðar er almennt frídagur sjómanna og er frídagurinn bundinn í lög.

Á sjómanna daginn liggja öll skip í höfn og er dagurinn því kjörinn til hátíðahalda þar sem þeim sem draga björg úr sjó er sérstaklega fagnað. Sjómanna dagurinn var fyrst haldinn hátíðlegur á Íslandi árið 1938 og hefur honum allar götur síðan verið fagnað með fjölbreyttri dagskrá.

Á sjómanna daginn eru sjómenn heiðraðir og það tíðkast að veifa fánum og fara í koddaslag yfir höfninni. Margir fara einnig til messu.

Hvort sem þú ert landkrabbi eða sjóari er sjómanna dagurinn tilvalið tækifæri fyrir gott BKI kaffi.

Bjóddu upp á hressandi BKI kaffi á sjómanna daginn.



BKI Classic

Sérvaldar baunir frá þekktustu kaffisvæðum heimsins tryggja hið mjúka bragð, lokkandi ilminn og fersklegt eftirbragðið.



BKI Extra

Snöggristað við háan hita. Þannig næst fram ríkara kaffibragð við fyrsta sopa en léttur og mjúkur keimur fylgir á eftir.

Kaupu BKI fyrir sjómanna daginn

Leiðsöguskóli sagður afvegaleiða nemandana

Endurmenntunarstjóri Háskóla Íslands segir Menntaskólann í Kópavogi villa um fyrir fólki með því að segja leiðsögunám við skólann vera á háskólastigi. Umsjónarmaður Leiðsöguskóla MK segist vísa öllum slíkum ásökunum á bug.

MENNTAMÁL „Það er ranglega farið með á hvaða menntunarstigi þetta nám er,“ segir Kristín Jónsdóttir, endurmenntunarstjóri Háskóla Íslands. Hún gagnrýnir Menntaskólann í Kópavogi fyrir að kynna Leiðsöguskóla MK sem nám á háskólastigi.

„Til þess að nám teljist háskólanám þarf það að vera við, eða í samstarfi við, og á faglega ábyrgð viðurkenndrar háskólastofnunar. Menntaskólinn í Kópavogi hefur enga samninga um það við neinn. Þarna er því vísvitandi verið að villa um fyrir fólki,“ segir Kristín Jónsdóttir.

Umsjónarmaður Leiðsöguskóla MK er Kristín Hrönn Þráinsdóttir. Hún hafnar fullyrðingum um að námið í leiðsöguskólanum sé ekki á háskólastigi og að verið sé að villa um fyrir nemendum með því að kynna námið sem slíkt. Stúdentsprófs sé krafist, eins og gildi í hóteltjórnumunarnám og Ferðamála-skóla MK. Um sé að ræða nám sem sé lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna og námskráin sé viðurkennd af menntamálaráðuneytinu.

„Árið 2004 var undirritaður samningur við Hólaskóla í ferðagreinum og það er samvinna við César Ritz Hotel Management. Á hverju ári útskrifast töluvert margir frá MK sem eru ekki í framhaldsskóla. Ef til vill er Menntaskólinn í Kópavogi rangheiti, kannski ætti skólinn að heita Menntastofnun Kópavogs,“ segir Kristín Hrönn.



KRISTÍN JÓNSDÓTTIR Endurmenntunarstjóri Háskóla Íslands segir óheiðarlegt að villa um fyrir fólki sem hyggst stunda leiðsögunám.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Að sögn Kristínar Jónsdóttur er námskrá Leiðsöguskólans útgefin af menntamálaráðuneytinu fyrir framhaldsskóla. Ráðuneytið hafi gert athugasemdir við að MK auglýsi námið á háskólastigi. Námið sé námslánshæft sem sérnám á framhaldsskólastigi.

Námið í Leiðsöguskóla MK er ekki metið inn í Háskóla Íslands. Leiðsögunám Endurmenntunar HÍ er hins vegar metið inn í hugvísindadeild skólans og í ferðamálafræði. Kristín Jónsdóttir segir

námið í skólunum tveimur ekki sambærilegt. Leiðsögunám Endurmenntunar HÍ hófst árið 2008. „Okkar nám er mótað í samstarfi við bestu háskólakennara og öll vinnubrögðin eru á akademísku háskólastigi,“ segir hún.

Kristín Hrönn segir hins vegar að námið í MK sé hagnýtara fyrir þá sem ætli að starfa við leiðsögn. „Þetta hefur verið kennt hér í yfir fjörutíu ár og það er alltaf verið að finnstilla,“ segir umsjónarmaður Leiðsöguskóla MK.

- gar

Allir bæjarfulltrúar nema fyrrverandi bæjarstjóri mynda meirihluta á Álftanesi: Stefna að sameiningu við Garðabæ

ÁLFTANES Þrátt fyrir að Sjálfstæðisflokkur hafi fjóra af sjö bæjarfulltrúum á Álftanesi og þar með meirihluta í bæjarstjórn hefur flokkurinn myndað meirihluta með bæjarfulltrúa Framsóknarflokks og bæjarfulltrúa L-lista.

„Með aukinni samvinnu í bæjarstjórn eru þeir sammála um að hagur og velferð íbúanna verði tryggður á sem bestan hátt, meðal annars með aðgerðum sem stuðla að því að álögur á íbúa lækki sem allra fyrst,“ segir í sameiginlegri yfirlýsingu bæjarfulltrúanna.

Álftaneslistinn, sem var með meirihluta í bæjarstjórn Álftaness þar til í fyrrahaust, fékk aðeins einn bæjarfulltrúa kjörinn og er hann eini bæjarfulltrúinn sem ekki er með í nýja meirihlutanum. Sá er Sigurður Magnússon, fyrrverandi bæjarstjóri.

Samkvæmt yfirlýsingu nýja meirihlutans verður leitað eftir sameiningu Álftaness við Garðabæ. Ráðningarsamningur við Pálma Þór Másson bæjarstjóra verður framlengdur út þetta ár.

„Fyrir fund í bæjarráði og bæjarstjórn munu verða undirbúningsfundir þessara aðila með það að markmiði að auka samvinnu og gera bæjarráðs- og bæjarstjórnarfundir skilvirkari,“ segir nýi meirihlutinn sem kveðst munu endurskoða yfirlýsingu sína þegar fjárhaldsstjórn hefur lokið sinni vinnu. Auk



NÝIR MEIRIHLUTI Snorri Finnlaugsson, Kristinn Guðlaugsson, Kjartan Örn Sigurðsson og Hjördis Jóna Gísladóttir úr Sjálfstæðisflokki mynda meirihluta ásamt Einari Karli Birgissyni úr Framsóknarflokki og Guðmundi G. Gunnarssyni af L-lista.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

þess sem Sjálfstæðisflokkur á fjóra fulltrúa í bæjarstjórn hefur fulltrúi L-listans, Guðmundur G. Gunnarsson, verið bæjarfulltrúi flokksins þar til nú að hann bauð sig fram undir merkjum L-lista eftir að hafa verið hafnað í prófkjöri.

- gar

Gróft brot gegn valdstjórn:

Beit, skallaði og klóraði lögreglu

DÓMSMÁL Ríkissaksóknari hefur ákært konu um tvítugt fyrir brot gegn valdstjórninni. Henni er gefið að sök að hafa að kvöldi 12. október 2008 ráðist með ofbeldi á lögreglukonu, sem var við skyldustörf. Atvikið átti sér stað utan dyra í Breiðholti.

Að því er segir í ákæru klóraði konan lögreglukonuna og beit hana í vinstri hönd. Skömmu síðar beit hún lögreglukonuna aftur og skallaði. Lögreglukonan hlaut bæði bitsár, mar og sár eftir klórið. - jss



ALDRADAR ÍTALSKAR KONUR Ítölsk stjórnvöld fara sér of hægt.

NORDICPHOTOS/AFP

Ítalir frá ákúru frá ESB:

Eftirlaunaaldur kvenna of lágur

BRUSSEL, AP Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins krefst þess að ítölsk stjórnvöld hraði hækkun eftirlaunaaldurs kvenna.

Ítalska konur í starfi hjá hinu opinbera geta nú komist á eftirlaun við sextugsaldur, en karlar þurfa að bíða þangað til þeir verða 65 ára.

Þessi munur stangast á við reglur Evrópusambandsins.

Ítalir höfðu ætlað sér að hækka eftirlaunaaldur kvenna í nokkrum áföngum til ársins 2018, en að mati framkvæmdastjórnarinnar yrði sú breyting of hægfara. Ítalir verða að breyta þessu strax eða sæta dagsektum. - gb

Nýjar tölur frá Hagstofunni:

Vöruskiptajöfnuður jákvæður

EFNAHAGSMÁL Vöruskiptajöfnuður í maí var jákvæður um 16,8 milljarða króna samkvæmt bráðabirgðatölum sem Hagstofan birti í gær. Útflutningur var 52,4 milljarðar króna en innflutningur 35,6 milljarðar króna.

Það sem af er ári er vöruskiptajöfnuður því jákvæður um 54,5 milljarða króna. - mþl



Háskólinn
á Akureyri
University
of Akureyri



VERTU VELKOMIN/N Í NÁM VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI

GRUNNNAÐM - FRAMHALDSNAÐM - FJARNNAÐM

Auðlindafræði

Fjölmíðlafræði

Heilbrigðisvísindi

Heimskautaréttur

*Hjúkrunarfræði ***

*Iðjubjálfunarfræði **

*Kennarafræði **

- (leik- og grunnskólastig)

Kennslufræði til kennsluréttinda

*Líftækni **

Lögfræði

Menntunarfræði

Nútímafræði

Samfélags- og hagpróunarfræði

Sálfræði

*Sjávarútvegsfræði **

*Umhverfis- og orkufræði **

*Viðskiptafræði **

Þjóðfélagsfræði

* Einnig í boði í fjarnámi ** Í boði í fjarnámi frá Akranesi

Engin skólagjöld, skrásetningargjald fyrir skólaárið kr. 45 þúsund.

www.unak.is

Umsóknarfrestur er til 5. júní.

Tenerife

Flugsæti 4. janúar

Verð frá **89.000 kr.***
og 15.000 Vildarpunktar

fyrir flug fram og til baka með flugvallarsköttum.

* Verð án Vildarpunkta: 99.000 kr.

9 brottfarir frá okt. til jan.

Vikulegt flug frá 1. feb til 5. apr.

Kynntu þér ferðamöguleikana og skráðu þig í netklúbbinn á VITA.is



Vildarklúbbur

Þú getur notað
Vildarpunktana
hjá okkur

Hjá VITA getur þú lækað verð á ferðinni þinni um allt að 10.000 kr. með 15.000 Vildarpunktum. Auk þess eru veittir 2.500 Vildarpunktar fyrir allar keyptar ferðir í leiguflugi með VITA. Þannig öðlast þú stöðugt fleiri tækifæri til þess að njóta lífsins.

vita


VITA er lífið

VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is



10 stk
Fjólur
799

6 stk
Stjúpur
599
stærri og flottari!



AFMÆLISHÁTÍÐ



Stór
Afmælis-
blómvöndur
1990

Matjurta-
plöntur
Ræktaðu þinn
eigin matjurtagarð
Mikið úrval: m.a blómkál, rauðkál,
kryddkál, grænkál, gulrófur,
vorlaukur, fennel, spínat,
selleri, klettasalat,

Matjurtir
4 stk í bakka
349
6 stk í bakka
499



4 stk í bakka
Margaríta
999



Birkikvistur
799




67stk
Birki
2990
takmarkað magn



Öll önnur
gróðurmold
25%
afsláttur

50 ltr Jonkind
gróðurmold
999
~~1599~~
vnr.10333653





...saman í
4  ár

Í BLÓMAVÁLI

LAUGARDAG OG SUNNUDAG



Kíkið í afmæli
og hittið okkar
frábæra starfsfólk
um helgina!

Velkomin í afmælis
KAFFIHLAÐBORD
í Kaffi Garði Skútuvogi

FRÍTT
fyrir afmælisgesti
laugardaginn
kl. 14:00 - 16:00



Laugardag í Skútuvogi

Sveinn Aðalsteinsson, Björn
Gunnlaugsson og Magnús Bjarklind
kynna bókina "Vinnan í garðinum"
milli kl. 11:00 og 14:00

Frábær
garðyrkjubók
Vinnan
í garðinum
999

Vinnan
í garðinum

Í öllum öðrum verslunum
Blómavals verður boðið upp á
afmælistuffins
á laugardaginn



Allir krakkar
fá íspinna frá
Emmess á
laugardaginn
um land allt




blómavali
heillandi heimur

Skútuvogur - Grafarholt - Dalvík - Akureyri
Egilsstaðir - Selfoss - Reykjanesbær - Akranes

Starfshópur samgönguráðuneytisins skilar af sér skýrslu um strandsiglingar:

Strandsiglingar álitlegur kostur til vöruflutninga

SAMGÖNGUR Strandsiglingar eru álitlegur kostur fyrir vöruflutninga á Íslandi. Þetta er meginmörðurstaða skýrslu starfshóps samgönguráðuneytisins sem kynnt var í gær.

Stungið er upp á þremur mögulegum siglingaáætlunum í skýrslunni, en ein þeirra er talin sérstaklega álitleg. Sá kostur felur í sér siglingu á milli Reykjavíkur og Akureyrar með viðkomu á Ísafirði. Hugsanlega væri einnig komið við á Sauðárkróki og Patreksfirði. Gert er ráð fyrir að slík sigling tæki fimm daga og senni-

legt þykir að töluverður sparnaður fylgdi því að nota þessa flutningsleið borið saman við flutninga á landi.

Kristján L. Möller samgönguráðherra sagði á blaðamannafundi sem haldinn var af þessu tilefni að til væru áhugasamir aðilar í landinu sem hefðu mikið rætt við sig um strandsiglingar. Sagðist hann vonast til þess að einhver þeirra væri tilbúinn til að fara í verkefnið á markaðslegum forsendum en að hið opinbera þyrfti að huga að málinu með umhverfis- og umferðaröryggismál í huga auk þess sem

minna slit á vegum myndi að mati skýrsluhöfundar spara hinu opinbera 200 milljónir á ári.

Strandsiglingar á Íslandi lögðust af árið 2004 og mestallir þungaflutningar fara nú fram með vörubílum. Rætt hefur verið um endurupptöku þeirra allar götur síðan. Samgönguráðherra sagði í dag að skýrslan ætti að klára þá umræðu og vonaðist eftir að niðurstaðan yrði sú að þetta væri hægt. „Annaðhvort komum við strandsiglingum í gang núna eftir þessa skýrslu eða við viðurkennum bara að það sé ekki hægt.“

- mpl



ÁLITLEGUR KOSTUR Lagðir eru til vöruflutningar milli Reykjavíkur og Akureyrar.



SIGLT Á ÁNNI Þessir ballettklæddu nemendur tóku þátt í árlegri siglingakeppni í borginni Tübingen í Þýskalandi í vikunni. NORDICPHOTOS/AFP

Komið og Dansið stendur fyrir dansleikjum á Ingólfstorgi

sunnudaginn 6. júní kl. 14.00 - 16.00 og

sunnudaginn 13. júní n.k. kl. 14.00 - 16.00

Þar gefst tækifæri til að bregða fyrir sig dansfætinum eða fylgjast með góðri tónlist af geisladiskum.

Fjölbreytt dansaval!

Allir velkomnir

**KOMIÐ OG
DANSIÐ!**

Lífugum upp á
miðborgina

DANSHÖLLIN

Drafnarfelli 2 111 Reykjavík
kod@komidogdansid.is

www.komidogdansid.is

Nýr forsætisráðherra í Japan:

Þarf að endur- vekja traustið

JAPAN, AP Japanska þingið kaus í gær Naoto Kan næsta forsætisráðherra landsins. Forveri hans, Yukio Hatoyama, sagði af sér í vikunni þegar ljóst var orðið að honum



NAOTO KAN

tækist ekki að standa við stóru kosningaloforðin, svo sem að losa íbúa eyjunnar Okinawa við óvinsælan flugvöll Bandaríkjahers.

„Verkefni mitt er að byggja upp þessa þjóð að nýju,“ sagði Kan, sem var fjármálaráðherra í stjórn Hatoyamas.

Kan er 63 ára, hefur þótt yfirlýsingaglaður, jafnvel kallaður lýðskrumari, en á langa reynslu að baki í stjórnmálum.

Mikilvægasta verkefni Kans næstu vikurnar verður að endurvefja traust almennings á stjórninni og stjórnarflokknum fyrir þingkosningar, sem haldnar verða í næsta mánuði.

- gb

Auglýsingasími

512 54 01



Allt sem þú þarft...



STARFSMENNTARÁÐ

Styrkir vegna starfsmenntunar

Starfsmenntaráð auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna starfsmenntunar í atvinnulífinu, sbr. lög nr. 19/1992 um starfsmenntun í atvinnulífinu. Til úthlutunar eru 55 milljónir króna. Eingöngu er tekið við umsóknum á rafrænu formi.

Umsóknir falli í annan hvorn flokkinn:

Flokkur A

Fræðsluverkefni sem stuðla að atvinnusköpun og fela í sér nýsköpun og þróun. Kostur er að um samstarf ólíkra aðila sé að ræða, t.d. frumkvöðla, framleiðenda og seljenda. Umsækjendur geta verið samstarfsskylar, félög og fyrirtæki og aðrir sem stunda sprotastarf.

Flokkur B


Þróunarverkefni á sviði fræðslu, ráðgjafar eða þjálfunar sem miða að því að vinna gegn neikvæðum áhrifum breytinga í kjölfar efnahagskreppu s.s. vegna breytinga á störfum, stöðu einstaklinga á vinnumarkaði og á starfsemi fyrirtækja og stofnana. Niðurstöður verkefna verða að hafa almenna skírskotun og geta yfirfærst á önnur svið.

Gerð er krafa um samstarf við samtök atvinnurekenda og launafólks við gerð og framkvæmd viðkomandi verkefnis.

Áhersla er lögð á að verkefni sem sótt er um styrk til séu vel undirbúin og umsóknir vandaðar.

Umsóknarfrestur er til 15. ágúst 2010.

Nánari upplýsingar eru á heimasíðu Starfsmenntaráðs www.starfsmenntarad.is



REYKJAVÍK Í GÆR Öskumistur byrgði mönnum sýn í allan gærðag. Svifryksmengun í borginni jafnaðist á við mengun á gamlárskvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ PIJETUR

Skyggni lítið í dökku öskumistri á Suðurlandi:

Búist við öskumistri yfir Reykjavík áfram

VEÐUR „Hér er blæjalogn, milt og stillt veður, en dökkt yfir, aska á öllu. Ég sé aðeins sex hús, rétt niður í miðja næstu götu,“ segir Aðalheiður Sæmundsdóttir, íbúi á Hvolsvelli, í gærkvöld. Hún fer ekki úr húsi án grímu og þá aðeins inn í bíl. Hún segir öskuna ná inn í hús þótt gluggar sé lokaðir.

Öskumistur lá yfir öllu Suðurlandi og suðvesturhorninu og náði inn í Borgarfjörð í gær. Á Suðurlandi var skyggni lítið, minnst um hundrað metrar að talið var um miðjan dag á Hvolsvelli. Svifryksmengun fór þar í rúm 4.280 míkrogrömm á rúmmetra í gær. Heilsuverndarmörk eru fimmtíu míkrogrömm á rúmmetra. Fréttar

stofa Stöðvar 2 sagði í gærkvöldi hætt við að öskumistur verði viðvarandi vandamál í sumar, allt þar til snjóar í haust.

Svifryksmengun á höfuðborgarsvæðinu jafnaðist í gær á við mengun á gamlárskvöldi og fór skyggni niður í 1.500 metra. Svifryksmengun fór yfir 1.400 míkrogrömm á rúmmetra en var komin niður í 1.125 undir kvöld.

Veðurstofan spár austlægrí átt í dag undir Eyjafjöllum og hvassast um tíu metrum á sekúndum. Þá má búast við minna öskufalli á höfuðborgarsvæðinu og stöku síðdegisskúrum. Ekki er þó útilokað að öskumistur verði yfir borginni þótt það verði sennilega eitthvað minna en í gær.

- jab



Náttúrulega góður

Frumskýnum nýjan metanbíl, Mercedes-Benz B-Class NGT



Askja býður þér á frumsýningu á nýjum og umhverfismildum Mercedes-Benz B-Class NGT í sýningarsal okkar laugardaginn 5. júní kl. 12-16.

Mercedes-Benz B-Class NGT brennir bæði bensíni og metangasi. Hann er sérlega hagkvæmur í rekstri þar sem hver ekinn kílómetri á metangasi kostar 50% minna en þegar ekið er á bensíni.

Í ofanálág falla ekki önnur gjöld en virðisaukaskattur á Mercedes-Benz B-Class NGT vegna þess hversu umhverfismildur hann er. Þar af leiðandi getum við boðið hann á hagstæðara verði, en grunnútfærsla bílsins kostar aðeins **4.310.000 kr.**

Mercedes-Benz B-Class NGT er einkar rúmgóður og skemmtilega hannaður bíll í borgina. B-Class NGT fær að auki frítt bílastæði í 90 mínútur í senn í miðborg Reykjavíkur. Komdu og prófaðu.

Sjáðu Mercedes-Benz í nýju ljósi og þiggðu hjá okkur léttar veitingar. Við tökum vel á móti þér.

Mercedes-Benz



Áherzlur í atvinnulífinu breytast og menntunarkröfurnar með:

Tæknilandið Ísland

Það er eitthvað skrítið við samfélag sem vantar fólk í vinnu en er með marga á atvinnuleysisskrá,“ sagði Jón Ágúst Þorsteinsson, forstjóri Marorku, í samtali við Markaðinn, sérblað Fréttablaðsins um viðskipti, síðastliðinn miðvikudag.

Þar átti hann við að mörg fyrirtæki á sviði tækni og hönnunar vantar þjálfað starfsfólk sem er ekki til á íslenskum vinnumarkaði. Jón Ágúst segir eitt til tvö þúsund störf verða til á ári í hugverkaíðnaðinum sem nú standi undir fimmtungi af útflutnings- tekjum þjóðarinnar. Þar er átt við fyrirtæki eins og Marorku, Marel, Össur og mörg fleiri sem ganga vel og vaxa þrátt fyrir kreppu.

SKOÐUN

Ólafur P. Stephensen

olafur@frettabladid.is



Jón Ágúst bendir á að 28 milljörðum króna sé nú varið í atvinnuleysisbætur. Hann leggur til að peningunum verði að hluta til varið í að endurþjálfa

fólk á atvinnuleysisskrá, þannig að hægt sé að koma því í ný störf í tækniíðnaði. Hann segir að hér sé að verða grundvallarbreyting; Ísland sé að breytast úr landi frumframleiðslu í sjávarútvegi og landbúnaði í tækniland.

Í alþjóðlegum samanburði, sem einnig var birtur í Markaðnum á miðvikudaginn, kemur fram að Ísland er aftarlega á mennti meðal Vesturlanda hvað varðar hlutfall ungs fólks, sem menntað er í stærðfræði, vísindum og verkfræði. Svo aftur sé tekið dæmi af Danmörku, er hlutfallið þar rúmlega 16 prósent, en hér er það um tíu prósent.

Jón Ágúst bendir líka á að á íslenskum vinnumarkaði sé mikið af fólki með grunnþekkingu í atvinnulífi sem er að hverfa og á þar við landbúnað og sjávarútveg. Þetta eru greinar sem áfram munu skipta máli en vaxa klárlega miklu hægar en tækni- og hönnunargeirinn.

Námsframboð í framhalds- og háskólum verður að fylgja áherzlum atvinnulífsins og stjórnvalda. Þetta er eitt af því sem þarf að hafa í huga þegar stjórnvöld forgangsraða í menntamálum, sem nú er óhjákvæmilegt. Það væri til dæmis lítið vit í því nú, þegar umfangsmikill niðurskurður stendur fyrir dyrum í ríkiskerfinu, að leggja megináherzlu á að mennta fólk til að vinna hjá ríkinu. En þeim mun meira vit í að efla greinar sem mennta fólk til að starfa í sprotafyrirtækjum á sviði tækni og hönnunar – sem stjórnvöld segjast vilja styðja.

Samvinna menntakerfis og atvinnulífs verður að koma til, eigi fyrirtækin að fá fólk með menntun sem nýstist þeim. Endurmenntun fólks á atvinnuleysisskrá, sem Jón Ágúst leggur til, getur verið algjört lykilatriði til að draga úr atvinnuleysi, um leið og komið er til móts við þarfir atvinnulífsins. Hvorki hinar hefðbundnu framleiðslugreinar né hið opinbera munu skapa flest ný störf á komandi árum. Það verður tækni-, þekkingar- og hugverkaíðnaður sem verður vaxtarbroddurinn.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLÉLAG: 365 miðlar eht. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUFLÉLAG: Ari Ewald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



Sumargleði félagsmanna FAAS

Miðvikudaginn 9. júní mun FAAS - félag áhuga- fólks og aðstandenda Alzheimerssjúklunga og annarra með skylda sjúkdóma - fagna sumri með félagsmönnum og þeim sem hafa áhuga á að kynna sér félagið.

Gleðin verður haldin í Fríðuhúsi að Austurbrún 31 frá kl 17 til 19. Léttar veitingar í boði. Stefán Helgi Stefánsson söngvari tekur lagið

Vonumst til að sjá sem flesta

Með sumarkveðju, stjórn FAAS



AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

„Alls konar fyrir aumingja“ úrslit

Forsætisráðherra sýndi sterkustu viðbrögðin við kosningaúrslitunum fyrir viku. Hún sagði þau marka endalok „fjórðingsins“. Það þýðir endalok hennar eigin flokks. Þrátt fyrir þetta afdráttarlausu sjálfsmat sá hún á hinn bóginn enga ástæðu til að axla ábyrgð á þeirri stöðu.

Aðra ályktun er tæpast unnt að draga af þessari misvísun milli ummæla og athafna en þá að ráðherrann hafi einfaldlega ekki meint neitt með viðbrögðum sínum. Þeim var ætlað að gilda fyrir eina svipstund í sjónvarpi en ekki lengur. Ástæðulaust þótti að skýra út fyrir fólkinu í landinu daginn eftir hvers vegna engin ábyrgð fylgdi því sem sagt var.

Þetta sýnir í hnotskurn að



ÞORSTEINN PÁLSSON

margir þeirra sem mestu máli skipta í íslenskri pólitík virðast lítið hafa lært af því sem gerst hefur. Þetta er líka vísbending um að ríkisstjórnin ætli ekki að bregðast við kosningaúrslitunum með nýrri stefnumörkun af sinni hálfu eða með nýjum viðhorfum um breiðari pólitíska ábyrgð á endurreisn Íslands.

Sigurveggarar kosninganna í Reykjavík fóru fram undir kjöröðunum: „Alls konar fyrir aumingja.“ Þeir töldu Samfylkinguna besta fallna til samstarfs undir

þeim merkjum. Lítil ágreiningur virðist vera um það.

Stjórn málafræðingar allra háskóla keppast nú við að ráða í hina dýpri merkingu kjöröðanna. Flestir virðast á einu máli um að þau beri vott um kímningáfu. Forystumenn Reykvíkinga hafa allir lofað því að verða skemmtilegri á nýju kjörtímabili.

En var fólkíð að biðja um skemmtilega stjórnámamenn? Getur ekki eins verið að kosningaúrslitin hafi verið ákall um stjórnámamenn sem leggja meir upp úr ábyrgð en gríni og þrætubók? Stjórnámamenn sem hafa eitt-hvað að segja og meina það sem þeir segja. Stjórnámamenn sem kunna annað og meira en að gleypa vind almenningsáltsins.

Reykjanesviti landsmálanna

Reykjanesbær á eitt sammerkt með Reykjanesvitanum. Úrslitin þar eru ágætis leiðarljós í úfnum sjó við túlkun á niðurstöðum kosninganna með hliðsjón af landsmála- pólitíkinni.

Hreinn meirihluti sjálfstæðismanna hefur ráðið ríkjum í bæjarfélaginu í tvö kjörtímabil. Umsvif hafa verið mikil og fjárhagsþrengingar að sama skapi alvarlegar. Óvíst er að meirihlutinn hefði haldið ef fjárhagsmálefnið hefðu verið höfuðmál kosninganna.

Hitamálið í Reykjanesbæ laut hins vegar að grundvallarvið-

fangsefni landsmálapólitíkurinnar: Framkvæmd efnahagsáætlunar Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um orkunýtingu, orkufrek- an iðnað og möguleika á að nýta erlent fjármagn eftir að auðlindir og orkuframleiðsla voru aðskilin.

Hér höfðu frambjóðendur sjálfstæðismanna skýra sýn. Frambjóðendur Samfylkingar og VG voru á hinn bóginn fulltrúar hinnar dauðu handar ríkisvaldsins. Fólkíð veit að án nýrrar fjárfestingar í atvinnu- málum skapast ekki ný störf og velferðarkerfið verður ekki varið.

Úrslitin í Reykjanesbæ réðust af því að frambjóðendur meirihlutans

hagnýttu sér einfaldlega sterkan pólitískan vind með kröfum um verðmætasköpun. Á þessu mála- sviði er Samfylkingin hins vegar í fjötrum VG.

Haldi samstarf ríkisstjórnar- flokkanna áfram í sama fari má draga þá ályktun af úrslitunum í Reykjanesbæ að við lok kjörtímabilsins verði vindstrengurinn þaðan ríkjandi í flestum kjördæm- um landsins. Málefnalega eru þetta sterkustu skilaboð kosninganna.

Lærdómurinn er þessi: Meðan forsætisráðherrann kallar eftir stjórnlagabæingum kallar fólkíð eftir atvinnu.

„Erindisleysa með dugnaðarfasi“

Fleira þarf til en orkufrekan iðnað svo verðmætasköpun eflist á ný. Rétt er að nefna tvö lykilverkefni í því samhengi:

Eitt er að ná jöfnuði í rekstri ríkissjóðs. Það kallar á mikinn niðurskurð. Vinstri armur VG hefur nú hafnað því markmiði. Spurningin er: Ætlar forsætisráðherra að sitja áfram með því að fríðmælast við þá sem þannig tala? Þá fer illa.

Annað er að tryggja mesta mögulega stöðugleika í gjaldmiðlismál-

um. Sveigjanleiki krónunnar felldi fyrirtækin. Óbreytt ástand í þeim efnunum verður hindrun í vegi endurreisnar atvinnulífsins. Hvorki forsætisráðherrann né efnahagsráðherrann vita hvort þeir eru að koma eða fara í þeim efnunum. Þess vegna þora fáir að fjárfesta.

Hin hliðin á þessum tveimur málum er afstaða stjórnarandstöðuflokkanna. Hafa þeir skilning og afl til að leysa þá hnúta sem fjöttra ríkisstjórnarsamstarfið á þessum sviðum? Þó að stjórn-

arandstöðuflokkarnir hafi komist betur frá kosningunum nú en ríkisstjórnarflokkarnir losna þeir ekki við að svara þessum spurningum áður en langt um líður.

Standi þessi spurningamerki enn þegar gengið verður til alþingis- kosninga er eins víst að allt fari á sömu lund. Ódýr brandari verður að dýru spaugi. Hætt er við að pólitíkin verði þá eins og Fimmtatröð í tilfinningu Einars Ben.: „... uppgerðarasi og erindisleysa með dugnaðarfasi.“

Óskum sjómönnum
og fjölskyldum þeirra
til hamingju með daginn



© Ikea/ IKEA Systems B.V. 2010

IKEA

Í tilefni af Þjóðhátíðardegi Svía 6. júní bjóðum



Ókeypis íspinnar
fyrir börnin kl. 11-17



**Gos og grillaðar
pylsur kl. 11-17**

– þú ræður hve mikið þú borgar, þitt
framlag rennur óskipt til styrktar Grensás



**Wally the clown
og sirkusvinir hans**
kl. 12-14 og kl. 16:30-18:30



**Hoppukastalar fyrir alla
hressa krakka kl. 11-17**



**Leikhópurinn Lotta
sýnir Hans klaufa**
Laugard. kl. 11 og sunnud. kl. 16

FESTIVAL

við ykkur á **IKEA FESTIVAL** alla helgina



Festivalerta og kaffi 195,-



Ókeypis brunch
kl. 9-11



Ókeypis
andlitsmálun
kl. 11-17



Sumarblómamarkaður



Skráðu þig í **IKEA FAMILY**
klúbbinn þér að kostnaðarlausu
og snúðu lukkuhjólinu – flottir
vinningar og engin núll!



Sænskir réttir á hálfvirði



Valin sumarhúsgögn á tilboði.
Allt að 50% afsláttur



20% aukaafsláttur
í Umbúðalaust



Verslun opin **9:30** - 19 alla helgina – Veitingastaður opin **9** - 18:30

www.IKEA.is



Sjúkrabjálfun STYRKUR
hefur flutt starfsemi sína
í nýtt og glæsilegt húsnæði
að Höfðabakka 9

Sjúkrabjálfun Styrkur

Í sjúkrabjálfun Styrks starfa ellefu sjúkrabjálfarar með margþætta sérhæfingu.

Hjá okkur er boðið upp á einstaklingsmiðaða sjúkrabjálfun, alhliða endurhæfingu, sérhæfða hóppjálfun m.a. hjartahópa, gigtarhópa, parkinsonshóp, þjálfun fyrir einstaklinga í krabbameinsmeðferð og fleira.

Hafið samband í síma 5877750 til að fá ítarlegri upplýsingar um þjónustu okkar.

Styrkur - heilsurækt

Í sjúkrabjálfun Styrks er góð aðstaða til heilsuræktar í björtum og vel búnum tækja- og æfingasölum. Nauðsynlegt er að panta fyrsta tíma, þar sem sjúkrabjálfi leiðbeinir í tækjasal.

Tilboð til 1. ágúst 2010

Árskort í tækjasal á einstöku verði! - 25.000.-

Tilboð
Árskort

Okkar styrkur - ykkar styrkur
www.styrkurehf.is

Að trú á Guð en grýlur ei

Ein hjúskaparlög

Sigfinnur Þorleifsson

sjúkrahúsprestur á
Landspítalanum



*Já gott fólk
þetta heitir líka skilnaður
hjá okkur kynvillingunum
þið verðið bara að kyngja því*

(Ingunn Snædal, *Komin til
að vera, nóttin*, Bjartur 2009).

Hárbeitt kaldhæðni skáldsins hittir mig í hjartastað, gagnkynhneigðan prestinn. Í aldanna rás hefur kirkjan orðið að kyngja ýmsu, þegar hún sem stofnun viðurkenni með trega eftir á það sem í dag telst sjálfsagt og eðlilegt. Þar má nefna hlutskipti kvenna sem hallaði mjög á en lengi vel stóðu konur engan veginn jafnfætis körlum hvað varðar mannréttindi og gera ekki fyllilega enn. Þessa mismunun studdi kirkjan ljóst og leynt eins og sjá má til að mynda í orðum og gerðum helgisíðanna.

Séu þeir síðir skoðaðir þá er ljóst að um aldir var áherslan á undirgefni konunnar, og textar ritningarinnar valdir með það í huga að konan gerði sér ljósar skyldur sínar og stöðu líkt og ríkjandi viðhorf bauð. Þannig stendur til að mynda í hjónavígslurítúalinu í handbók presta frá 1852 með tilvísun í postulann Pál: „Kvinnurnar veri bændum sínum undirgefnar... eins og söfnuðurinn er Kristi undirgefinn, svo skulu og einnig kvinnurnar bændum sínum í öllu.“

Þannig voru viðteknar hugmyndir og hagsmunir feðrasamfélagsins teknar fram yfir orð Krists um frelsi manneskjunnar og jafnstöðu frammi fyrir Guði og náungunum.

Ég trú á Guð en grýlur ei, sagði þjóðskáldið forðum. Það er hægt að nota texta ritningarinnar til að ógna og hræða, allt veltur það á lesskilningi okkar og túlkunum. Ættum við ekki fremur að lesa fagnaðarerindið, eins og við nefnum boðskapinn um Krist, með Krist fyrir sjónum? Til blessunar

hjólabandinu eins og aðrir jafnréttáhr og fullgildir einstaklingar. Við beitum margvíslegum og misvitrum rökum, vitnum í lagabálka úr hinu gamla lögmáli, sem Kristur sjálfur hafnaði og við höfnum alla jafnan sjálf, vísum til hefðarinnar eins og hún sé óbreytanleg skikk Skaparans, og klæðum fordóma okkar í fleiri áþekka búnunga. Segjumst þó elska alla tilátunarlaust en viljum samt í nafni kærleikans að þau séu nákvæmlega eins og við í háttum sínum og hegðan.



Og samt stendur enn þá fast í koki sumra þjóna kirkjunnar að samkynhneigðir vilji eiga hlut í hjónabandinu eins og aðrir jafnréttáhr og fullgildir einstaklingar.

og vaxtar öðrum mönnum? Það var ekki að ófyrirsynju að Kristur dró saman öll boð og bönn og setti þau fram í kröfunni um að elska Guð og aðrar manneskjur og virða náungann á sama hátt og við kjósum að við séum virt. Þessi nálgun nægir mér, með henni verður mér m.a. ljóst (ég harma það að vísu að hafa ekki áttað mig á því miklu fyrr) að kynhneigð á ekki að greina okkur hvert frá öðru. Við erum öll manneskjur sköpuð í Guðs mynd og því óendanlega dýrmæt í augum hans.

Og samt stendur enn þá fast í koki sumra þjóna kirkjunnar að samkynhneigðir vilji eiga hlut í

Áður var vitnað til fortíðar í handbókartexta um hjónabandið frá árinu 1852. Í helgisíðabók íslensku þjóðkirkjunnar frá árinu 1910 kveður strax við annan og betri tón og nú er komið árið 2010 og þörfin brýn fyrir nýjan söng. Nú þegar fyrir liggur frumvarp á Alþingi um ein hjúskaparlög ætti kirkjan að taka því fagnandi. Í stað þess að heilsa samkynhneigðum með litla fingri vinstri handar fyrir aftan bak ættum við þjónar kirkjunnar að sjá sóma okkar í því að blessa hjónabönd þeirra með báðum höndum og mikilli gleði. Nema við viljum sitja ein að hjónaskilnuðum?

Hvernig á ég að byggja upp sparnaðinn minn?

Hvað skal fyrna, hvernig og til hvers?

Sjávarútvegsmál

Ólína Þorvarðardóttir

Þingmaður og varaformaður sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis



Margt hefur verið rætt og ritað um áhrif svokallaðrar „fyrningarleiðar“ á sjávarútveginn sem ýmsir spá falli verði leiðin farin. Nýleg skýrsla Háskólans á Akureyri staðfestir að svo þarf ekki að vera. Það veltur á útfærslunni og menn verða að vanda sig.

Í öllu þessu máli hefur borið á því að hugtök eru túluð með mismunandi hætti. Þetta torveldar umræðuna. Sumir hafa kosið að skilja tuttugu ára fyrningarleið þannig að núverandi kvótahafar verði „rændir“ þeirri „eign sinni“ sem þeir hafa sjálfir slegið á fiskinn í sjónum. Studningsmenn breytinganna leggja allt annan skilning í þetta mál.

Samráð við hagsmunaaðila

Stefnan segir til um að þær aflaheimildir sem innkallaðar verða muni renna í auðlindasjóð, þaðan sem þær verða leigðar út aftur gegn sanngjörnu gjaldi til þeirra sem stunda útgerð. Hvort við gerum þetta á tuttugu árum – eða innköllum allt í einu og endurúthlutun til langs tíma (12-15 ára) – er bita munur en ekki fjár. Aðal atriðið er að gjald komi fyrir nýtingarréttinn og að forræðið og eignarhaldið yfir auðlindinni sé ótvírætt hjá þjóðinni. Þetta er í anda þess sem stjórnar-

sáttmálinn kveður á um, og í anda þess sem landsfundur Samfylkingarinnar samþykkti fyrir síðustu kosningar. Markmiðið er að fiskveiðar umhverfis landið séu þjóðhagkvæmar og skapi verðmæti og störf en séu jafnframt í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar um verndun vistkerfa, lífríkis og hafsbots. Í stjórnarsáttmálanum er því heitið að endurskoðunin verði unnin í samráði við hagsmunaaðila í sjávarútvegi og miðað við að áætlun um innköllun og endurráðstöfun

úthlutun geti litið dagsins ljós fyrir tilsettan tíma. Ég gef mér það sem stjórnarþingmaður að ríkisstjórnin muni standa við það fyrirheit að sýna á spilin varðandi útfærsluna fyrir upphaf næsta fiskveiðiárs, og ekki degi síðar. Annað væri óásættanlegt með öllu.

Auðlind í eigu þjóðarinnar

En lítum þá á meginatriði málsins og byrjum á því sem allir virðast sammála um. Það eru í fyrsta lagi markmiðin. Þau eru að tryggja 1)

auðlindina og aðrar þjóðarauðlindir á borð við orku og vatn. Í skýrslu sem nýlega var unnin fyrir forsætisráðuneytið um auðlindanýtingu er talið brýnt að nýting auðlinda sé tímabundinn afnotaréttur sem ekki myndi eignarétt. Enn fremur fyrir afnot af auðlindum skuli koma gjald sem renni til ríkisins. Þetta er í fullu samræmi við þá stefnumótun sem sett hefur verið fram um breytingar á kvótakerfinu.

Þroskaðri umræða

Fram hafa komið hugmyndir um að þeir sem nú stunda útgerð muni geta notið forleiguréttar að tilteknum hluta aflaheimilda. Sú umræða tengist hugmyndinni (einni af mörgum) um að innkalla allar aflaheimildir á einu bretti og endur úthluta til langs tíma, e.t.v. 15 ára gegn stigvaxandi leigugjaldi. Þetta er eitt af því sem útfæra mætti í nánara samráði við hagsmunaaðila, en með þessu móti yrði eytt óvissu um afkomuhorfur, rekstrarumhverfi, fjárfestingar og markaði, svo dæmi sé tekið.

Ljóst má vera að fyrirhugaðar breytingar þurfa ekki að vera það þrættuþæpli sem ætla mætti af harkalegri umræðu liðinna mánaða. Eitt hefur nefnilega áunnist við þær tafir sem orðið hafa á störfum viðræðunefndarinnar – það er að umræðan hefur þroskast og línurnar skýrst. Vonandi mun það fljótlega renna upp fyrir jafnvel hörðustu hagsmunaaðilunum að hér er til mikils að vinna, ef vel tekst til. Það veltur á vilja og réttisýni þeirra sem að málinu koma, ekki síst hagsmunaaðila sem nú eiga þess kost að vinna með stjórnvöldum.

Veldur hver á heldur.



Flestir hljóta að vera sammála um gildi þess að samræmi sé milli þess hvernig farið er með fiskveiðiauðlindina og aðrar þjóðarauðlindir á borð við orku og vatn.

taki gildi í upphafi fiskveiðiársins 1. september 2010.

Stjórnvöld hafa gert sitt ítrasta til að standa við þetta fyrirheit. Samráðið hefur staðið yfir í allan vetur við hagsmunaaðila í greininni. Fulltrúar LÍÚ stukkðu fljótlega frá borði og hafa ekki komið að því síðan. Eftir sátu þó flestallir aðrir hagsmunaaðilar (um 20 manns), samráðsnefndin hélt áfram störfum og mun nú vera á lokaspretti sinnar vinnu. Því er þó ekki að leyna að sú töf sem varð á störfum nefndarinnar gerir það að verkum að frumvarp um heildarendurskoðun fiskveiðistjórnkerfisins mun ekki koma fram á yfirstandandi vorþingi. Ég leyfi mér þó að vona að áætlun um innköllun og endur-

ótvírætt eignarhald og fullt forræði þjóðarinnar yfir auðlindum hafsinns, 2) þjóðhagslega hagkvæmni og sjálfbæra nýtingu, 3) jafnræði við úthlutun veiðiheimilda og þar með atvinnufrelsi í samræmi við álit mannréttindanefndar SP, og 3) að eyða óvissu um rekstrarskilryði sjávarútvegsfyrirtækja með hlutlægum leikreglum og auknu gagnsæi við úthlutun veiðiheimilda.

Flestir virðast sammála um að fiskveiðiauðlindin sé og eigi að vera sameign íslensku þjóðarinnar. Því er brýnt, í ljósi reynslunnar, að festa ákvæði um þjóðareignina í stjórnarskrá.

Flestir hljóta að vera sammála um gildi þess að samræmi sé milli þess hvernig farið er með fiskveiði-

AF NETINU

Þrír upplagðir skattar



Annar hver Íslendingur er á jeppa, því að benzín er of ódyrt. Í viðlögum er einfalt að hækka

benzínskatt. Menn borga þannig fyrir notkun, keyra minna og eignast sparneytnari bíla. Miklu einfaldari en akstursskattur, sem kostar nýtt skráningar- og innheimtukerfi, svartan kassa í hvern bíl. Mér finnst ríkið hæglega geta náð þarna í tíu milljarða til viðbótar á ári. Einnig má færa fjármagnstekjuskatt nær tekjuskatti og sækja þar aðra tíu milljarða. Loks þarf að koma á auðlindagjaldi og afla þar tuttugu milljarða. Þetta prent kemur jafnvægi á ríkissjóð án frekari niðurskurðar á velferðinni.

jonas.is

Jónas Kristjánsson

Rökleysa gegn persónukjöri

Nú virðist vera búið að slá [af] persónukjör, að því er sagt er, vegna ótta við að hlutfall kynja verði ójafnt. Þetta er auðvitað fullkomin rökleysa. Fyrir það fyrsta, ef við gefum okkur að það sé sátt meðal kjósenda um að jafnt hlutfall kynja sé af hinu góða – sem ég ímynda mér að sé raunin – þá er auðvitað engin ástæða til að ætla annað en að kjósendur kjósi jafnt hlutfall kvenna við persónukjör.

Ef reyndin væri hins vegar sú að ekki sé almennur vilji fyrir því jöfnu kynjahlutfalli, þá er það einfaldlega allt annað mál og þarf að skoða út af fyrir sig – og í miklu stærra samhengi.

blog.eyjan.is/valgardur

Valgardur Guðjónsson

Reynslumiklir ráðgjafar sem vinna að þínum markmiðum

Fræðsla og áreiðanlegar upplýsingar eru öllu öðru mikilvægari til að þú getir tekið réttar og upplýstar ákvarðanir varðandi fjármál þín. Í verðbréfa- og lífeyrisþjónustu Arion banka starfar öflugur og reynslumikill hópur sérfræðinga sem veitir viðskiptavinum faglega þjónustu varðandi sparnað í sjóðum, lífeyrissparnað og verðbréfavíðskipti.

Við ætlum að gera betur

Arion banki

Því fer sem fer

Leikskólavistun

Pórður Ingi Guðjónsson
islenskufraeðingur



Eftir úrslit borgarstjórnarkosninganna varð einum forystumanna flokkanna að orði að líklega væru stjórnámálemennirnir búnir að missa tengslin við kjósendur sína – fólkið í borginni. Ég hygg að þar hafi viðkomandi hitt naglann á höfuðið. Hér á eftir fer dæmi um hin rofna tengsl.

Fyrir tveimur árum (2008) – í tíð fráfarandi meirihluta – var svokallaður systkinaforangangur afnuminn þegar kemur að innritun barna á leikskóla. Systkinaforangangur er kannski ekki heppilegt hugtak, en hann hefur í stuttu máli tekið mið af þeirri eðlilegu ósk foreldra að systkini fái að ganga í sama leikskóla. Það mun víst hafa farið í taugarnar á sumum foreldrum sem ekki áttu fyrir barn á tilteknum leikskóla að litlu yngra barn fékk örlítinn forgang (fór örlítið framur í röðina) til að geta verið í sama skóla og eldra systkini. Þessum foreldrum hraus hugur við því að þurfa kannski að fara lítið eitt lengra með barn sitt í annan skóla en þann sem settur hafði verið í fyrsta val. En þetta var á árunum fyrir hrun, þegar eigingirnin var allsráðandi – ég um mig frá mér til mín: „Hvers vegna ætti mér ekki að standa á sama þó að einhver systkini fái ekki að vera í sama leikskóla“. Og borgarfulltrúar stóðu ekki í fæturna. Þeir kusu að taka þröng sjónarmið fram yfir

sjálfsögð réttindi barna (systkina) og foreldra þeirra. Því fer sem fer.

Árið 2008 var tekið upp vélrænt kerfi, þar sem eingöngu er horft á kennitölu barnsins sem bíður eftir leikskólaplássi og aðeins litið til þess leikskóla sem valinn var sem fyrsti kostur. Ekki er tekið nokkurt tillit til þess hvort barn eigi eldra systkini í leikskóla. Barn sem fætt er mjög seint á ári getur því varla reiknað með að komast í sama leik-

ist umhverfisvæn stefna að foreldrar keyri (tvisvar á dag) á milli leikskóla hverfisins (borgarinnar) með börn sín.

Það er sama hvern maður hittir, allir eru furðu lostnir yfir þessum breyttu áherslum Reykjavíkurborgar við innritun barna á leikskóla. Erfiðast hefur okkur foreldrunum þó reynst, mér og konu minni, að skýra út fyrir 4 ára dóttur okkar hvers vegna „litli bróðir“ fer ekki í sama leikskóla og hún.

“Fyrir utan þann rétt sem mikilvægastur er allra og snýr að börnunum sjálfum, að fá að ganga í þann leikskóla þar sem fyrir er eldra systkini, sjá allir hversu mikið óhagræði af því hlýst fyrir foreldra að hafa börn í fleiri en einum leikskóla.

skóla og eldra systkini. Fyrir utan þann rétt sem mikilvægastur er allra og snýr að börnunum sjálfum, að fá að ganga í þann leikskóla þar sem fyrir er eldra systkini, sjá allir hversu mikið óhagræði af því hlýst fyrir foreldra að hafa börn í fleiri en einum leikskóla. Starfsdagar leikskóla (en þá er börnum gert að vera heima) eru ekki hinir sömu milli leikskóla, og því geta foreldrar systkina á leikskólaaldri vænst þess að þurfa að „glíma við“ enn fleiri slíka daga. Sumarfrí eru heldur ekki samræmd milli leikskóla. Þetta kemur auðvitað niður á fjölskyldum – börnum jafnt sem foreldrum. Þá getur það varla tal-

Þar getum við líklega sjálfum okkur um kennt, þar sem við gerðum í sakleysi okkar ekki ráð fyrir öðru, og umræðan og eftirvæntingin á heimilinu eftir því (fyrir nú utan þann klaufaskap að vera eignast börn svona seint á árinu!). Við gerðum ekki ráð fyrir slíku óréttlátu kerfi – sem vinnur gegn börnum og foreldrum í borginni. En sem betur fer þurfa þeir sem koma slíkri óreglu á að endurnýja umboð sitt á fjögurra ári fresti. Það er aðhaldið sem við borgarþáur getum veitt kjörnum fulltrúum, – ekki síst ef okkur finnst þeir hafa „misst tengslin“. Og því fer sem fer.

Öllu sem grær skal eytt

Umhverfismál

Margrét Jónsdóttir
eftirlaunaþegi



Við landnám þakti gróður landið að þremur fjórðu hlutum þess, þar af var skógur um 40% af gróðurþekjunni. Nú þekur gróður landið sem nemur fjórðungi af stærð þess, reyndar gatslitið, þar af skógur um 2%. Stærsta manngerða eyðimörk í heimi. Landgræðslan hefur barist við gróðureyðinguna í heila öld og hefur tekist að bæta við einu til tveimur prósentum, trúlega. Ein af þeim landgræðsluþlöntum sem dugað hafa best er lúpínan. Þar sem hún nemur land myndast mjög frjósamur jarðvegur og þegar fram líða stundir nema aðrar plöntur þar land og lúpínan hörfar.

Þar sem fjárbeit er, þrífst ekki lúpína, þar sem kindur eru sólgar í hana og éta hana upp til agna ef hún stingur upp kollinum. Lúpínan er því góð til beitar.

Nú hefur umhverfismálaráðherra, flokkssystir frægs lúpínuandstæðings, ákveðið að eyða þessari frábæru plöntu með kjafti og klóm. Jafnvel nota til þess eitur. Og hvers vegna? Jú, hún endurgerir rýra, gatslitna móa þar sem aðeins lyng vex. Lyngið er jú ein af þremur algengustu jurtum þessa lands og vex helst í næringarsnaudum jarðvegi þar sem aðrar tegundir eiga erfitt uppdráttar. Það er sem sagt lyngið sem hverfur í sumum tilfellum og hvað með það?

Ég hefði nú frekar viljað sjá ráðherrann huga að öðru í sveit-

um landsins en að eyða gróðri, svo sem eins og að banna lausagöngu búfjár og koma því öllu í beitarhólf. Leyfa engar undanþágur á sinubruna, friða allt kjarr, fylla alla skurði sem eru eins og skotgrafir um allt land og banna þessar plast-rúllubýggingar sem eru eins og risavaxin æxli út um allar grundir. Koma þeim í hús, reisa veggir í kring, setja háar tyrfðar moldarmanir eða gróðursetja í kring. Þá væri það verðugt verkefni fyrir hann að sjá til þess að láta hreinsa ruslið af landinu oftar en einu sinni á ári. Þvílík ruslakista sem allt landið okkar er orðið.

Það eru reyndar fleiri plöntur sem fara í taugarnar á þessum svokölluðu „umhverfissinum“, nefnilega kjörvell, hvönn og ösp. Allt jurtir sem vaxa vel hér á landi og gætu hugsanlega grætt það upp. Ekki má svo gleyma því að þær má borða og nota í lyf alls konar og síðast en ekki síst nýta asparviðinn.

Ég ætla ekki að hafa mikið fleiri orð um þessa fátallega frétt, að eyða eigi lúpínunni úr lífríkinu, þeirri frábæru jurtt sem bætt getur jarðvegin og grætt upp eyðimörkina okkar. Og það upp á hálandinu! Ég hélt að ekki veitti nú af að græða einmitt upp þar, þar sem mestallur gróður er fokinn, ásamt moldinni, út í veður og vind. Ég hélt líka að við hefðum eitthvað þarfara með peningana og tímann að gera, heldur en að eyða því sem getur vaxið hér í eyðimörkinni.

En ég bið til Guðs, ef endilega á að fara út í þennan dapra stríðsleik, að nota ekki til þess eitur. Nýtið lúpínuna heldur til beitar og lyfjagerðar. Nýtið svo hinn holla og góða kjörvel til manneldis.

Ég vil *persónulega* þjónustu í bankanum mínum

Framfaraspör

Tæknifrjógungun

Álfheiður Ingadóttir
heilbrigðisráðgjafi



Fólk sem býr við skerta frjósemi fékk í vikunni mikla réttarbót þegar Alþingi samþykkti breytingar á lögum um tæknifrjógungun. Ég mælti fyrir frumvarpi um þetta efni á þinginu í mars sl. og hlaut málið góðar undirtektir við umræður þar. Kveikjan að frumvarpinu var fyrirspurn þingkonunnar Önnu Pálu Sverrisdóttur frá síðasta hausti um rétt einhleypna kvenna til þess að fá gjafaegg.

Nýju lögini fela í sér að einhleypum konum sem búa við skerta frjósemi verður heimilt að nota bæði gjafa-

egg og gjafasæði við glasafmjógun. Hið sama gildir um gagnkynhneigð og samkynhneigð þör, þar sem frjósemi beggja er skert.

Áður var eingöngu heimilt að nota gjafaeggfrumu við glasafmjógun ef sæði kom frá verðandi föður. Þetta kom sérlega illa við einhleypar konur og konur í sambúð með annarri konu. Gerðar voru kröfur um að notaðar yrðu kynfrumur frá karlinum eða konunni við tæknifrjógungun.

Fyrirspurnin sem hreyfði við þessu máli sýnir að gildrurnar geta leynst víða. Lög þurfa að vera í stöðugri endurskoðun og endurmati svo þau haldist í takt við breytta tíma og nýja samfélagsgerð. Þessari lagabreytingu ber sannarlega að fagna enda er hún skref í átt til aukins frjálsræðis og jafnréttis í samfélaginu.

AF NETINU

Borgin kvödd

Af einhverjum furðulegum ástæðum hefur fundarstjórn í borgarsalnum breyst í „virðingarsstöðu“ sem kallast „forseti“. Þetta er tildurembætti sem versnar stöðugt eftir því sem hlunnindum og vitleysu er hlaðið utan á það og skiptir ekki máli hvort vinstri bavianar eða hægri bavianar vilja komast í það. (Smit-sjúkdómur frá Alþingi.) Fundarstjórn er einfalt mál sem leysist með aðstoð embættismanna. Bíll, Höfði, ræður og glamúr sem engin rök eru fyrir passa ekki inn í þessa mynd. Mér finnst að borgarstjóri eigi að hafa bíl og bílstjóra til umráða vegna vinnutengdra erinda. Aðrir ekki. Punktur. [...]



Og já. Nú er tækifæri til að hætta að steypa hausa fyrirverandi borgarstjóra í mót og mála forseta borgarstjórnar á tveimur fermetrum sem ekkert pláss er fyrir hvort sem er. Ég ráðlegg þeim sem efast að skoða myndirnar af Albert Guðmundssyni og Magnúsi L. Sveinssyni sem hanga líklega uppi enn á pínlegum stað. Eftir allt farið síðustu átta ár skulda borgarfulltrúar útsvarsgreiðnum að hætta þessar delli. Sorri Árni Þór. Sorri Steinunn Valdis. Þetta er búið.

stefanjon.is

Stefán Jón Hafstein


LAND Í MÓTUN

Handhæg bók um
íslensk eldfjöll og jarð-
sögu eftir Ara Trausta
Guðmundsson og
Halldór Kjartansson.

Kjörin gjöf fyrir erlenda gesti
og aðra sem vilja vita hvaða
öfl skapa íslenskt landslag.



MÁL OG MENNING
www.forlagid.is



Þinn *eigin*
þjónusturáðgjafi

Viðskiptavinir okkar í vildarþjónustu Arion banka fá sinn eigin þjónusturáðgjafa sem setur sig inn í þeirra mál. Persónuleg þjónusta sem miðast við þarfir hvers og eins.

Við *ætum* að gera betur

Arion banki



HIM TILBOÐ

TRYGGÐU ÞÉR BETRI SÆTI FYRIR HIM

L A Z B O Y®



NÚNA
30%
AFSLÁTTUR



NÚNA
35%
AFSLÁTTUR

PINNACLE La-z-boy stóll.
B:85 D:90 H:104 cm. Fæst í brúnu,
svörtu, rauðu og hvítu leðri.

109.990
FULLT VERÐ: 159.980

MARTINI La-z-boy stóll. B:84 D:80 H:101 cm.
Fæst með svörtu og rauðu áklæði.

69.990
FULLT VERÐ: 109.980



NÚNA
30%
AFSLÁTTUR

ALICIA svefnsófi. Hacienda svart áklæði.
B:157 D:85 H:90 cm. DÝNA: 130 X 200 cm.

97.980
FULLT VERÐ: 139.980



NÚNA
55%
AFSLÁTTUR

HARBOR TOWN La-z-boy sófi.
B:195 D:95 H:103 cm.

149.990
FULLT VERÐ: 282.980



NÚNA
55%
AFSLÁTTUR

WILLOW 3 sæta sófi. Fæst með svörtu áklæði.
B:254 D85 H:65 cm.

59.990
FULLT VERÐ: 139.980



NÚNA
25%
AFSLÁTTUR

UMBRIA tungusófi. Fæst í svörtu leðri.
B:305 D:88/163 H:80 cm.
Fæst með hægri og vinstri tungu.

299.980
FULLT VERÐ: 399.980



NÚNA
35%
AFSLÁTTUR

BOSTON tungusófi. Fæst með brúnu og svörtu áklæði. B:240 D:153 D:95 cm.

129.980
FULLT VERÐ: 199.980



NÚNA
35%
AFSLÁTTUR

27.980
FULLT VERÐ: 44.980

NOCTURNE 315 með þykkri yfirdýnu, 25 mm svampur, millistíf dýna. Frotte áklæði sem hægt er að þvo við 60 gráður. Tvöfalt gormakerfi. Efra kerfi inniheldur 114 Bonell gorma á m². Neðra kerfi inniheldur 150 Bonell gorma á m². Verð er án fóta.

1.990
FULLT VERÐ: 4.012

GUARDIAN PAKKI F/ÚTIHÚSGÖGN
Inniheldur viðarolíu, viðarhreinsi, bursta, svamp og



1.590
FULLT VERÐ: 1.990

GUARDIAN viðarolía fyrir harðvið.

990
FULLT VERÐ: 1.499

GUARDIAN viðarhreinsir fyrir útihúsgögn.



6.990
FULLT VERÐ: 9.990

BODUM Ceylon ístekanna 3,0 ltr



2.990
FULLT VERÐ: 4.990

BODUM Kenya 3 bolla kaffikanna.

3.990
FULLT VERÐ: 5.990

BODUM Kenya 8 bolla kaffikanna.



KAJA bolli m/undirskál hvítur	480	690
KAJA hliðardiskur hvítur	480	690
KAJA matardiskur hvítur	550	790
KAJA súpudiskur hvítur	550	790



FINIR MEÐ HÚFURNAR Guðjón og Sölvi eiga báðir góðar minningar úr Menntaskólanum í Reykjavík þó að minnsta kosti sá yngri hefði viljað hafa betri aðstöðu til íþróttaiðkunar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Annar í útskriftarferð til Tyrklands – hinn austur fyrir fjall

Við brautskráningu stúdenta úr Menntaskólanum í Reykjavík nýverið vakti athygli að tveir nýstúdentar áttu afa í salnum í hópi 70 ára stúdenta. Annar þeirra er **Sölvi Prastarson** sem útskrifaðist af stærðfræðibraut, eins og afi hans, **Guðjón Ó. Ásgrímsson** gerði árið 1940. Sumt hefur breyst á 70 árum – annað ekki eins og **Gunnþóra Gunnarsdóttir** komst að í spjalli við þá langfeðga.

Aðal skólahús Menntaskólans í Reykjavík er enn það sama og árið 1940 og bjart yfir stúdentsáfanganum nú sem þá. Ólíkt er þó um að litast í borginni því vorið 1940 geislaði styrkjöld í Evrópu og Ísland var hernumið í sviptingunum. Guðjón kveðst hafa tekið lokaprófin í Alþingishúsinu því breski herinn hafði lagt undir sig skólann. „Ég man vel eftir 10. maí þegar bresku hermennirnir stigu á land í Reykjavík. Ég átti heima á Holtsgötunni og var að hjóla þaðan upp í Sundhöll þegar ég sá þá allt í kringum Herkatalann við Suðurgötuna. Ég býst við að mér hafi brugðið, þó mér sé það ekki minnisstætt nú.“

Sölvi er dóttursonur Guðjóns og konu hans, Svanlaugar Magnúsdóttur og hefur alist upp í Árbænum frá átta ára aldri. Skyldi hann hafa farið í MR til að feta í fótspor afans? „Ja, ekki bara til þess,“ segir hann brosandí. „Mér hefur alltaf gengið vel í stærðfræði og MR er góður stærðfræðiskóli. Við vorum sex Árbæingar saman sem fórum í hann og fjórir okkar voru að útskrifast þaðan.“

„Þegar ég var í MR voru þar bara tvær deildir, máladeild og stærðfræðideild, en nú nálgast þær tuginn,“ segir Guðjón. „Við vorum rúmlega 50 stúdentarnir árið 1940 en á þessu vori eru þeir rúmlega 200 svo fjölgunin er margföld. Mér fannst merkilegast hversu greiðlega gekk að útskrifa

þennan stóra hóp. Það var eins og allir vissu nákvæmlega hvað þeir ættu að gera. Allt var svo vel skipulagt, bæði verðlaunaafhendning og annað.“

Sölvi hefur orð á að kennslurými hafi aukist mikið í MR á 70 árum þótt hið forna og tignarlega aðal skólahús sé enn áberandi. „Já, áður komst maður líka í skólann án þess að troða sér en nú koma menn ekki bílunum fyrir,“ bendir afi hans á kankvís. Sölvi tekur undir það en segir samt sjarma yfir bílastæðinu sem sé malarplan og bílunum lagt þar á ská og skjön. Sjálfur kveðst hann aðspurður ekki eiga bíl þótt hann hafi átt langt í skólann, enda séu þeir dýrir í rekstri.

Haldið í hefðirnar

Hefðirnar í MR eru víðfrægar, tollerangarnar, hringjarann og Herranótt kannast þeir Guðjón og Sölvi báðir við. „Ég var lítið fyrir Herranótt,“ segir Sölvi og afi hans segir félagslífið í skólanum líka hafa farið fram hjá sér. Hann man þó eftir gangaslagnum en Sölvi upplýsir að sú hefð hafi verið aflögð nú vegna tveggja alvarlegra slysa á síðustu árum. „Þetta var fyrsti veturinn sem enginn gangaslagur var,“ segir hann og bætir við að núverandi rektor, Yngvi Pétursson, sé ekki alveg jafn fastur í hefðum og fyrirrennarar hans.

Í 5. bekk MR er yfirlétt farið í skólaferðalög og Sölvi kveðst hafa farið til Marmaris í Tyrklandi í fyrra. En hvað um afann? „Við fórum austur fyrir fjall – í

Selið. Svo fórum við líka eina ferð að setja niður kartöflur.“ (Hlátur) „Reyndar fórum við líka í útilegu austur í Þjórsárdal og tjölduðum nálægt Stöng. Það var mjög skemmtilegt. Við fórum á „Gamla Grána“ sem var hálfkassabíll, þar sátum við öll á pallinum á trébekkjum.“

Í framhaldi af þessari upprifjun er Sölvi spurður hvort MR-ingar fari enn í Selið. „MR-inga langar enn í Selið,“ svarar hann ákveðinn. „En það hefur aldrei verið opið á minni skólagöngu því það var komið í svo mikla niðurníðslu. Ég keyrði þar fram hjá um daginn og það leit ágætlega út að utanverðu. Ég held að allir styrkirnar sem skólanum bærust við útskriftina núna frá gömlu nemendaárgöngunum hafi verið eyrnamerkir Selinu svo áhuginn er mikill á að koma því í gott horf.“

Atvinnuleysi bæði þá og nú

Guðjón er fæddur 1921 og nálgast því níunda tuginn en ber aldurrinn vel. Hann býr í eigin húsi með sinni konu og ekki eru nema tólf ár frá því að hann lét af störfum hjá Ræsi þar sem hann hafði unnið á skrifstofunni samfleytt í 55 ár. Byrjaði 1943, meðan hann var enn í námi í viðskiptafræðideild Háskóla Íslands.

Nú telst framhaldsskóli röktrétt framhald af grunnskólanum og Sölvi segir ekkert annað hafa komið til greina hjá sér, en þótti sjálfsagt mál að Guðjón færi í menntaskóla þegar hann var ungl-

ingur? „Það kom nú einhver veginn af sjálfu sér og ég man ekki eftir neinum sérstökum metnaði í því sambandi. Kannski hef ég bara ekki verið nógu góður handverksmaður til að fara í Iðnskólann,“ segir hann yfirlætislaus. Guðjón segir foreldra sína ekki hafa verið langskólagengið fólk en man ekki eftir peningaleysi á skólaárunum því faðir hans hafi haft fasta vinnu við tollbátinn. „En það var mikið atvinnuleysi í borginni,“ rifjar hann upp og kveðst muna eftir sér í langri biðröð niðri við höfn að snapa vinnu. „Svo kom verkstjórnin og pikkaði menn út úr röðinni og veitti þeim vinnu en hinir urðu að snúa heim. Fyrir kunningskap var bent á mig. Þá var verið að lesta Súðina með kolum og við bárum kolapokana á bakinu.“

Guðjón kveðst hafa verið heppinn að fá vinnu sumarið 1940, fljótlega eftir stúdentsprófið. „Þá fór ég með gamla Selfossi til Kanada að sækja timbur. Skipið var hægengt og við vorum örugglega viku á leiðinni vestur. En mér leið svo vel í ferðinni að þetta er í eina skiptið sem ég hef safnað holdum!“ lýsir hann og telur hættuástand á hafinu vegna styrjaldarinnar ekki hafa verið komið á alvarlegt stig á þessum tíma.

Sölvi kveðst ekki vera í svona ævintýraleikum atriðum eins og afi hans í atvinnumálunum, þó geti hann talist heppinn að hafa fengið vinnu nú. „Ég er í þvottahúsum Landspítalanna í sumar og svo verður það bara háskólinn í

Margt sameiginlegt



Guðjón og Sölvi eiga ýmislegt sameiginlegt umfram blóðböndin:

- Báðir eiga rætur í Vesturbæ Reykjavíkur.
- Báðir fóru í Menntaskólann í Reykjavík.
- Báðir fóru í stærðfræðideild.
- Hvorugur skipti sér af Herranótt.
- Báðir fengu vinnu strax eftir stúdentspróf, þrátt fyrir atvinnuleysi.
- Báðir stefndu beint í Háskóla Íslands að afloknu stúdentsprófi.
- Báðir eru íþróttasinnaðir, sá eldri syndir á hverjum degi, sá yngri spilar fótbolta.

haust,“ segir hann og lítur bjartsýnn fram á veginn. Hann ætlar í jarðeðlisfræðideild. „Þar byggist námið aðallega á eðlisfræði og stærðfræði og ég hef gaman af þeim fögum. Ætla að reyna að taka einhverja verkfræðiáfangana með ef það er hægt,“ segir hann. „En ég var lengi að hugsa mig um því þetta er stórt skref.“

Sumargleði!

20%
afsláttur af
öllum vörum

fierra
GARÐURINN
-klæðir þig vel

KRINGLAN - SMÁRALIND
568 9234 544 2410

BOSS
HUGO BOSS

Sumargleði!

20%
afsláttur af
öllum vörum

HUGO BOSS
HUGO BOSS | KRINGLUNNI 533 4242

20 til 30%
afsláttur af öllum vörum

BOSS
HUGO BOSS

SAND **RALPH LAUREN**

B & S
KONUR

B&S | Kringlunni 553 4141

20%
af öllum vörum

TICKET TO HEAVEN
bisgaard
hummel
Founded since 1923
POLO RALPH LAUREN

ENGLABÖRNIN
Falleg fót á stelpur og stráka...
Kringlunni sími 552 2201

Alls konar borgarstjórar

Landskunnur grínisti og gamall pönkari var í gær kynntur sem næsti borgarstjóri Reykjavíkur. Óhefðbundnir borgarstjórar hafa komist til valda víðar og notið mismikillar velgengni. *Stígur Helgason* kynnti sér nokkra sem fóru ótroðnar slóðir og gera enn.

■ MARTA SUPLICZY

São Paulo, Brasilíu. Kjörin 2001 og hætti 2004.

Eina konan í þessari samantekt stýrði einni stærstu borg veraldar um þriggja ára skeið eftir aldamót. **Marta Supliczy** er aðalskona en hefur þó einkum talað máli fátækra í fjármálamiðstöð Suður-Ameríku, São Paulo, og sækir mest fylgi sitt til þeirra. Hún er einnig gallharður femínisti og stuðningsmaður réttindabaráttu samkynhneigðra í heimshluta þar sem margir karlar úr valdastétt eru ekki þar hrifnir af slíkum hugmyndum.

Það er hins vegar bakgrunnur Supliczy sem hefur vakið hvað mestan áhuga fólks á henni. Hún er sálfræðingur að mennt og varð fyrst þekkt í Brasilíu sem hispurslaus kynlífsráðgjafi í vinsælum sjónvarpsþætti. Æ síðan hefur hún reglulega laumað tvíræðum kynlífsvísunum í ræður sínar og viðtöl.



■ OSCAR B. GOODMAN

Las Vegas, Bandaríkjunum. Kjörin 1999 og er enn við völd.



Borgarstjóri höfuðstaðar fjárhættuspils í heiminum var á árum áður kallaður málpípa mafíunnar. Lögmaðurinn **Oscar B. Goodman** var enda einn þekktasti verjandi bandarískra mafíosa í 35 ár.

Hann er nú andlit Bombay-gins og þiggur fyrir það margmilljónir á ári sem hann gefur til góðgerðarmála. Frægt varð þegar níu ára drengur spurði hann í skólaheimsókn hvaða tvo hluti hann myndi vilja taka með sér á eyðieyju. Ekki stóð á svari frá Goodman: „Sýningarstúlku og flösku af Bombay-gini.“ Ekki vakti það minni athygli þegar hann sagði í viðtali að réttast væri að skera þumalinn af veggjakroturum í beinni sjónvarpsútsendingu. Honum virtist full alvara.

Goodman er þar að auki kvensamur og hefur verið gestaljósmyndari hjá Playboy. Árið 2003 var hann valinn gagnslausasti kjörni fulltrúinn í Bandaríkjunum af lesendum tímaritsins Review-Journal.

■ STUART DRUMMOND

Hartlepool, Englandi. Kjörin 2002 og er enn við völd.

Þegar **Stuart Drummond** ákvað að sækjast eftir borgarstjórastarfinu í Hartlepool á Englandi árið 2002 var hann algjörlega óþekktur. Hliðarsjálfi hans, apinn H'Angus, var hins vegar vel þekkt, enda lukkudýr knattspyrnuliðs borgarinnar.

Þótt nafn Drummonds hafi verið á kjörseðlinum var það í raun apinn H'Angus sem var í framboði, og það að undirlagi knattspyrnufélagsins. Apinn hafði eitt stefnumál – að gefa öllum börnum borgarinnar ókeypis banana – og tók engan þátt í hinni hefðbundnu kosningabaráttu. Öllum að óvörum sigraði H'Angus kosningarnar, fyrstur frambjóðenda í beinni kosningu í borginni. Drummond sagði í kjölfarið af sér sem lukkudýr, fór á stjórnunarnámskeið og hefur síðan verið endurkjörin í tvisgang.



■ BORIS JOHNSON

London, Englandi. Kjörin 2008 og er enn við völd.



Hárið eitt verðskuldar í raun þess í þessari samantekt. Beinhvítar, óbeislaðar lufurnar á höfði **Boris Johnson** Lundúna-stjóra eru þó ekki það einu sem greinir hann frá flestum kollegum sínum. Þessi fyrrverandi ritstjóri *The Spectator* og furðufugl hefur til dæmis nánast afbrigðilegan áhuga á reiðhjólum og einstakt lag á að koma sér í gagnrýniverðar aðstæður.

Hann hefur skrifað harðorðar greinar gegn íslamstrú og hjónaböndum samkynhneigðra, sætt lögreglurannsókn fyrir meintan þjófnað á vindlakassa aðstoðarmanns Saddams Husseins, sakað íbúa Papúa Nýju-Gíneu um mannát og sagt íbúa Liverpool-borgar búa yfir „einkar óaðlaðandi mannsanda“. Þá vakti það mikla athygli þegar borgarstjórnin tók þátt í góðgerðarknattspyrnuleik og tæklaði fyrrverandi landsliðsmann Þýskalands á afar ófyrirleitinn hátt, svo ekki sé meira sagt.

Boris nýtur hins vegar allmikilla vinsælda þrátt fyrir allt.

■ ANTANAS MOCKUS

Bogota, Kólumbíu. Kjörin 2001 og hætti 2003.

Sérvitringurinn **Antanas Mockus**, sonur litháískra innflytjenda, komst fyrst í fréttir í Kólumbíu árið 1994. Hann var þá stærðfræðiprófessor við háskólann í höfuðborginni Bogota og hafði gripið til þess óhefðbundna ráðs til að ná athygli óstýrilastra stúdenta að bera framan í þá rassinn. Segja má að það uppátæki hafi slegið taktinn fyrir pólitískan feril hans.

Eftir kjör hans sem borgarstjóri fór hann að sjást á götum úti íklæddur rauðgulum spandexgalla í gervi hins svonefnda Ofurborgara. Þetta gerði Mockus til að vekja almenning til vitundar um hvernig þeir gætu breytt umhverfi sínu til batnaðar. Hann hefur einnig farið í sturtu í beinni útsendingu til að kenna fólki að spara vatn og ráðið látbragðsleikara til að standa við umferðargötur og gera grín að lögbrjótum, enda sé fólk viðkvæmara fyrir háði en refsingum.

Mockus var vinsæll borgarstjóri, einkum meðal ungs fólks, og var valinn Lithái ársins 2004 af stærsta dagblaði Litháens. Mockus er nú kominn í lokaumferð kólumbísku forsetakosninganna sem lýkur senn.



■ LEONID CHERNOVETSKY

Kiev, Úkraínu. Kjörin 2006 og er enn við völd.



Fáir eiga betur heima á þessari blaðsíðu en ólíkindatólið **Leonid „Kosmos“ Chernovetsky**, borgarstjórnin í Kænugarði (hann er kallaður Kosmos með vísun í geiminn – hann hljóti að vera þaðan). Hann sneri sér að stjórn máli um eftir að hafa stýrt einum stærsta banka landsins um árabíl ásamt öðrum fjölskyldum meðlimum. Almanarómur hermír að nýir starfsmenn bankans hafi þurft að sæta lygaprófum og að þar hafi verið notaðar „óhefðbundnar innheimtuaðferðir“.

Chernovetsky hefur verið sakaður um að sinna embættisverkum sínum í fíkniefnavímu og verið látinn gangast undir geðrannsókn. Hann er fjáður mjög og í áraradír hélt hann uppi fílsungu í dýragarði borgarinnar með því að greiða til hans, mánaðarlega, þreföld mánaðarlaun sín úr eigin vasa. Unginn drapst í apríllok og svo virðist sem eitrad hafi verið fyrir honum. Í fyrra gaf borgarstjórnin út hljómplötu þar sem hann syngur ýmis þekkt lög frá níunda áratugnum.

Þegar spurningar vöknudu um líkamlega heilsu borgarstjórnarinnar í miðri kosningabaráttu hans við boxarann heimsfræga Vitali Klitschko brá hann á það ráð að halda blaðamannafund á sundskýlu til þess eins að sanna hreysti sína. „Kosmos“ er nú fádæma óvinsæll í Kænugarði.

■ EDI RAMA

Tirana, Albaníu. Kjörin 2000 og er enn við völd.



Hinn litrki stjórnandi Tirana Her sönnun þess að óhefðbundinn bakgrunnur og starfsaðferðir geta verið þrýðilegt veganesti fyrir borgarstjóra. **Edi Rama** er fyrrverandi landsliðsmaður í körfubolta og listmálari sem þrífst vel í sviðsljósinu. Hann er þekktur fyrir litskrúðugar skyrtur og í kosningabaráttu sinni steig hann á svið með raphljómsveitinni West Side Family og flutti með þeim þemalag kosningabaráttu sinnar, mikinn óð um Tirana.

Þegar Rama tók við taumunum var heldur lágt ris á Tirana. Með óvenjulega áræðnum aðgerðum hefur það snöggbreyst. Rama lét jafna flest ósjáleg hverfi við jörðu til að breikka götur og búa til iðjagræna almenningsgarða og lét einnig mála mörg gömul hús borgarinnar í einkennislitum sínum, gulum, grænum og fjólubláum.

Uppátækin hafa mælst misvel fyrir en hafa bætt laskaða mynd borgarinnar svo um munar. Fyrir vikið var Rama kjörin borgarstjóri heimsins árið 2004 og árið eftir var hann að finna á lista Time yfir 37 manneskjur sem stuðlað hafa að bættum heimi.

Verið velkomin að Sævarhöfða 2, kl. 12–16 í dag



 [landrover.com/
ourplanet](http://landrover.com/ourplanet)

NÝR LAND ROVER DISCOVERY 4



B&L • Sævarhöfða 2 • 110 Reykjavík

Glæpsamleg vanræksla eða slys?

Obama ýjar að glæpsamlegri vanrækslu en fulltrúar BP tala um hörmulegt slys. Daglega renna milljónir lítra út í Mexíkóflóa og óvíst er hvort takist að stöðva lekann fyrr en í ágúst. Umhverfið líður og olúfleckurinn er við strendur Flórída. Mikið hreinsunarstarf bíður og ljóst að óbætanlegt tjón hefur orðið. *Kolbeinn Óttarsson Proppé* skoðaði olúslýsið í Mexíkóflóa og afleiðingar þess.

Pað var ekkert sem benti til þess að nokkuð væri að á olúborpallinum Deepwater Horizon í Mexíkóflóa, þegar 20. apríl rann upp. Dagurinn leið eins og hver annar og starfsmenn sinntu sínu á vöktum. Þegar leið á kvöldið lagðist birgðaskipið Damon B. Bankston að pallinum og var tengt með slöngu. Um 20 starfsmenn unnu við borinn, sem var kominn tæpa fjóra kílómetra inn í berggrunninn, en hafðýpi á þessum slóðum er 1,5 kílómetrar.

Þegar klukkuna vantaði þrettán mínútur í nú um kvöldið heyrðu starfsmenn hviss og gerðu sér grein fyrir því að einhvers staðar lak metangas. Það er oft að finna í kringum olúlindir og þarf að hafa á því góðar gætur. Innan tveggja mínútna var þrýstingurinn í gaspípunum orðinn gríðarlegur. Rafmagn sló út og pallurinn hristist og skókst. Skipstjóri birgðaskipsins spurði um ástæðurnar og var tjáð að menn ættu í vandræðum með borholuna og hann skyldi færa skipið 150 metra í burtu.

Innan nokkurra mínútna var ljóst að ekki varð við neitt ráðið og neyðarbjallan glumdi. Verkamenn hlupu hver um annan þveran og í viðtölum hefur komið fram að mikil óreiða ríkti á pallinum. Yfirmenn gáfu skipanir þvert á skipanir annarra og enginn virtist gera sér grein fyrir því hver ætti að fara með stjórnina.

Eldur braust út og ekki varð við hann ráðið. Einn starfsmanna sendi út neyðarkall, en skipstjórnin á pallinum, Curt Kuchta, ávitaði hann fyrir vikið. Borpallurinn var búinn neyðarhnappi sem átti að loka borholunni. Yfirmenn gáfu ekki heimild til að hann væri notaður fyrr en klukkan 21.56, nú mínútum eftir að atburðarásin hófst. Neyðarhnappurinn hafði lítil áhrif.

Skömmu síðar varð gríðarleg sprenging sem henti mönnum til og frá. Ellefu létust.

Við tók enn meiri óreiða, menn hlupu í björgunarbáta sem sumir hverjir voru látnir síga þó þeir væru ekki fullir. Aðrir stukkuk einfaldlega fyrir borð, ríflega 20 metra fyrir ofan sjávarmál, til að forðast eldtungurnar sem risu um 80 metra upp í loft. Illa gekk að losa suma bátana frá pallinum og köstuðu margir sér úr þeim í sjóinn.

Olían streymir út

Deepwater Horizon logaði glatt, enda eldsmaturinn nægur. Tæpum tveimur dögum síðar sökk borpallurinn. Olúfleiðslurnar sem liggja niður að borholunni rofnuðu og olían flæddi óhindrað í hafid og hefur gert síðan.

Allar tilraunir til að stöðva rennslið hafa mistekist og er talið að á bilinu 80 milljónir til 170 milljónir lítra hafi þegar runnið út í hafid. Stjórnendur breska olúfélagsins BP hafa verið gagnrýndir fyrir fumkennd viðbrögð. Ýmislegt hefur verið reynt en ekkert gengið. Meðal annars var reynt að fylla lekar pípurar af golfkúlum og steypa fyrir, án árangurs.

Það segir sig sjálfst að óhægt er um vik að koma í veg fyrir slíkan olúleka á 1,5 kílómetra dýpi. Það hefur hins vegar vakið athygli að svo virðist sem enginn hafi gert ráð fyrir að slys af þessu tagi gæti hent. Metangas er stórhættulegt og þar sem það er í svo nánu sambýli við olúna verður að hafa á því góðar gætur og gera ráð fyrir því versta.

EKKI HAFÐI ORÐIÐ VART VIÐ GASIÐ FYRIR 20. APRÍL, ÞEGAR ÞAÐ BRAUST ÚT AF SVO MIKLUM KRAFTI. Í SVO FLÓKINNI STARFSEMI, VIÐ JAFN ERFIÐAR AÐSTÆÐUR OG Á JAFN VIÐKVÆMU SVÆÐI, ER HINS VEGAR EÐLILEGT AÐ GERA KRÖFU UM AÐ ÝTRASTA AÐGÁT SÉ VIÐHÖFÐ.

Brugðist of seint við?

Olúlekan er gríðarlegt umhverf-

VIÐ EKKERT RÁÐIÐ
Bandaríska strandgæslan reynir að hafa hemil á eldnum í Deepwater Horizon á Mexíkóflóa, en gríðarleg sprenging varð þar 20. apríl. Ekki varð við neitt ráðið og pallurinn sökk tveimur dögum síðar. Síðan hefur olía flætt óheft út í viðkvæmt lífríkið.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



MESTI OLÍULEKINN


Ekki sér fyrir endann á lekanum úr borholu Deepwater Horizon og þetta gæti hæglega orðið mesti olúleki í sögunni. Nú hafa á milli 80 og 170 milljónir lítra lekið úr holunni.

Mesti olúlekan hingað til varð á svipuðum slóðum árið 1979. Þá sprakk olúborpallurinn Ixtoc eftir gasleka. Hann var í eigu mexíkóska olúfélagsins Pemex. Líkindin með atburðunum tveimur eru sláandi. Gassprenging varð með litlum fyrirvara, fálmkennnd viðbrögð tóku við - raunar voru margar þeirra aðferða sem BP reyndi nú einnig reyndar þá, án árangurs - og olían lak óhindrað í sjóinn í tíu mánuði.

Þegar yfir lauk höfðu tæpir 530 milljónir lítra af olíu lekið í sjóinn. Olúfleckurinn þakti strendur Mexíkó og Texas og að endingu voru 275 kílómetrar af bandarískri strandlengju útaðir í olíu, með tilheyrandi afleiðingum.

Olúfleckurinn nálgast Flórída

Ekkert gengur að hemja olúlekan í Mexíkóflóa og flekkurinn gæti náð ströndum Flórída um helgina. Að skipun stjórnar Obama er hafin glæparannsókn á olúslýsini.



DÝR Í MESTRI HÆTTU

Eftirtaldir tegundir eru taldar vera í hvað mestri hættu vegna lekans;

- Bláuggatúnfiskur
- Sæskjaldbökur
- Hákarlar
- Hvalir og höfrungar
- Brúnn pelíkani
- Ostrur
- Rækjur og blákrabbi
- Meinhaddur
- Strandfuglar
- Farfuglar

isvandamál og stjórnvöld í Bandaríkjunum hafa þurft að grípa til umfangsmikilla aðgerða. Eins og stundum áður þóttu stofnanir vera svifaseinar og vanmetta vandann sem fyrir höndum var.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem ríkisstofnanir í Bandaríkjunum liggja undir ámæli af þessu tagi og nægir að minnast gagnrýni á FEMA, almannavarnastofnun Bandaríkjanna, í eftirmála feli-bylljarins Katarínu. Gagnrýnin gekk svo langt að hörðustu hægri öfgamenn, svo sem Glenn Beck, ýjuðu að því að Obama drægi lappirnar vísvitandi.

Obama hefur reynt að hrista af sér slyðruorðið og stofnað sérstaka aðgerðastjórn sem hefur umsjón með öllum aðgerðum stjórnvalda, bæði á sjó og landi. Þá hefur hann verið mjög harðorður gagnvart stjórnendum BP og kallað atvikið glæp af mannavöldum.

Hvíta húsið hefur nú sent BP reikning upp á 69 milljónir Bandaríkjadala, tæpa níu milljarða króna. Það telja stjórnvöld að sé 75 prósent af því sem breska olúfélagið skuldi þeim í dag. Ljóst er að kostnaðurinn á einungis eftir að aukast.

Nú þegar hefur fjöldi dýra drepist vegna olúlekans. Yfir 400 tegundir eru taldar í hættu vegna lekans og ljóst er að fiskistofnar á svæðinu eru í hættu. Þá er óttast að olían berist í örverur sem er undirstaða fæðu sumra dýra og kom-

ist þannig hærra í fæðukeðjuna. Þannig geti áhrifin orðið mun víðfeðmari en ella. Þá gæti olían borist út í Atlantshaf og borist víðar.

Tappi í gat

Eftir að ljóst var að golfkúlulausnin gekk ekki upp þurftu ráðamenn BP að grípa til nýrra lausna. Tíminn vinnur ekki með þeim þar sem daglega streyma úr borholunni rúmlega þrjár milljónir lítra af olíu.

Á fimmtudag sendu þeir kafbát að holunni sem sagaði skemmdu leiðslurnar frá henni. Í gær var gerð tilraun til að saga með demantssbláði, þar sem það gefur mun fínni skurð. Markmiðið er að setja síðan tappa eða hettu yfir búnaðinn og loka fyrir. Því fínni sem skurðurinn er því þéttari verður tappinn.

Ljóst var í gær að tilraunin með demantssögina hafði mistekist og því þurfti að nota grófara blað. Enn á eftir að setja tappann yfir og því ekki ljóst hvort tilraunin hefur tekist. Forsvarsmenn BP voru hins vegar keikur í gær og töluðu um tímamótavíðburð, þegar tókst að saga leiðslurnar í sundur.

Björninn er hins vegar fráleitt unninn því þó allt gangi eins og í sögu er ekki reiknað með að takist að stöðva lekann að fullu fyrr en í ágúst. Áhættan felst í því að við það að saga leiðslurnar í sundur jókst olúútsstreymið um 20 prósent. Þetta er því hættuspil, en áhættunnar virði að mati BP.

Áhrif á stjórnmálin

Olúlekan er eðlilega áberandi í þjóðamálaumræðunni vestanhafs. Gagnrýnendur Obama nýta hvert tækifæri til að koma á hann höggi, þó ekki gangi allir jafn langt og Glenn Beck í sínum samsæriskennningum. Málsmetandi menn hafa þó ýjað að því að stjórnvöld muni nýta sér atburðinn í eiginhagsmunaskyni.

Nú þegar hefur öll útgáfa nýrra borleyfa undan ströndum Bandaríkjanna verið sett á ís. Slíkar borholur hafa löngum verið umdeildar og þeir sem þóttu svartagallsrausarar vöruðu oft við því að einmitt slys eins og það sem varð í Mexíkóflóa gæti orðið. Það er ekki hlaupið að því að takast á við náttúruöflin í 1,5 kílómetra djúpum sjó, jafnvel á fellibyljasvæði.

Þá hefur atvikið áhrif á umræðu um olúvinnslu í Alaska, sem lengi hefur verið bitbein í bandarískum stjórnmálum. Obama hefur nú frestað útgáfu allra leyfa þar, en þar átti að hefja vinnslu undan ströndum ríkisins.

Jafnvel hafa menn talið að atvikið hefði áhrif á afstöðu Bandaríkjaþings gagnvart frumvarpi um minnkun útblástursgróðurhúsalofttegunda. Öll umhverfisslys eru sögð vekja umhverfisvitund og það gæti nýst Obama í þeirri umræðu.

Hvort svo verður skal ósagt látið og hvernig sem fer er ljóst að afleiðingar slyssins eru gríðarlegar.

FRUMSÝNUM NÝJA ÚTGÁFU AF EINUM
VINSÆLASTA SPORTJEPPA LANDSINS

QASHQAI+2



Nissan Qashqai hefur hlotið fleiri stig fyrir öryggi fullorðinna í árekstrarprófunum en nokkur annar bíll.

Nissan Qashqai hefur farið sigurför um Evrópu og verið mest seldi bíllinn í sínum flokki undanfarin misseri. Í dag kynnum við glænýja og mikið endurnýjaða útgáfu af þessum frábæra sportjeppa sem nú fæst líka í 7 manna útgáfu, **Qashqai+2**. Komdu við hjá okkur í dag, kynntu þér magnaðan fjölskyldubíl og mátaðu hvor útgáfan af Nissan Qashqai hentar þér betur.

**Sýning og reynsluakstur í dag
frá kl. 12 – 16**

Qashqai kostar frá:
4.990.000 kr.



NISSAN QASHQAI



NISSAN QASHQAI+2

Qashqai fylgir ríkulegur staðalbúnaður, m.a.:

- Bluetooth símsvörunarbúnaður
- Bakkskynjarar
- Regnskynjarar á rúðupurrkum
- 17" álfelgur
- Tvöföld loftkæling
- ESP stöðugleikastýring
- Glerpak (Qashqai+2)
- 7 sæti (Qashqai+2)

B&L og Ingvar Helgason
Sævarhöfða 2 • 110 Reykjavík
525 8000 • www.bl.is • www.ih.is

www.nissan.is



SHIFT_the way you move

Óslípuðu demantarnir í S-Afríku

Flestir þekkja knattspyrnusnillinga á borð við Lionel Messi, Wayne Rooney og Christano Ronaldo en hvað með hina? Á hverju heimsmeistaramóti í knattspyrnu gerist eitthvað óvænt. Nýjar stjörnur verða til. **Trausti Hafliðason fékk Hjörvar Hafliðason** knattspyrnuspekúlant til að spá í spilin og velja nokkra leikmenn sem vert verður að fylgjast með í Suður-Afríku.

ARGENTÍNA ÁNGEL DI MARÍA

Kantmaður | Benfica | 22 ára | 1,80 m



Það er einfaldlega ekki hægt að sleppa argentínska undrabarninu Ángel Di María í upptalningu leikmanna sem líklegir eru til að slá í gegn á HM. Fáir ungir leikmenn hafa jafn oft verið orðaðir við jafn mörg lið og Di María undanfarinn vetur. Varla hefur liðið sú vika að fjölmiðlar hafi ekki sagt hann á leið til einhvers stórlíðs í Evrópu. Ástæðan er svo sem einföld. Hann er illa falinn gimsteinn. Di María er fæddur í Rosario í Argentínu og lék með Rosario Central í argentínsku deildinni þrjú tímabil. Eftir að hafa slegið í gegn á heimsmeistaramóti landsliða skipuðum leikmönnum undir 20 ára sumarið 2007 var hann seldur til Benfica fyrir 8 milljónir evra. Á síðasta ári skrifaði hann undir nýjan samning við Benfica, sem gildir til ársins 2015. Í heimalandinu er hann líklega frægastur fyrir að hafa tryggt Argentínunönnuðum Ólympíugullið í 1-0 sigri gegn Nígeríu í Peking sumarið 2008.

Hjörvar: Frábær vintri kantmaður með geggjáðan vintri fót. Góður í föstum leikatriðum. Mætti skora meira. Hraður og tekniskur. Di María er allur pakkinn á vinstri kantinum.

PÝSKALAND MESUT ÖZIL

Miðjumaður | Werder Bremen | 21 árs | 1,82 m



Hinn 21 árs gamli Mesut Özil er ein helsta vonarstjarna Þjóðverja. Hann er fæddur í Gelsenkirchen en eins og nafnið gefur til kynna er hann af tyrknesku bergi brotinn. Özil er sóknarfur miðjumaður sem leikur gjarnan í holunni fyrir aftan framherjana. Sautján ára gamall samdi hann við Schalke en eftir þrjú ár þar var hann seldur til Werder Bremen fyrir 4,3 milljónir evra. Werder Bremen verður hins vegar að halda vel á sínum málum því Özil verður samningslaus á næsta ári. Breskir knattspyrnuáhugamenn ættu að þekkja ágætlega til miðjumannsins snaggalega því síðasta sumar var hann arkitektinn að 4-0 sigri þýska U21 árs liðsins gegn því enska. Özil hefur einungis leikið 8 landsleiki með aðalliðinu sem er hins vegar þó nokkuð því hann lék sinn fyrsta leik í febrúar á síðasta ári. Nú þegar Michael Ballack er frá vegna meiðsla er góður möguleiki að hann fái tækifæri til að láta ljós sitt skína með þýska liðinu.



Hjörvar Hafliðason sérstakur álitsgjafi:

Frábær sóknarfur miðjumaður með gott auga fyrir marki. Það undirstrikar gæði hans að Werder Bremen var tilbúið að láta Brasilíumanninn Diego fara til Juventus til að hleypa Özil að.

FYLGIST MEÐ ÞESSUM



Chile Alexis Sánchez
Framherji | 23 ára | 1,70 m

Hjörvar: Með ótrúlega boltatækni. Breiðholtsútgáfan af Christiano Ronaldo. Hann sló í gegn með Udinese og í er góðu liði Chile sem er líklegt til að fara upp úr riðli sínum.

Kamerún Stéphane Mbia
Miðjumaður | 23 ára | 1,89 m

Hjörvar: Algjört tröll, svona ekta afrískt varnarmiðjubuff. Hingað til hafa nákvæmlega svona leikmenn heitið Diarra. Hrikalegur skrokkur sem mun láta mikið til sín taka í líkamlega sterku liði Kamerúns.



Holland Gregory van der Wiel
Bakvörður | 22 ára | 1,82 m

Hjörvar: Sóknarfur hægr bakvörður. Lentí upp á kant við þjálfara landsliðsins þegar hann sagðist vera meiddur en upplýsti á Twitter að hann væri á tónleikum með Lil Wayne.

Danmörk Simon Kjær
Varnarmaður | 21 árs | 1,89 m

Hjörvar: Kjær er grjótharður miðvörður sem minnir frekar á Suður-Ameríkumann í tæklungum en kurteisan Skandinava.



Paragvæ Lucas Barrios
Framherji | 25 ára | 1,88 m

Hjörvar: Argentínumaður sem fékk paragvæskan ríkisborgararétt á þessu ári. Fer sjóðandi heitur í keppnina eftir frábæra leiktíð með Dortmund.

ÚRÚGVÆ LUIS ALBERTO SUÁREZ

Framherji | Ajax | 23 ára | 1,81 m

Úrúgvæinn Luis Alberto Suárez er einn allra heitasti framherjinn í knattspyrnunni í dag. Frammistaða hans með Ajax hefur verið ótrúleg. Hann hefur skorað 74 mörk í 97 leikjum fyrir félagið. Suárez er fæddur í Salto í Úrúgvæ og hóf ferilinn með Nacional sem ásamt Peñarol hefur einokað úrúgvæsku deildina. Árið 2006 var hann seldur fyrir 800 þúsund evrur til Groningen í Hollandi þar sem hann skoraði 10 mörk í 29 leikjum. Sumarið 2007 gekk hann til liðs við Ajax, sem borgaði 7,5 milljónir evra fyrir leikmanninn.

Hjörvar: Segir það alla söguna að hafa skorað mikið í Hollandi? Suárez er frábær að klára færin sín og notar frekar nákvæmni en skothörku. Eitraður innan teigs sem utan.



SERBÍA
MILOS KRASIC

Hægri kantur | CSKA Moskva
25 ára | 1,85 m

Ótrúlega skemmtilegur kantmaður sem sló í gegn í Meistaradeildinni í vetur. Það kæmi ekki á óvart ef hann spilaði á Englandi eða Ítalíu næsta vetur.

Hjörvar: Afar auðþekjanlegur á velli með sitt síða ljósa hár. Alltaf hættulegur inni á vallarhelmingi andstæðinganna. Byr yfir miklum sprengikrafti og er góður skotmaður með frábærar fyrirgjafir.



SLÓVAKÍA
MAREK HAMŠÍK

Miðjumaður | Napoli
22 ára | 1,83 m

Fór 17 ára til Brescia á Ítalíu fyrir smápening en Napoli keypti hann síðan á 5,5 milljónir evra árið 2007. Þar er hann orðinn uppáhald stuðningsmannanna.

Hjörvar: Mesti töffarinn í Napoli síðan Maradona lék þar. Yfirburðaleikmaður í liði Slóvakíu. Stórlíð Evrópu ættu að hafa hraðar hendur því verðmiðinn gæti rokið upp eftir HM.



FÍLABEINSSTRÖNDIN
GERVINHO

Framherji | Lille OSC
23 ára | 1,79 m

Drogba, Kalou og hinn „óþekkti“ Gervinho gætu myndað svakalega framlínu í Suður-Afríku. Gervinho er beinskeyttur og óútreiknanlegur.

Hjörvar: Tían í Filabeinsströndinni sem er best mannaða Afrikulið sem haldið hefur á HM. Hann sló í gegn með Lille í frönsku deildinni í ár. Getur leikið alls staðar í sóknarlínunni.

FRAKKLAND YOANN GOURCUFF

Miðjumaður | Bordeaux | 23 ára | 1,86 m



Gourcuff er leikstjórnandi, sem á velli minnir dálítið á hinn brasilíska Socrates. Feikilega tekniskur og aukaspyrnusérfræðingur af bestu gerð. Ef hann verður í stuði gæti hinn arfaslaki þjálfari Frakka, Raymond Domenech, komist hjá enn einni niðurlægingunni með franska liðið.

Hjörvar: Hefur verið undir mikilli pressu síðan hann kom ungur fram á sjónarsviðið. Eftir erfið ár hjá AC Milan fór hann til Bordeaux þar sem hann hefur blómstrað. Snillingur á miðjunni, sem á eitt vinsælasta markið á Youtube (leitarorð: Gourcuff Wonderful Goal).

ARGENTÍNA SERGIO ROMERO

Markvörður | AZ Alkmaar | 23 ára | 1,92m



Hvað er þessi maður að gera hjá AZ Alkmaar? Romero er án efa einn besti ungi markvörður veraldar í dag. Hann skaut á inn á radar Evrópulíðanna eftir að argentínska U20 liðið sigraði á HM mennaliða í Kanada 2007. AZ Alkmaar keypti hann fyrir 1,5 milljónir evra frá Racing Club í Argentínu.

Hjörvar: Besti markvörður sem Argentínumenn hafa átt frá því Nery Pumpido var upp á sitt besta 1986. Kóngur í teignum og með frábærar spyrnur. Ef hann kynni þýsku þá væri Van Gaal búinn að kaupa hann til Bayern Munchen.



Ókeypis

Hringdu ókeypis til útlanda úr heimasímanum og berðu öllum kveðju frá Íslandi!

Við hvetjum alla viðskiptavini með **heimasíma** að hringja ókeypis í vini og kunningja í útlöndum **alla helgina**. Tilgangurinn er að vekja athygli á áttakinu „Inspired by Iceland“.

Gildir einu hvort hringt er í erlent heimasíma- eða farsímanúmer, símtalið er ókeypis.

Það er **Síminn** 
800 7000 • siminn.is

AFMÆLISHÁ

Glæsileg afmælistilboð og skemmtun í



2
ÁRA



LINDIR

KÓPAVOGI lofa góðu

Frábær afmælistilboð
í öllum verslunum!

DAGSKRÁ

Lau: Kl. 11: Ípróttaálfurinn og Solla stirða mæta í fínu formi.

Kl. 14-17: Hoppukastali, kandífloss og grillaðar pylsur. Skátafélagið Landnemar verða með leiktæki og sjá um skemmtilega leiki fyrir börnin. Klói gefur Kókomjólk.


Sun. kl. 13:30: Ípróttaálfurinn og Solla stirða skemmta börnunum.



GRILLAÐAR PYLSUR



SS fremstín fyrir bragða



KRÓNAN, OPIÐ VIRKA DAGA 11-20, HELGAR 10-20

ÁTÍÐ Í DAG

Lindum Kópavogi í dag, 5. júní

2
ÁRA

KRÓNAN

INTERSPORT

ELKO

1598 kr. kg
20% afsláttur
Mattfugl kjúklingaspjót, Saffran

99 kr. stk.
Fanta, 2l

259 kr. stk.
Nóakropp risapoki

299 kr. pk.
Jarðarber, 500 g

299 kr. pk.
Kókómjólk, 6 stk.
í pakka, 1/4l

TILBOÐIN GILDA AÐEINS Í LINDUM

7.990 (fullt verð 14.990)
3.990 (fullt verð 7.490)

McKINLEY HOOVER JACKET

Útivistarjakkí úr softshell með þunnu flísfóðri. Litir: Hvítur, svartur. Dömustærðir.

McKINLEY TUNDRA PANT

Göngubuxur sem breyta má í kvartbuxur. Litur: Khaki. Dömustærðir.

12.990 (fullt verð 17.990)
5.490 (fullt verð 9.990)

ADIDAS TREDIAC 3 GORE-TEX

Íþróttaskór með adiPRENE dempun og gore-tex vatnsvörn. Góðir í léttari göngur. Dömu- og herrastærðir.

PUMA UNLIMITED LOW V

Götuskór með riflásum. Barnastærðir.

3.490 (fullt verð 5.990)
4.990 (fullt verð 7.990)

PUMA FOUNDATION POLO

Pólóbólur úr bómull. Litir: Grár, svartur, grænn, blár. Herrastærðir.

PUMA HOODED SWEAT JACKET

Rennd hettupeysa úr bómull. Litir: Svört, grá, bleik, fjólublá. Dömustærðir.

DAGSTILBOÐ

1.995
FULLT VERÐ 3.995

Duracell

Hleðslutæki, CEF14. Tæki sem hleður fjórar AA eða AAA rafhlöður. Fjórar 1700 mAh AA rafhlöður fylgja með.

999
FULLT VERÐ 1.995

DAGSTILBOÐ

Töfrasproti

Töfrasproti, M24HBW09E.

DAGSTILBOÐ

6.995
FULLT VERÐ 10.995

BRAUN

Braun, BRA150. Flott Braun hleðslurakvél með tvöföldum haus sem hægt er að skola undir vatni.

DAGSTILBOÐ

4.444
FULLT VERÐ 5.995

MOTOROLA

GSM sími. WX160. Nettur sími sem vegur aðeins 65 g. Rafhlöðu ending 400 klst. í bið og 8 klst. í tali. FM útlarp. Litaskjúr.Titrarahringing. 500 nr. símaskrá.

DAGSTILBOÐ

1.495
FULLT VERÐ 2.495

Nikulás líli



DR. VLAD VAIMAN Íslendingar eru mjög skapandi en verða að bæta þekkingu sína á fjármálum og rekstri fyrirtækja, segir forstöðumaður framhaldsnáms í viðskiptadeild HR. Hann segir mikilvægt að Íslendingar læri að mæta á fundi á réttum tíma.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sér gullið í íslenskri hönnun

Vlad Vaiman flutti með fjölskyldu sína hingað til lands mánuði áður en bankarnir hrundu haustið 2008. Hann sér ekki eftir því. Vlad tók nýverið við sem forstöðumaður framhaldsnáms í viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík. Hann segir mikil verðmæti leynast í íslenskri hönnun. Mikilvægt er að frumkvöðlar leiti sér menntunar svo þeir geti búið til verðmæti úr sköpun sinni.

Íslendingar eru miklir frumkvöðlar. Þeim er alltaf að detta eitthvað nýtt í hug. Ég held það liggja í eðli ykkar, þið verðið sífellt að leita að nýjum lausnum," segir dr. Vlad Vaiman. Hann telur þetta sambland af arfleifð bændasamfélagsins hér og sjósóknar þegar haga varð seglum eftir veðri og vindum.

Vlad er dósent við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík og tók nýverið við sem forstöðumaður framhaldsnáms deildarinnar. Á meðal þess helsta sem deildin býður upp á er nám í frumkvöðlafræðum. Hann segir nám sem þetta mikilvægan bakgrunn ætli Íslendingar að ná sér upp úr kreppunni með áherslu á fjármagnsins. „Ég held að það verði mjög erfitt fyrir fólk að finna vinnu við núverandi aðstæður. Þar koma frumkvöðlar og nýsköpun sterkt inn. Íslendingar eru mjög skapandi. Þeim er alltaf að detta eitthvað í hug. En frumkvöðlar verða að læra hvernig á að koma hugmyndinni frá sér og gera hana aðlaðandi í augum viðskiptavina.“

Vlad bendir á margt sem litið hafi dagsins ljós upp á síðkastið sem dæmi um frumkvöðlaanda Íslendinga í eiginlegri merkingu orðsins. „Sjáðu eldgosin. Einn hverjum datt í hug að setja ösku í pakkningar og selja hana. Svo buðu fyrirtæki í ferðaiðnaði ferðir upp á jökul að skoða eldgosin við Fimmvörðuháls. Það er mjög sniðugt. Þetta eru lögleg viðskipti og góð, enginn varð fyrir skaða eða tjóni.“

Verðmæti í tiskunni

Helstu verðmæti hér um þessar mundir eru falin í list og hönnun, ekki síst tiskuhönnun, að mati Vlads. Hann segir mér frá fundi sínum á dögnum með áhættufjárfesti, sem vilji setja fjármagn í ný og efnileg fyrirtæki hér, sérstaklega í tiskuhönnun. „Ég held að tiskuhönnun verði næsta stóra skrefið hér. En hönnuðir vita lítið um viðskiptahlíðina. Hönnuðir hér, eins og víða um heim, líta á sig sem snillinga og því getur verið erfitt að vinna með þeim," segir Vlad og viðurkennir að hann sé á sama báti og margir, sem teljir marga efnilega íslenska hönnuði og listamenn almennt ekki gera sér grein fyrir þeim verðmætum sem liggja í sköpun þeirra. Þeir, líkt og aðrir, verði að læra að sjá gullið, verðmætin sem í listsköpun þeirra er fólgin. „Þetta er mjög algengt. Listafólk telur sig ekki þurfa á viðskiptafræðimenntun að halda. Af þeim sökum geta listamennirnir misst af góðum tækifærum," segir Vlad. Hann bendir á að þumalfingerreglan sé að alla jafna loki níutíu prósent þeirra fyrirtækja sem

stofnuð eru á fyrsta árinu. „Ef þú veist eitthvað um viðskipti geturðu aukið möguleika þína og komið í veg fyrir þetta.“

Tækifæri í hruninu

Vlad segir tækifæri fyrir marga geta falist í efnahags- og gengishruninu. Listafólk með eftirsóttá list og frumkvöðlar sem geta komið góðum vörum á markað geti hagnast á lágt skráðri krónu rétt eins og Háskólinn í Reykjavík. „Um fimmtán prósent nemenda við skólann eru erlendir. Þeir koma hingað vegna þess að námið er sambærilegt við það sem er ytra auk þess sem hingað koma margir af færustu kennurum erlendra háskóla. Námið hér er hins vegar mun ódýrara en úti," segir hann og bendir á sem dæmi að ein önn í spænska viðskiptaháskólanum IESE í Barcelona kosti all að þrjátíu þúsund evrur, jafnvirði rúmra 4,7 milljóna króna. Við bætist að húsnæði, matur og skemmtun er nú orðin mun ódýrari hér en úti.

Vlad þekkir þetta af eigin raun en hann kom hingað fyrst árið

2007 þegar gengisvísitala krónunnar var mun lægri en nú og allt miklu dýrara. „Nemendur finna verulega fyrir þessu. Þá skemmir ekki fyrir að Ísland er bókstaflega á milli stóru heimsálfanna og stutt fyrir þá að fara heim.“

Ög mætið á réttum tíma!

Þrátt fyrir hugmyndaauði og ríka sköpunarþörf Íslendinga segir Vlad okkur eiga margt ólært. Helst er það mikilvægi tímasetningar. „Þið getið aldrei mætt á réttum tíma. Það er mjög mikilvægt að læra það, ekki síst fyrir þá sem ætla að vinna erlendis," segir Vlad en bætir við að líklega liggja þetta í eðlinu líkt og hugmyndaauðgin, sé arfleifð bændasamfélagsins og

samvista við eldsumbrot um nokkurra alda skeið.

„En það er mikill galli þegar fólk getur ekki mætt á réttum tíma og afar slæmt í alþjóðaviðskiptum. Ef fólk í Austurríki segist ætla að hefja fundi klukkan níu þá stendur það. Íslendingar eru hins vegar of rólegir gagnvart tímanum. Þeir stressa sig ekki yfir því þótt þeir mæti of seint og ná síðan í kaffibolla," segir Vlad en bætir við að líklega séu Mexíkómenn verri. „Þeir sem eiga erfitt með að mæta á réttum tíma geta átt góð viðskipti í Mexíkó. En þeir sem ætla að gera það í Evrópu og Bandaríkjunum verða að reyna að mæta á réttum tíma!“

HÖNNUÐIR LEITA Í ÞEKKINGUNA

Vlad Vaiman segir að nokkuð sé um samstarf Háskólans í Reykjavík og hönnuða hér á landi. Ástralski hönnuðurinn Sruli Recht, sem rekur konseptverslunina Vopnabúrið á Hólmaslóð, hefur leitað eftir því að ráða nemanda í frumkvöðlanáminu til að sjá um viðskiptahlíðina fyrir sig. Aðrir tiskuhönnuðir sem vakið hafa athygli erlendis koma sömuleiðis upp í samræðum okkar Vaimans. Þar á meðal eru Elm Design, E-Label, Júniform, Nostrum Design og fleiri.

FJÖLSKYLDAN KOM Í KREPPUNA

Vlad Vaiman fæddist í Rússlandi árið 1971 en flutti ásamt konu sinni, sem er tveimur árum yngri, til Bandaríkjanna árið 1992. Skömmu eftir komuna þangað giftu þau sig. Þar lauk hann MBA-gráðu í viðskiptum. Síðar fluttust þau til Sviss og lauk hann doktorsnámi þar. Vlad hefur sinnt ráðgjafarstörfum í sex löndum, er gestakennari við fimm erlenda háskóla auk þess að sinna rannsóknum. Hann er einn stofnenda fagritsins European Journal of International Management auk þess að hafa skrifað og ritstýrt tveimur bókum um viðskipti og stjórnun og er önnur þeirra á leið í verslanir.

Þau hjón eiga tvö börn, strák á sautjanda ári

sem fæddur er í Bandaríkjunum og stúlku á því ellefta, sem fædd er í Kanada. Fjölskyldan er með kanadískan ríkisborgararétt.

Hingað komu þau í ágúst 2008, einum mánuði áður en skilanevnd Fjármálaeftirlitsins tók Glitni yfir og bankarnir hrundu. „Við vorum búin að vera í Austurríki í fjögur ár og vorum farin að huga að flutningum. Mér buðust nokkur störf í Bandaríkjunum, Kanada og nokkrum Evrópuríkjum. En svo kom tilboð frá Íslandi. Við konan mín settumst niður, skoðuðum alla möguleika, löndin sem voru í boði. Við höfðum komið hingað árið áður, líkað við landið og náttúruna, hreina vatnið og fólkið. Svo

virtist þetta mjög góður staður til að ala upp börn. Okkur fannst ekkert vanta. Því ákváðum við að koma hingað og höfum aldrei séð eftir því," segir Vlad og bendir á að þegar þau komu hafi eitthvað legið í loftinu sem erfitt var að setja fingur á. „Fólk talaði um það, eitthvað var að gerast. Flestir vinir mínir sögðu að við ættum ekki að kaupa neitt, því eitthvað væri í vændum. Við ákváðum því að leigja íbúð. Ég var í Finnlandi þegar Glitnir var tekinn yfir í septemberlok. Konan mín hringdi og spurði hvort hún ætti að taka upp úr töskunum. Ég sagði: Jú, gerðu það. Við höfum ekki séð eftir þessu enda líkar okkur mjög vel hér," segir Vlad.



FLUGSÝNING

Á REYKJAVÍKURFLUGVELLI
LAUGARDAGINN 5. JÚNÍ

Flugsýning Flugmálafélags Íslands í samstarfi við Icelandair og ISAVIA verður haldin á Reykjavíkurlugvelli í dag, 5. júní, kl. 12–16 við Hótel Loftleiðir.

- | Flugvélar af öllum stærðum og gerðum
- | Flugsýning kl. 13–15
- | Fallhlífarstökk
- | Keppni á milli flugvélar og Porsche 911 Turbo
- | Svifflug
- | Sjóflugvél
- | Cessnu hópflug
- | Piper hópflug
- | Farþegaþota Icelandair Boeing 757, landing, flugtak og yfirflug
- | Listflug
- | Þyrluflug
- | „Gamli sjómaðurinn“
- | Dash 8, landing, flugtak og yfirflug
- | Sýningarflug Landhelgisgæslunnar

AÐGANGUR ER ÓKEYPIS
KOMIÐ OG UPPLIFIÐ ÍSLENSKA FLUGÆVINTÝRIÐ
Á REYKJAVÍKURFLUGVELLI Í DAG.



Ekkert aftur heim að sækja?

Í fyrra pökkuðu 1.600 Íslendingar ofan í tösku og fluttu heimili sín til Noregs. Það var 450 prósentu aukning frá árinu áður. Forvitin um hagi þeirra bankaði *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* upp á hjá nokkrum fjölskyldum á ferðalagi um Noreg. Áberandi algengt var að heyra að söknuður til heimahaganna takmarkast við fjölskyldu og vini. Fáir stefna heim á næstunni.

Auðveldara að lifa góðu lífi í Noregi

Systkinin Haraldur og María Dís og sonur hennar, Máni, deila saman íbúð í Ósló. Þeim líður vel í Noregi og sjá ekki fyrir sér að snúa aftur heim í bráð, enda geti þau leyft sér mun meira í Noregi heldur en þau gátu á Íslandi.

Systkinin Haraldur Karlsson og María Dís Ásgeirsdóttir deila saman íbúð í Ósló, ásamt syni Maríu, honum Mána. Það var María Dís sem átti frumkvæðið að flutningi fjölskyldunnar til Noregs. „Ég var að vinna á verkfræðistofu í Reykjavík og um áramótin þarsíðustu varð samdráttur þar. Fólk sem átti eftir að fara í mastersnám var hvatt til að klára það og ég ákvað að slá til, fékk góðan díl við vinnuna svo ég hefði efni á að klára ritgerðina. Svo fór ég að sækja um á fullu hárna úti og fékk vinnu hjá Aker Solutions, stóru norsku olíufyrirtæki. Þá hringdi ég bara í bróður minn og sagði „þú kemur með!“ Hann sagði auðvitað bara „ókei“ af því hann er alltaf til í allt.“ Haraldur leigir herbergi af systur sinni, vinnur hjá stóru fyrirtæki við viðhald á kaffivélum og safnar peningum fyrir flugnáminu sínu, sem hann þurfti að leggja á hilluna á meðan ástandið er eins og það er.

Í starfi sínu er María mjög ánægð, en hún er farin að vinna í stóru gasverkefni með hópi fólks og kann vel við sig í því. „Ég er ótrúlega ánægð. Kerfið er allt annað

hérna og mér finnst það mjög flott. Maður fær ekki frí á launum heldur orlof sem er greitt út yfir sumarið. Ég fæ frí alla páska vikuna og jóla vikuna líka, á launum. Fólk mætir hálf átta og er farið hálf fjögur. Ég hef fengið mikla yfirvinnu líka, sem ég ræð hvort ég fæ borgaða í frí eða launum.“

Haraldur er líka ánægður í sínu starfi. Hann sér fyrir sér að vinna í það minnsta í tvö ár í Noregi. Eftir það geti hann fengið námslán frá norska ríkjunni til að halda áfram með flugnámið. Þau hafi þann skemmtilega eiginleika að 40 prósent lánsfjárhæðarinnar falli niður þegar hverri önn sé lokið. Þá hefur Haraldur að auki tekið að sér formennsku í Íslendingafélaginu í Ósló, en sá félagsskapur er mjög virkur, ekki síst nú upp á síðkastið eftir því sem Íslendingunum í borginni hefur fjölgað.

Máni, sem er tólf ára, er sá eini sem hefur ekki verið hundrad prósent ánægður með flutningana, enda saknar hann vinnu sína heima á Íslandi. Þegar hann er spurður hvernig honum líki í skólanum svarar hann: „Það er leiðinlegt. Þeir tala svo leiðinlegt tungu-



HARALDUR, MÁNI OG MARÍA Systkinin Haraldur og María Dís eru bæði ánægð í Noregi. Mána finnst ekki alveg jafn gaman, enda saknar hann vinnu sína á Íslandi. Þetta er þó allt að koma.

mál,“ en glottir um leið, eins og honum sé ekki fullkomlega alvara. Það er allt á uppleið hjá honum og þennan dag var hann á leið í sitt fyrsta bekkjarafmæli. Honum gengur vel í skólanum, er farinn að tala norsku reiprennandi og leiðréttir mömmu sína og frænda óspart.

Systkinin eru sammála um að það sé auðveldara að lifa góðu lífi í Noregi heldur en á Íslandi.

Þau segjast vissulega komin inn í norska kúltúrinn og farin að spara og versla eftir tilboðum. Hins vegar geti þau leyft sér mun meira en nokkru sinni heima. „Heima eru það algjör fríðindi að fara í eina utanlandsferð yfir sumarið. Nú á ég þrjá flugmiða og á eftir að kaupa einn. Það er svo ódýrt að fljúga í Evrópu og hægt að fá miðann undir 10 þúsund krónum íslenskum,“ segir María Dís. „Og maður borg-

ar niður skuldir heima á Íslandi á augabragði. Ég er búin að borga því líkt niður af skuldum frá því ég kom hingað.“ Hvorki Haraldur né María segjast ætla heim á næstunni. Í það minnsta ekki næstu tvö árin, enda fá Íslendingar skattafslátt fyrstu tvö árin í landinu. Ef þau fari frá Noregi verði það sennilega til að flytja eitthvert annað en til Íslands. Þangað hafi þau lítið að sækja núna.

Langaði að prófa eitthvað nýtt

Guðmundur Ingiberg Arnarsson pípari

Ég fór út af því mig langaði að prófa eitthvað nýtt,“ segir Guðmundur Ingiberg Arnarsson pípari. Hann býr í Ósló og hefur verið þar frá því í byrjun september í fyrra. Þá var hann nýbúinn að klára píparanám og sá ekki fram á bjarta daga í þeim bransa heima, þó hann væri með vinnu.

Guðmundur flutti út án þess að vera búinn að finna sér vinnu. Það gekk hratt fyrir sig og hann var fljótlega farinn að vinna sem pípari. Hann segir það koma töluvert betur út fjárhagslega að búa í Noregi en heima á Íslandi. Launin séu mun hærra en á Íslandi en peningarnir séu fljótir að fara, enda dýrt að búa í Noregi.

Hann er sáttur við lífið í Noregi. „Ég hugsa að ég verði hérna í nokkur ár í viðbót. Það er líka nóg að gera hérna, á meðan það er ekkert að gera heima.“ Hann sér þó ekki fyrir sér að setjast að í Noregi. Ef hann flytji ekki aftur heim til Íslands flytji hann eitthvert annað í Evrópu.

Guðmundur saknar fjölskyldu

sinnar og vinnu á Íslandi en segir bót í máli að hann hefur kynnst heilmörgu nýju fólki í Noregi. Hann er virkur í Íslendingafélaginu í Ósló og segir það gegnumgangandi skoðun Íslendinganna sem hann hefur kynnst í gegnum það að það sé gott að vera í Noregi. Flestir ætli sér að dvelja þar í langan tíma og nokkrir hafi meira að segja lýst því yfir að þeir ætli aldrei aftur heim til Íslands.

Vinnudagar Guðmundar eru langir, hefjast sjö á morgnana og lýkur sex á kvöldin, nokkuð sem er ekki algengt í Noregi. „Það er mjög sjaldgæft að fólk vinni svona mikið hérna. Við vorum fleiri í haust þegar við byrjuðum á verkefni sem við erum að vinna í núna. Svo hefur okkur fækkað, þannig að við erum lengur að klára á daginn. Ég er að vinna hjá Make-dóníumanni og vinn með tveimur Pólverjum. Ég er kominn með nóg af því í bili og ætla bráðum að flytja mig. Ég þyrfti að komast í vinnu hjá Nordmanni, svo ég komist nú betur inn í norsku og svona.“

Stefna á að koma aftur heim eftir árið

Guðjón Emilsson smiður

Ég fór strax eftir páska og er búinn að vera hérna síðan,“ segir Guðjón Emilsson, sem starfar sem húsasmiður í bænum Fosnavåg á vesturströnd Noregs. Sem stendur deilir hann húsnæði með öðrum en á von á konu sinni og tveimur börnum nú um miðjan mánuðinn. „Ég er á leiðinni heim að sækja þau og er farinn að hlakka svakalega til! Við vildum ekki vaða út í óvissuna með krakkana en nú er ég búinn að finna íbúð fyrir okkur hérna í Fosnavåg, jarðhæð í húsi sem ég hef verið að endurnýja.“

Guðjón og fjölskylda hans stefna á að vera í Noregi í eitt ár og koma aftur heim næsta sumar. Konan hans ætlar að freista þess að finna vinnu þar, sonur hans fer í leikskóla en dóttir hans, sem er tju ára, fer í skóla. Guðjón segir það leggjast ágætlega í hana að fara í skóla í Noregi, hún sé spennt en um leið dálítið kvíðin.

Ákvörðunin að flytja til Noregs um hrið var tekin til að freista þess að bæta fjárhaginn. „Við vorum að byggja og í framkvæmdum sem við höfðum alveg efni á - þangað til gengið fór eins og það fór og lánin hækkuðu upp úr öllu valdi. Þá hafði maður ekki jafn gott vald á þessu. Áður gat maður líka alltaf reitt sig á aukavinnuna en því var ekki lengur fyrir að fara,“ segir Guðjón, sem þó var enn þá með vinnu heima þegar hann tók ákvörðun um að fara. „Menn voru farnir að huga að aðhaldi þar en ég stakk bara upp á að taka mér ársleyfi.“ Frá því hann fór að vinna í Noregi hefur hann getað lagt töluvert fyrir sem kemur sér vel til að greiða niður íslensku lánin. „Það er í raun og veru ótrúlegt hvernig launaumslagið lítur út, svona þegar það er komið til



Íslands og yfir í íslenskar krónur. Fyrir átta tímuna eru þetta bara finustu laun.“

Áður en Guðjón kom til Noregs talaði hann ekki norsku en gat stautað sig fram úr samtölum með skóladaönskunni. Hann segir vert að hafa í huga að það sé mikið atriði í Noregi að tala norsku. „Það er langbest að setja sig strax inn í norsku, því hún er fljót að koma. Ég finn mikinn mun á mér núna, frá því ég kom hingað fyrst.“

Guðjón fékk vinnuna í Noregi í gegnum vinnumiðlunina Jobbia, en viðtal er við framkvæmdastjóra hennar á síðu 42. Guðjón segir hana hafa reynt mjög vel. „Það hefur allt staðist eins og stafur á bók hjá þeim. Mér finnst allt í lagi að það komi fram, því svona fyrirtæki hafa kannski ekki þannig orð á sér. Ég var sóttur út á flugvöll þegar ég kom og fékk mikla hjálp fyrstu dagana, við að sækja um skattkort, fá kennitölu, læra á bankakerfið. Þeir sáu um þetta allt saman og það var mjög þægilegt.“



Það er í raun og veru ótrúlegt hvernig launaumslagið lítur út, svona þegar það er komið til Íslands og yfir í íslenskar krónur. Fyrir átta tímuna eru þetta bara finustu laun.

FRAMHALD Á SÍÐU 42



NIKE
FOOTBALL 

Sport-
dagar

20%
afsláttur
af öllum
sportvörum

Allur sportfatnaður
fyrir herra, dómur
og börn

Allir sportskór fyrir
herra, dómur og börn

Allar fótboltavörur

Allt fyrir hlaupin

O.fl. o.fl.

Gildir til sunnudags

LIÐENSA/STALD/UTLIF/06/10

HOLTAGÖRDUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • WWW.UTILIF.IS

ÚTILÍF

FRAMHALD AF SÍÐU 40

Íslendinga vantar á vesturströndina



Henning Karlsen, framkvæmdastjóri norsku vinnumiðlunarinnar Jobbia AS, biður iðulega fólk sem hann ræður til starfa héðan að benda á hæfileika-fólk á Íslandi. Hann segist vera hér á hausaveiðum, enda séu Íslendingar vinsælir starfskraftar í Noregi.

Við þurfum fleira fólk frá Íslandi og erum einmitt að skipuleggja ferð þangað bráðum, þar sem við ætlum að halda fundi og spjalla við áhuga-sama Íslendinga," segir Henning Karlsen, framkvæmdastjóri norsku atvinnumiðlunarinnar Jobbia AS. Undanfarna mánuði hefur atvinnumiðlunin tekið við fjölda umsókna frá Íslendingum.

Jobbia hefur útvegað fjölda smiða, rafvirkja og pípara vinnu, en einnig strætóbílstjórum, flutningabílstjórum, arkitektum og verkfræðingum. Minna er um ráðningar í störf til að mynda í fjármálagæiranum, þó Henning fái raunar margar umsóknir frá íslensku bankafólki.

En Jobbia nær ekki aðeins í nýja starfsmenn í gegnum umsóknir. Fyr-

irtækið hefur einnig beðið íslenska starfsmenn sem þeir hafa útvegað vinnu og hafa reynst vel, að benda á góða starfsmenn á Íslandi. Er þeir þá í reynd á hausaveiðum á Íslandi? „Já, það má segja það. Það er mjög mikilvægt fyrir okkur að fá gott fólk og það reynist yfirleitt vel að ráða fólk sem hefur meðmæli. Við höfum það líka fyrir reglu að athuga alltaf meðmæli umsækjenda.“

Henning segir Noreg hafa verið í dálitilli lægð að undanförunu, þó hún hafi vissulega ekki eins djúp og víðast hvar annars staðar. Hins vegar virðist nú allt vera á uppleið aftur. „Það hefur til að mynda nýlega verið slegið met í sölu nýrra bíla hér í Noregi. Það gefur góða vísbendingu um að markaðir séu að taka við

sér aftur. Undanfarna fjóra til fimm mánuði höfum við líka fengið inn fjölda nýrra fyrirtækja og eigum satt að segja orðið erfitt með að anna eftirspurninni.“

Hann ráðleggur Íslendingum sem hafa sótt um starf í Noregi en ekki fengið að reyna aftur núna. Það sé þó mikilvægt að fólk geti bjargað sér á norsku. „Við leggjum mikið upp úr því að fólk geti bjargað sér á norsku eða skandinavísku og reynum að fá fólk til að sækja norskutíma einu sinni í viku. Það fer mjög gott orð af Íslendingum í vinnu og það eru margir sem óska sérstaklega eftir þeim. Þetta á sérstaklega við á vesturströndinni, þar sem hefur verið töluvert samband við Ísland og Íslendinga. Við erum sama fólk.“

Langflestir sem þeir hafa ráðið eru á vesturströndinni. „Allir Íslendingarnir sem við höfum ráðið til starfa eru á vesturströndinni, flestir í Bergen eða í kringum Álasund. Þar er eftirspurnin eftir þeim mikil. Á austurströndinni biðja menn hins vegar frekar um Svía.“

Henning segir það hafa verið langalengast að íslenskir karlmenn komi til Noregs einir en eigi fjölskylda fyrir að sjá heima á Íslandi. Nú hafi hins vegar umsóknum frá eiginkonum fjölgað til muna og greinilegt sé að margar fjölskyldur ætli að sameinast í Noregi.

Hægt er að senda tölvupóst á Henning Karlsen, á hk@jobbia.no, en heimasíða fyrirtækisins er www.jobbia.no.

Á ráðherralaunum á bílaleigu

Sveinn Rúnar Einarsson, starfsmaður bílaleigunnar Hertz

Þegar Sveinn Rúnar Einarsson bjó í Reykjavík var hann einn af rekstrarstjórum skemmtistaðarins Q bar. Þegar sá bar var lagður niður, síðastliðið haust, fór Sveinn að velja því fyrir sér hvað hann ætti að taka sér fyrir hendur næst, en útlönd heilluðu. „Ég ætlaði fyrst að flytja til Kaupmannahafnar, þar sem ég bjó áður. En stuttu áður en ég fór kom Erna vinkona mín, sem ég bý með hér úti, og sagðist geta reddað okkur vinnu í bænum Tønsberg í Noregi, sem ég hafði aldrei heyrt um áður. Þar gætum við bæði fengið vinnu og húsnæði. Það hljómaði bara spennandi að breyta til, svo ég ákvað að slá til.“

Fljótlega eftir að þau Sveinn og Erna komu til Tønsberg kom í ljós að ekki stóðust öll loforð sem þeim höfðu verið gefin. Eftir nokkurra mánaða dvöl, sem einkenndist helst af óvissu og lægri launum en um var samið, ákvað Sveinn að kveðja Tønsberg. „Ég flutti hérna út til að greiða skuldir sem ég var með heima. En þarna fóru þær bara að hlaðast upp í staðinn. Ég hef heyrt svipaðar sögur af öðrum sem hafa verið að vinna á veitingastöðum hér, ég mæli ekkert sérstaklega með því.“

Svein langaði hins vegar ekki að flytja aftur heim og ákvað að freista gæfunnar í Ósló. Eftir nokkra leit datt hann í lukkupottinn og fékk góða skrifstofuvinnu hjá Hertz-bílaleigunni. „Ég er mjög ánægður í vinnunni, þó ég ætli ekkert að vinna í þessu alla ævi. En ég er á ráðherralaunum, svona þegar maður umbreytir þeim í íslenskar krónur. Það finnst mér gaman! Svo er ég með mjög skemmtilegt verkefni á þrjónunum, í samvinnu við annan, sem snýr að því að kynna íslenska menningu, allt frá hönnun til tónlistar, fyrir Norðmönnum.“

Sveinn segist ekki mæla með því við neinn að flytja til Noregs án þess að hafa vinnu og án þess að geta bjargað sér á norsku. „Ég bjó hérna þegar ég var yngri svo það hjálpaði mér og nú er ég alveg farinn að tala. En ég myndi

ekki mæla með því að koma hingað án þess að hafa tungumálið eða einhverja ákveðna menntun. Þá er mjög erfitt að fá vinnu.“

Þrátt fyrir að sakna vina sinna og fjölskyldu segist Sveinn langt frá því að vera á leiðinni heim núna. „Á tíma-bili, þegar ekkert var að ganga hjá mér hérna í Ósló, var ég að spá í að fara heim. En nú er allt að byrja að gerast hjá mér, svo ég sé ekki fram á að fara heim á næstu árum.“



Gott að ala upp barn í Noregi

Arnfríður Árnadóttir, í fæðingarorlofi og brátt nemi

Sumarið 2007 sat ég úti á götu í partýi í Reykjavík þegar sætur strákur gekk framhjá. Ég kallaði á hann, við töluðum saman í nokkrar mínútur og ég komst að því að hann var norskur. Hann fékk númerið mitt og eftir það vorum við alltaf í sambandi. Svo ákvað ég að fara með honum til Lillehammer í skíðaferð um páskana. Þá urðum við ástfangin.“

Þannig var aðdragandinn að því að Arnfríður Árnadóttir fór frá Íslandi til að setjast að í Ósló. „Ég flutti fyrst út í

maí 2008 og var hérna yfir sumarið að reyna að fá vinnu. Það var mjög erfitt, því ég hafði ekki norskuna, en að lokum fékk ég vinnu á kaffihúsi. Svo varð ég ólétt, fékk heimþrá og fór heim. Hann kom á eftir mér en fékk enga vinnu heima, því hann er smiður og þetta var bara mánuði fyrir hrúnið. Ég var að vinna sem verslunarstjóri í Rokki og rósum á meðan ég var ólétt, en á undan því hafði ég verið atvinnulaus í fjóra mánuði. Ég hef aldrei á ævi minni áður verið atvinnulaus og mér fannst það alveg hræðilegt. Dóttir okkar fæddist svo í maí og við vorum heima þangað til í ágúst að við fluttum aftur út.“

Síðan hefur Arnfríður verið heima í fæðingarorlofi með dóttur sína, en ætlar í skóla í haust. „Ég fer í fátahönnunarskólann Esmod í ágúst sem er mjög spennandi.“ Hún fær námslán frá norska ríkinu, af því að hún á barn með norskum manni. Og ef henni gengur vel í náminu og útskrifast fær hún 40 prósent af lánunum felld niður. Þannig virkar norski lánasjóðurinn hvetjandi fyrir námsmenn.

Arnfríði lifur vel í Ósló. „Ósló er vanmetin borg finnst mér. Hér er ótrúlega fallegt og alltaf eitthvað að gerast - tónleikar, markaðir og svoleiðis. Mér finnst æðislegt að vera hérna og mig langar ekkert heim eins og er. Hér eru allir líka svo glaðir og jákvæðir og það er gott að ala upp barn hérna. Leikskólakerfið er mjög gott og öll börn fá leikskólapláss þegar þau eru eins árs. En auðvitað langar mig líka að ala dóttur mína upp heima á Íslandi. Það er erfitt fyrir mömmu og pabba, ömmu og afa, að hitta hana aldrei. En ef ég ætti hana ekki held ég að ég væri ekkert að spá í að fara aftur heim.“

VINIR Sveinn Rúnar Einarsson og Arnfríður Árnadóttir voru kunningjar í Reykjavík en hafa kynnst vel í Noregi, eru orðin perluvínir. Þau búa bæði tvö í hverfinu Grünerløkka í Ósló.

FRÉTTABLAÐIÐ/FRÍDA

Það var ekkert annað í stöðunni en að flytja

Sigurður Ágústsson smiður

Húsasmiðurinn Sigurður Ágústsson flutti frá Selfossi til Noregs fyrir rétt rúmum fjórum mánuðum, en hann býr í bænum Fosnavåg á vesturströnd Noregs. Eiginkona Sigurðar og börnin þeirra tvö, þrjú ára og níu ára, búa enn þá á Íslandi. „Þau eru einmitt nýfarin heim, en þau voru í heimsókn hjá mér í fimm daga,“ segir Sigurður, sem segir heldur tömlengt um að litast eftir að fjölskyldan fór aftur. Það sé ekki óskastaða að búa hvort í sínu landinu, þó það gangi í sjálfu sér ágætlega. „Ég er smiður og það var orðið heldur lítið að gera hjá mér eftir kreppu. Svo vorum við með íbúðarlán sem tvöfaldaðist og bílalan sem tvöfaldaðist líka. Það var ekkert annað í stöðunni en að fara. Ég hef alltaf verið stór hluti af lífi barnanna minna og átt mjög mikið og gott samband við þau, svo þetta er alveg nýtt fyrir mér og eitthvað sem ég er ekki tilbúinn að gera lengi.“

Þau hjónin eru hins vegar ekki búin að ákveða hvort þau flytji öll til Noregs. „Upphaflega stóð til að fjölskyldan kæmi til mín. En það er mikill pakki að flytja svona á milli landa og við viljum ekki vera að hlaupa með börnin á milli landa, fyrr en við erum búin að ákveða að vera hérna í einhver ár.“ Hann sækir öðru hverju um störf heima en segir þó ólíklegt að hann finni eins góða vinnu og hann er í núna heima á Íslandi. Hann getur vel hugsað sér að fjölskyldan setjist að í Noregi. „Það er allt rosalega fjölskylduvænt hérna og mikið lagt upp úr því að allir hafi nægan tíma fyrir fjölskylduna. Fólk hættir að vinna klukkan fjögur, það er sjaldan unnið á laugardögum og alls ekki á sunnudögum. Detti manni til dæmis í hug að fara að vinna í garðinum á sunnudegi kemur nágranninn yfir og ávítar mann fyrir það!“

MYND/HENNING KARLSEN



Á meðan fjölskylda Sigurðar er heima á Íslandi nær hann að lifa spart og senda góðar fjárhæðir heim, til að greiða niður lánin þar. „Við erum í greiðsluáðlögunarferli núna, þannig að það kemur sér vel að ég næ að senda um 215 þúsund íslenskar krónur heim hálfsmánaðarlega.“ Sigurður segir allt hafa gengið snurðulaust fyrir sig hingað til, sér hafi verið vel tekið og greinilegt sé að Íslendingar séu vel liðnir á þessum slóðum. „Ég held það sé líka auðvelt að aðlagast samfélaginu hérna, enda hefur manni verið tekið opnum örmum alls staðar sem maður hefur komið. Þetta er ekki ósvipuð menning og okkar, nema að hér er ekki þessi gríðarlegi hraði. Hérna tekur til dæmis 3 til 4 vikur að fá internet í fyrsta skipti. Og það er bara allt í lagi!“

Hátíðarhöld um land allt

Sjómannaþegi er fagnað um land allt með fjölbreytilegum hætti um helgina

SÍÐA 7



Stelpurnar segja mér til

Feðginin Björn, Ingibjörg og Elísabet eru öll í karate

SÍÐA 2

fjölskyldan

[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM FJÖLSKYLDUNA]

júní 2010



Ævintýri í New York

Anna María Bogadóttir og Gunnlaugur Friðrik Friðriksson búa í New York ásamt tveimur börnum sínum, Una Nils og Áshildi Herdísí. Fjölskyldublaðið slóst í för með þeim einn sólríkan og heitan júnídag og fékk ábendingar um skemmtilega hluti sem gera má með börnum í stóra eplinu.

Mannlíf ofan- og neðanjarðar

Börn rétt eins og fullorðnir hafa gaman af því að sjá eitthvað nýtt. Gulu leigubílastar í New York eru öðruvísi en bílastar heima, ferð í neðanjarðarlest getur verið hreinasta ævintýri, lögreglubílastar eru öðruvísi en á Íslandi, götulistamenn eru út um allt og mannlífið er auðvitað ævintýrlega fjölskrúðlegt. Anna María bendir á að nýja og skemmtilega sýn af New York megi sjá úr hinum nýopnaða garði The High Line og þar hefst leiðangur dagsins. Garðurinn er byggður í kringum gamla járnbrautarteina sem reistir voru ofan götu, á nokkurs konar brúm í iðnaðarhverfi sem þá var. Hætt var að nota lestir til flutninga á þessum slóðum í annarri heimsstyrjöldinni og teinarnir og svæðið sem þeir eru á féllu í niðurníðslu. Í stað þess að rífa mannvirkið var afraðið að gera svæðið að almenningsgarði sem tekinn var í notkun á síðasta ári. Hann liggur í Meatpacking-hverfinu og Chelsea og það er gaman bæði fyrir börn og fullorðna að ganga eftir honum, útsýnið yfir nágrennið er mjög skemmtilegt, bæði yfir hús og umferðina. Fyrir áhugasólk um borgir og skipulag getur verið sérlega skemmtilegt að sjá hvernig hægt er að gefa gömlum mannvirkjum nýtt hlutverk með afar góðum árangri.

Listin til barnanna

Söfnin í New York eru óteljandi og þó að ekki sé mælt með endalausum safnadögum í ferðalaginu þá er vel þess virði að kynna sér flórana í stórborginni. Anna María mælir með því að kíkt sé í galleríin í Chelsea, þar er þægilegt að líta á spennandi sýningar og margt spennandi fyrir unga sem aldna. „Ég vil fara í þrjú gallerí,“ segir Uni Nils sem er þriggja ára og áhugasamur listunnandi. Fyrir valinu verður meðal annars hið rómaða Gagosian gallerí en þar er nú sýning á verkum Roy Lichtenstein frá áttunda áratugnum.

Af söfnum með sérstaklega eru fyrir börn má svo nefna Barnasafn Manhattan, Childrens Museums of Manhattan, sem er margrómað safn sem hvetur til menningarlegrar fjölbreytni og sköpunar í gagnvirkum sýningum, www.cmom.org.

Central Park

Að vera í Central Park er ævintýri út af fyrir sig segja Anna María og Gunnlaugur sem að fara oft með börnin í þennan stærsta almenningsgarð á Manhattan. Þar er fjöldinn allur af leikvöllum sem hver hefur sinn karakter. Á sumrin er hægt að busla í vatni á nokkrum þeirra og um að gera að hafa sundföt á börnin með í farangri dagsins. Á meðan börnin leika sér geta fullorðnir stúderað jafnaldrana sína en mann-



Sigríður
Tómasdóttir
skrifar

Land lagt undir fót

Sumarið er komið og tími ferðalaganna runnin upp. Ég er mikil sumarmanneskja og kann afar vel við mig annars staðar en heima hjá mér á þessum góða árstíma. Sem betur fer virðast börnin deila þeim smekk með mér að gaman sé að vera á ferðinni. Sumarbústaðaferðir eru í uppáhaldi og nú þegar allt er orðið vænt og grænt þá styttest í fyrstu tjaldferðina.

Eitt er þó í þessu sumarlíferni sem mér þykir frekar snúið – það er að pakka niður. Það kannast kannski fleiri við það hversu fjarri íslenskum ferðaraunveruleika það er að henda örfáum hlutum niður í tösku og halda af stað.

Alltaf þarf að hafa í huga að það gæti verið ískalt, nánast vetrarkuldi. Og svo gæti líka verið hlýtt og sólríkt í ferðalaginu. Ég ligg á netsíðum sem sýna veður næstu daga áður en ég held í ferðalag en þó aldrei að taka mark á spánum, minnug heitustu helgar ársins hér um árið sem veðurfræðingar lofuðu einlæga áður en þeir sendu mig í þokusúld upp á hálandið.

En sem sagt – þessi óvissa gerir það að verkum að það er meira eins og maður sé að flytja en að fara í helgarferð þegar farangurinn hefur verið tekinn saman. Þess vegna er það minni fyrirhöfn að mörgu leyti að leggja í langferð þegar sumarfrið langbráða er gengið í garð. Pakka bara í eitt skipti fyrir öll og halda af stað.

Þetta tókst okkur einu sinni fjölskyldunni og vorum við þá tæpar þrjár vikur á ferðinni á hinu fallega Íslandi. Með sama farangur og ef um langa helgi hefði verið að ræða auðvitað af ástæðunni sem ég greindi áðan.

Ferðin hófst með því að þvera landið yfir Sprengisand. Á leiðinni norður gistum við í Nýjadal í tjaldi. Þaðan var svo ekið niður í Eyjafjörð og sem leið lá í Svarfaðardal þar sem gíst var í nokkrar nætur. Næst á dagskrá var að setjast að á Akureyri í tæpa viku. Í þessari norðandvöl var ýmislegt skoðað; Hrísey, Þorgeirsfjörður, Safnasafnið, gengið á Súgur og slappað af. Svo var ekið sem leið lá austur á Hérað og slegist í hóp göngugarpa sem voru að fara að skoða Kringilsárrannann og önnur náttúruundur sem eru horfin í dag vegna Kárahnjúkavirkjunar.

Eftir gönguna var slappað af í Hallormsstaðarskógi í nokkra daga áður en lagt var af stað til Reykjavíkur eftir smá krókaleiðum. Á heimleiðinni gistum við á fallegasta tjaldsvæði landsins í Möðrudal og á Þeistareykjum.

Ég mæli með því að leggjast í langferð á sumrin, allir hafa svo gaman af tilbreytingunni og eftir langt ferðalagið er alltaf virkilega gott að koma heim.

Fjölskyldan kemur út mánaðarlega með helgarblaði Fréttablaðsins. **Ritstjórn:** Sigríður Björg Tómasdóttir **Hönnun:** Silja Ástþórsdóttir **Forsíðumynd:** Gettyimages **Pennar:** Ragnheiður Tryggvadóttir, Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, Marta María Friðriksdóttir **Ljósmyndir:** Fréttablaðið **Auglýsingar:** Benedikt Jónsson benediktj@365.is

Stelpurnar segja mér til

Sameiginleg áhugamál geta styrkt böndin innan fjölskyldunnar. Feðginin Björn Halldórsson, Ingibjörg og Elísabet deila sameiginlegum áhuga á karate og fótbolta. Stelpurnar segja frábært að æfa með pabba.

Ég er einstæður faðir með stelpurnar mínar tvær. Fjölskyldulífið er mitt líf og því frábært að við feðginin séum svona á sömu bylgjulengdinni,“ segir Björn Halldórsson en feðginin æfa öll saman karate hjá Karatefélaginu Þórshamri.

Ingibjörg 10 ára og Elísabet 8 ára hafa einnig æft fótbolta hjá Val frá því þær voru fimm ára og voru líka í ballett þegar þær sáu myndina Kung Fu Panda. Þá langaði þær að prófa karate og eftir það varð ekki aftur snúið.

„Áhuginn er alfarið þeirra og eftir að þær voru byrjaðar í karateinu fór ég sjálfur líka að æfa karate. Ég er með appelsínugula beltið en Ingibjörg er með rauða og Elísabet með hálf rautt. Þær stefna báðar á svarta beltið. Ég er reyndar að æfa fótbolta með utan-deildarliði svo við eigum líka fótboltann saman,“ segir Björn, sem ætlar einmitt með dæturnar í sumarbústað um næstu helgi þegar heimsmeistarakeppnin í fótbolta byrjar. „Ég reikna fastlega með því að við horfum á leikina saman.“

Ingibjörg, sem státar af Íslandsmeistararitli í sínum aldursflokk í Kata, segir þær systurnar vera orðnar miklu betri en pabbi þeirra í karate og segi honum hiklaust til. „Við þurfum stundum að sýna honum hvernig á að gera því pabbi gerir tæknina stundum ekki rétt.“ Björn tekur undir þetta hlæjandi og viðurkennir að hafa orðið dálítið stressaður þegar þær fylgdust með honum taka appelsínugula beltið. „Þær fylgdust vel með og eftir á sagði Elísabet mér til, ég væri allt of mikið út með rassinn í æfingunum. Þær eru líka miklu liðugri en ég og þegar ég var að teygja hjálpuðu þær mér báðar, önnur ýtti á bakið og hin togaði í beltið mitt. Þetta tengir okkur auðvitað mikið saman og gefur okkur mikið að geta æft saman,“ segir Björn.

Stelpurnar segja báðar að það sé frábært að æfa íþróttir með pabba og karate sé langskemmtilegast. Það sé líka gaman að geta fylgst hvor með annarri.

„Mér finnst langskemmtilegast að gera Kata,“ segir Elísabet en hún hefur staðið sig vel í því og vann meðal annars silfurverðlaun í hópi-Kata og bronsverðlaun í einstaklings-Kata.

„Mér fannst alveg magnað að sjá yngri stelpuna mína á Íslandsmótinu þar sem hún stóð ein á gólfinu með fullt af fólki að horfa á. Hún tilkynnti bara hátt og snjallt hvaða Kata hún ætlaði



Langskemmtilegast Björn segir það að æfa með stelpunum sínum gefa sér mikið og tengja þau feðginin saman.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

að gera, sýndi hana og hneigði sig svo. Ég hef líka sjaldan verið eins hræður og þegar þær hoppuðu báðar úr hálfu gulu belti yfir í heilt appelsínugult. Þau

voru bara þrjú sem náðu þeim árangri í hópnum og þar voru þær báðar stelpurnar mínar, þá munaði engu að ég felldi tár.“

- rat

Veiðikortið 2010

Veiddu í 32 vatnasvæðum vítt og breitt um landið fyrir aðeins

6.000 kr.

Vegleg handbók fylgir hverju seldu korti



Nánari upplýsingar á www.veidikortid.is

Fæst hjá N1, veiðibúðum, www.veidikortid.is og víðar! Frí heimsending þegar keypt er á www.veidikortid.is

HÁTÍÐ

Hættu að hanga! Fjölskyldudagur Ungmennafélags Íslands, UMFÍ, verður haldinn við rætur Miðfells í Hrunamannahreppi í dag og má vænta besta veðurs ef marka má veðurspár. Dagskráin hefst klukkan eitt en tilefnið er að vekja athygli á verkefninu Hættu að hanga! Komdu að hjóla, synda eða ganga, og hvetja unga sem aldna til að hreyfa sig. Skipulögð dagskrá er í sveitinni í tilefni dagsins og meðal þeirra sem koma fram eru vinningshafi í söngvakeppni framhaldsskólanna, Íþróttarálfurinn og Solla stírða. Deginum lýkur með göngu á Miðfell sem er eitt af tveimur fjöllum sem Héraðssambandið Skarphéðinn (HSK) hefur tilgreint í verkefninu Fjölskyldan á fjallið. Farið verður með póstkassa upp á fjallið á þessum degi og fólk hvatt til að skrifa í gestabókina. Fyrir þá sem ekki þekkja til má þess geta að Miðfell er við Flúðir.



HÁTÍÐ HAFSINS

5.-6. júní 2010

www.hatidhafsin.is

kaþpróður

Flöskuskeyti

Fiskmarkaður

Siglingar

sjómannaög

kaðaklifur

Furðufiskar

mmmmmm fiskur

Færeysk skúta

Hopp og skopp
fyrir krakkana

Føroyskur
dansur

... og miklu fleira

Grandagarður Reykjavíkur



Faxaflóahafnir sf
Associated
Icelandic
Ports





ÍSLAND-NEWYORK Flug frá Íslandi til New York tekur um fimm klukku-stundir. Icelandair hefur um árabíl flogið á JFK-flugvöll en í liðinni viku hóf Iceland Express áætlunarflug á Newark-flugvöll í nágrenni borgarinnar.

FRAMHALD AF FORSIÐU

Lífð er fjölskrúðugt þarna eins og annars staðar í New York. Barnfóstrur eru oft í fylgd með börnum á leikvöllum en það er í tísku að eiga börn í New York og elítan mætir líka á leikvöllum og er einkar áberandi á leikvöllum nálægt fimmtu breiðgötu austan megin í garðinum. Í Central Park er bæði skemmtigarður og dýragarður og er sá síðarnefndi sérlega skemmtilegur. Sænska brúðuleikhúsið við 81. stræti er skemmtileg upplifun en það er nauðsynlegt að panta miða á sýningar þess. Hægt er að lesa sér til um garðinn og uppákomur í honum í www.centralparknyc.com.

Hlaupið í kringum „blokkina“

Eins og margir vita er auðvelt að rata í New York. Manhattan er á flestum stöðum lögd hornréttum götum, annars vegar breiðgötum og hins vegar númeruðum götum. Þess vegna er alltaf hægt að ganga hringinn í kringum húsalengjur án þess að fara yfir götu. Það er þægilegt ef viðra þarf börnin áður en sest er niður að borða bendir Gunnlaugur á en þeir feðgar skokka stundum hringinn í kringum „blokkina“ til að hressa sig við.

Það gera þeir einmitt áður en sest er niður til að borða kvöldmatinn og taka Áshildi Herdís með.

Skammtarnir duga fyrir tvo

Veitingastaðir í New York taka flestir afar vel á móti smáfólkinu. Það er minnsta mál að fá aukadisk á borðið og því ekki nauðsynlegt að panta skammt fyrir börnin enda skammtastærð iðulega þannig að nægir fyrir fullorðinn og barn, að minnsta kosti á meðan þau eru lítil. „Við erum ekki hrifin af barnamatseðlum,“ segir Gunnlaugur sem mælir með því að börnin smakki það sem er á borðum fyrir fullorðna.

Anna María bendir á að þægilegast sé að fara snemmkvöld út að borða með börn, þá sé meira pláss og auðveldara að breiða úr sér með börnin. Dagurinn endar að þessu sinni á Taco Taco á 2. breiðstræti (1726 Second Ave) ofarlega í Austurborginni, Upper East Side. Það er rómaður mexíkóskur veitingastaður og börn og fullorðnir gera matnum góð skil.

sbt



Skemmtilegt sjónarhorn Úr High Line-garðinum nýopnaða er umhverfið skoðað frá nýju sjónarhorni. Börnum þykir gaman að setjast niður og fylgjast með umferðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGRÍÐUR



A heimavelli í New York Uni Nils, Áshildur Herdís, Anna María og Gunnlaugur Friðrik.




Með is í garðinum Góður í sumarhitnum.



Á FERÐINNI MEÐ BÖRN Í NEW YORK

Þægilegir og barnvænir

Það er mikilvægt þegar ferðast er með börn að ætla sér ekki of mikið í einu og gott að hvíla lúin bein reglulega. Fjölskyldublaðið mælir með stoppi á Le Pain Quotidien-kaffihúsaðjunni sem er víða að finna á Manhattan. Þar á matseðli er ljúffengt brauðmeti og ýmis konar veitingar sem börnum sem fullorðnum líkar. Innréttingarnar eru látlausear og heimilislegar og allt er afar snyrtilegt. Sem sagt, tilvaldir staðir fyrir matar- og pissupásur.



Frá einum stað til annars

New York-búar eru hjálplegir og munu örugglega bjóðast til þess að halda undir barnakerru niður tröppurnar í neðanjarðarlestina. Enn þægilegra er auðvitað að notast við lyftur, en þær eru ekki á öllum lestarstöðvum. Á betri kortum eru lestarstöðvar með lyftum merktar sérstaklega og ekki vitlaust að miða ferðalag með barnakerru við þær. Rétt er að benda á að ekki má fara með kerrur í strætisvagna borgarinnar, nema þær séu samanbrotnar. Leigubílar geta verið mjög góður kostur ef ferðast skal bæjarenda á milli með fjölskylduna.

Mjólk er góð

Stundum er reynt að halda því fram að mjólkurvörur séu hvergi góðar nema á Íslandi. Það er ekki alls kostar rétt og til að mynda eru frábærar mjólkurvörur seldar í New York undir vörumerkinu Ronny Brook Farm Dairy. Mjólk frá þeim er afar góð og ekki síður jógúrtin og ísinn. Vörurnar eru seldar í betri matvörubúðum en nánari upplýsingar um bóndann og afurðirnar má lesa á heimasíðunni www.ronnybrook.com.



Grænt er vænt

Hin þéttbýla New York statar af fleiri gördum en Central Park. Víða um borgina er að finna litla garða sem hugsað er um af sjálfbodaliðum og eru opnir almenningi að minnsta kosti tíu tíma á viku. Á heimasíðunni www.greenthumbnyc.org er hægt að skoða hvar þessir garðar eru. Fjölskyldublaðið slappaði af í garði á horninu á sjötta stræti og breiðgötu B (6th East, Av B) en þar var hægt að borða nesti í gróðurvin, spjalla og reyndar stinga fartölvu í samband og tengjast umheiminum.



FLUGSÝNING verður haldin á Reykjavíkurflugvelli í dag. Svæðið verður opnað klukkan 12 en sýningin hefst klukkan 13. Boðið verður upp á fallhlífarstökk, listflug, þyrluflug, stuttbrautarflugtak, móðelflug, sviffug, bóndaflug og ýmislegt fleira.



ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar **Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

Austurlanda Hradlestin

SUMARTILBOÐ

Allir lambaréttir á 1.495 kr.

Listaverðið er 1.895 kr.
Tilboðið gildir í júní og júlí

Pöntunarsími: **578 3838**

INDIA
EKTA INDOVERSKUR MATUR

TAKTU MEÐ EÐA
BORÐADU Á STAÐNUM

AUSTURLANDA-HRADLESTIN SPÖNGINNÍ HLÍÐARSMÁRA HVERFISGÖTU WWW.HRADLESTIN.IS



Einar stefnir á að spóka sig í bænum í dag með börnunum sínum, Agnari Daða og Elísabetu Ásu, og renna jafnvel fyrir fisk með syninum sem er sjö ára.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Fyrstu fríhelgi ársins eytt með fjölskyldu og vinum

Það hefur verið mikið að gera hjá handboltakappanum og íþróttafréttamanninum Einari Erni Jónssyni undanfarið. Hann segir fjölskylduna og félagana eiga inni hjá sér og hyggst bæta úr því um helgina.

„Það stefnir loksins í að ég eigi fríhelgi,“ segir Einar Örn Jónsson, handboltakappi hjá Haukum og íþróttafréttamaður á RÚV og heyrir má að honum leiðist hreint ekki að gera þær upplýsingar opinberar.

Að sögn Einars hefur verið mikið að gera hjá honum undanfarið. „En núna er ég ekki á vakt, engar beinar lýsingar þessa helgina heldur og engar æfingar í ofanálag. Þetta er fyrsta fríhelgin á þessu ári og verður nýtt í

fjölskylduna sem á orðið inni hjá mér,“ segir Einar. Hann stefnir á að spóka sig í bænum með börnunum sínum í dag og renna jafnvel fyrir fisk með sjö ára syni sínum. „Hann hefur lúmskt gaman af því að veiða en heillast samt meira af kakóinu og kleinuhringjunum sem er tekið með sem nesti. Svo verður aflinn, eða kleinuhringirnir, grillaður í kvöldmat,“ segir Einar og hlær.

Laugardagskvöldinu hyggst

Einar verja í góðra vina hópi. „Ég stefni á að hitta félagana og grípa í spil og bjór, en það verður sífellt erfiðara með árunum. Sunnudagurinn verður svo klassískur sumarsunnudagur. Afslöppun og rólegheit, sund og ís. Svo matur hjá mömmu til að kóróna letidaginn. Þetta er í grófum dráttum planið en líklega rignir alla helgina með norðangarra og ekkert verður úr neinu,“ segir hann.

kjartan@frettabladid.is

Patti.is

Landsins mesta úrval af sófasettum



Man M87
• 349.900kr

tilboð gildir 5. maí

Láttu þér líða vel í sófa frá Patta

Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is
Opíð : Mánud. - Föstud. frá 9 til 18 og Laugard. frá 11 til 16

ALLT


Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473

Henný Árnadóttir
henny@365.is - sími 512 5427

Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is - sími 512 5447

TÍSKA

Fimmtudaga



FÖGNUM SUMRI

20% afsláttur af öllum
sængurfatnaði í dag

Vönduð íslensk hönnun á góðu verði
Opíð 11 - 16

Lin
DESIGN

Laugavegi 176, gamla sjónvarpshúsið | Sími 533 2220 | www.lindesign.is

HÖNNUN



BRÚÐARKJÓLINN getur verið gaman að hanna og sauma sjálf en það er hægt að gera undir handleiðslu reyndra klæðskera og fatahönnuða á námskeiði hjá Endurmenntunarskóla Tækniskólans.

fridaskart.is



„Slétt og brugðið“

fríða

SKARTGRIPAHÖNNUÐUR & GULLSMÍÐUR

Strandgötu 43 | Hafnarfirði

Sótti í gamalt verklag

Keramikhönnuðurinn og kartöflubóndinn Halldóra Hafsteinsdóttir opnaði sýninguna Nú er lag í gær á Skörinni hjá Handverki og hönnun í Aðalstræti 10. Þar sýnir hún tvö verk, Hreyfingu og Minningu.

Halldóra lauk nú í vor tveggja ára námi í Mótun, leir og tengd efni í Myndlistaskóla Reykjavíkur og sýnir tvö verk á Skörinni sem hún vann á lokaárinu. „Verkið Hreyfing vann ég fyrir júl út frá hreyfingunni að heilsa með handabandi en ég ímyndaði mér hana svona,“ útskýrir Halldóra. Leirinn skar hún niður í ræmur með ostaskera og límdi svo á botnplötuna hangandi á hvolfi. „Þegar leirinn hafði

þornað aðeins sneri ég skálinni eða vasanum við og brenndi. Í könnunni Minning vann ég hins vegar út frá gömlu verklagi en í gamla daga þegar fólk hafði minna milli handanna voru leirmunir sem brotnuðu lagfærðir. Það var gert á þann hátt að brotin voru spengd saman, annaðhvort með jární eða bandi og hluturinn svo soðinn í mjólk í klukkutíma. Við það urðu einhver efnaskipti svo að hlutur-

inn límdist saman og varð vatns-heldur.“

Könnuna byggir Halldóra á gamalli könnu sem afi hennar lagfærði með þessu lagi en kannan sýnir í eigu Halldóru. Við vinnslu könnunar steypiti Halldóra könnu frá grunni, braut hana og spengdi svo saman aftur. „Ég tók síðan mót af lagfærðri könnunni og steypiti í það. Mér fannst viðeigandi að vinna með þessa gömlu aðferð nú eftir að við höfum lifað í svo miklu neytlusamfélagi undanfarin ár.“

Nú er lag er fyrsta einkasýning Halldóru en áður hafði hún tekið þátt í samsýningum. Hún er ekki ókunnug keramikvinnu en síðastliðin tólf ár hefur hún unnið með leir á vinnustofu sinni í Háskoti í Þykkvabæ þar sem hún ræktar kartöflur og hross. „Mig langaði alltaf að læra leirvinnsluna almennilega og dreif mig því til Reykjavíkur í skólann þegar ég sá námið auglýst. Ég fæ innblásturinn síðan úr sveitinni en í Þykkvabænum er svo hátt til lofts og vítt til veggja og mikil fjallasýn.“

Sýningin stendur til 22. júní og er opin alla virka daga milli klukkan 9 og 21. Á laugardögum er opið milli klukkan 10 og 17 og á sunnudögum milli klukkan 12 og 17.

heida@frettabladid.is



Halldóra Hafsteinsdóttir keramikhönnuður opnaði sýna fyrstu einkasýningu á Skörinni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Kannan Minning er byggð á gamalli könnu sem afi Halldóru spengdi saman eftir að hún brotnaði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Leirinn skar Halldóra niður í ræmur með ostaskera og límdi á á botnplötuna hangandi á hvolfi. MYND/HALLDÓRA HAFSTEINSDÓTTIR

ALLT HEILSA

Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is
sími 512 5473

Henný Árnadóttir
henny@365.is
sími 512 5427

Þórdís Hermannsdóttir
thordis@365.is
sími 512 5447

Priðjudaga

MÓTUN - TEIKNING - TEXTÍLL
3 nýjar námsleiðir
Metið til 120 ECTS eininga til BA gráðu hjá erlendum samstarfsskólum

UMSÓKNARFRESTUR TIL 9. júní

MYNDLISTASKÓLINN
Í REYKJAVÍK

umsókn www.myndlistaskolinn.is

KNOWHOW VERKLAG II Leonardo da Vinci
Tækniskólinn skóli atvinnulífsins www.tskoli.is



Firenze, Milano, Roma, Barcelona, Madrid, Glasgow, London

Alþjóðlegt nám í hönnun og tízku

Í samstarfi við alþjóðlega fagháskóla í fjórum löndum bjóðum við mikið úrval námsgreina í hönnun, miðlun, listum og tízku.

Fatahönnun • Textíl- og tískuhönnun • Skartgripahönnun • Tískuljósmyndun • Auglýsingar • Grafísk hönnun • Ljósmyndun • Markaðsfræði • Kvikmyndagerð • Leikmyndagerð • Innanhúshönnun • Iðnhönnun • Arkitektúr • Ljósahönnun • Vöruhönnun • Margmiðlun • Sýningahönnun • Hönnun almenningsvæða • Blaðamenska • Viðburðastjórnun.

ESSENAM 03/10

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ • SÍMI 562 2220 • WWW.LINGO.IS

lingo
MÁLAMIÐLUN

Hringdu í síma

512 5060

ef blaðið berst ekki





Frænkurnar Kristín og Kolbrún Edda eru margreyndar í bransanum.



Snafsglósín rúma u.þ.b. tvöfalda snafs og eru seld fjögur saman í öskju.



Kertaglós fyrir venjuleg sprittkerti.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Frænkur hanna saman

Lopapeysa sem klæjaði undan kveikti hugmyndina að vörulínunni Auntsdesign hjá frænkunum Kristínu Stefánsdóttur og Kolbrúnu Eddu Júlíusdóttur. Íslenska lopapeysumunstrið er í fyrirrúmi á vörum þeirra.

„Við höfum fengið alveg stórkostleg viðbrögð við þessari vörulínu og það kom okkur reyndar dálítið á óvart hversu móttökurnar hafa verið góðar frá Íslendingum, því upphaflega markmiðið var að ná til ferðamanna,“ segir Kristín Stefánsdóttir, sem ásamt frænku sinni, Kolbrúnu Eddu Júlíusdóttur, setti vörumerkið Aunts Design Iceland á fót í desember síðastliðnum. Markmið þeirra er að bjóða upp á ýmsar vandaðar vörur þar sem íslenska lopapeysumunstrið er haft í fyrirrúmi.

Frænkurnar hafa báðar mikla reynslu í bransanum, en Kristín stofnaði og hannaði NONAME-förðunarlínuna og Kolbrún er textíl-hönnuður. Hugmyndina fengu þær á síðasta ári þegar þær sinntu báðar hlutastörfum. „Við förum að velta fyrir okkur sniðugum hlutum til að gera í kreppu og leist vel á ferðamannaíðnaðinn, sem við trúðum að yrði stór á næstu árum. Hugmyndin kviknaði þegar yngri sonur minn gat ekki klæðst lopapeysu vegna kláða og það var vöntun á bolum með áprentuðu lopamunstri,“ segir Kristín og bætir við að munstrið sem notað er á fyrstu vörurnar sé fengið frá peysu sem tengdafaðir Kolbrúnar fékk að gjöf á sjöunda áratugnum.



Frænkurnar ákváðu þó að einblína ekki á bali heldur settu stefnuna á að þróa og hanna heilsteypa vörulínu sem samanstendur af könnum, glösum fyrir snafsa og kerti auk handprentuðu bolanna sem fást í öllum stærðum, fyrir karla, konur og börn. „Það hefur ansi mikil vinna farið í að hanna munstrið og grafíkina, en auk þess leggjum við mikið upp úr því að umbúðirnar séu fallegar og hver vara sé í raun tilbúin, falleg gjöf. Þar höfum við notið aðstoðar grafíska hönnuðarins Róberts Einarssonar,“ segir Kristín.

Hún segir von á nýjungum í vörulínunni fljótlega, jafnvel strax í haust, enda vinna frænkurnar eftir þriggja ára áætlun sem felur í sér að sinna innanlandsmarkaði vel í upphafi. „Við erum afar stoltar af þessum vörum og ekki síst því að mestöll vinna við vörurnar fer fram hér á Íslandi,“ segir Kristín. Frekari upplýsingar um línuna og útsöluástandi má finna á auntsdesign.is.

kjartan@frettabladid.is

Leynigarður í glasi

MÍNIGARÐAR Í HVERS KYNS KRUKKUM ERU AFTUR AÐ SLÁ Í GEGN.

Tilurð mínigarða má rekja til grasafræðingsins Nathaniels Ward árið 1829 þegar hann tók eftir því að burkni sem hann ræktaði tók að blómstra þrátt fyrir að vera í þéttlokaðri sultukrúku. Svo frumleg þótti sú uppgötvun hans, og gagnleg á tímum sjóferða, að Evrópu-búar gátu nú tekið heim með sér hitabeltisplöntur á ferðum þar sem vatn var af skornum skammti, en burkni Wards var sýndur á heims-sýningunni 1851 sem jurt sem hafði ekki verið vökvuð í átján ár.

Það er leikur einn að útbúa eigin mínigarð og krefst lítils annars en glerláts, malar, moldar og plantna.

Fyrst er sett möl í botninn og svo pokastrigi eða mosi yfir mölina. Því næst eru sett viðarkol og að síðustu mold, en þá er tíma-bært að koma fyrir plöntum, helst smávöxnum og tiltölulega harðgerum sem una sér vel í meðalröku umhverfi, eins og burkna, bergfléttu og bromeliu.

Haltu jarðveginum rökum en vökvaðu sparlega og gættu þess að ekki myndist of mikill raki en þá myndast þétting á glerið og sveppagróður sest á plöntur og jarðveg. Hagræddu lokinu til að stjórna rakamagninu, því á endanum kemst á jafnvægi. Mínigarðar án loks þurfa meiri vökvun og umsjá þar sem uppgufun verður meiri.

Þeir ákófustu skreyta mínigarða sína með steinum og hvers kyns figúrum, en í gördum sem þessum myndast dásamleg lítil veröld sem hægt er að hafa inni fyrir þá sem ekki geta keypt sér landareign úti í náttúrunni.



Mínigarðar eru sveipaðir dulúð þar sem þeir lifa og dafna í eigin loftslagi.



Íslensk hönnun er auðlind til framtíðar

Kraum í Aðalstræti, Kjarvalsstöðum, Hönnunarsafni Íslands og Kraum-ung í Hafnarhúsi.



lõnnám Listnám Hönnun Handverk

Innritun stendur yfir til 11. júní



lõnskólinn í Hafnarfirði
www.idnskolinn.is - s. 585 3600



Hundrað fleiri hundar hafa verið skráðir á sumarsýningu Hundarættarfélag Íslands heldur en í fyrra.

Þáttökumet slegið

Þáttökumet hefur verið slegið á sumarsýningu Hundarættarfélag Íslands sem verður um helgina.

„Það eru hundrað fleiri hundar skráðir heldur en á sumarsýninguna í fyrra,“ segir Valgerður Júlíusdóttir, framkvæmdastjóri Hundarættarfélag Íslands, en 746 hreinræktaðir hundar af 80 hundakynjum eru skráðir til leiks. „Við áttum ekki von á þessu því það var metþátttaka á síðustu sýningu.“

Valgerður segir að þessi mikli fjöldi hafi komið aðstandendum

Hundarættarfélag Íslands mjög á óvart. „Við erum alltaf að bíða eftir niðursveiflunni og þetta kom okkur algerlega í opna skjöldu,“ segir Valgerður brosandí.

Dagskráin hefst klukkan níu á laugardag. „Dómar byrja klukkan níu báða dagana og þá eru tegundir dæmdar,“ segir Valgerður og heldur áfram: „Um hálf þrjú leytið eru úrslit og þeir sem vinna á laugardegnum koma aftur á sunnudaginn að keppa um besta hund sýningarinnar.“

Sýningin er haldin í reiðhöllinni í Víðidal og hefst klukkan 9 bæði á laugardag og sunnudag.

- mmf

Sprell með Hans klaufa

Það er sannkallaður dýrðardagur fyrir börn á Björtum dögum í Hafnarfirði í dag og hægt að flakka milli staða til að skoða fugla, leika sundknattleik, skoða mótörhjól og skottast um með Hans klaufa.

„Í dag snýst dagskrá Bjartra daga fyrst og fremst um börnin og boðið er upp á viðburði sem gerast bæði undir berum himni sem og innanhúss,“ segir Marín Hrafnadóttir, menningar- og ferðamálafrú Hafnarfjarðar, um freistandi fjölskyldudag í tilefni 102 ára afmælis bæjarins.

„Tilvalið er að byrja daginn á fuglaskoðun í Höfðaskógi og við Hvaleyrarvatn með vönum fuglaskoðurum, en fuglalíf er ríkulegt við þessa náttúruperlu bæjarins. Gangan hefst klukkan tíu við Selið, bælistöð Skógrættarfélag Íslands, og tekur um tvo tíma,“ segir Marín sem heldur áfram upptalningu á skemmtidegi í Hafnarfirði.

„Í Ásvallalaug verður fjölbreytt dagskrá fyrir börn og unglunga frá 10.30 til 16 og boðið upp á prufutíma í ungbarnasundi, krakkasundæfingu, sundknattleik fyrir 12 til 16 ára og prufuköfun með köfunarskólunum Kafarinn.is fyrir 15 ára og eldri,“ segir Marín og minnir næst á spennandi kost fyrir unglunga.

„Í Músík og mótör er æfingaaðstaða fyrir tíu unglingahljómsveitir og fá gestir að skoða aðstöðuna. Þar munu mótörhjólarnir einnig vera með opið verkstæði og boðið verður upp á grillaðar pylsur fyrir gesti og gangandi.“

Hápunktur barnadagskrár dags-



Marín Hrafnadóttir, menningar- og ferðamálafrú Hafnarfjarðar, í ævintýralegrum umgjörð Helligserðis sem í dag mun lifna við af fjöri og leik.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ins er sýning leikhópsins Lottu á Hans klaufa í heillandi heimum Helligserðis.

„Hans klaufi og hans vinir munu sprella með krökkunum milli tveggja ókeypis fjölskyldusýninga og munu ráða ríkjum í Helligserði frá klukkan 13 til 17. Einnig verður ratleikur um Helligserði þar sem börn þurfa að finna svör við spurningum um allt milli himins

og jarðar sem tengist Helligserði og Hafnarfirði, en vísbendingar eru í garðinum. Þá verður einnig skemmtilegur ratleikur um höggmyndagarðinn á Víðistaðatúni þar sem tvinnast saman skemmtileg fræðsla og útivist fyrir alla fjölskylduna.“

Sjá nánar um dagskrá Bjartra daga um helgina á www.hafnarfjordur.is.

thordis@frettabladid.is

Kynning

Á leið til Indlands í leit að besta

Uppfinningamaðurinn Ólafur Sólímán er að setja engiferdrykkinn aada á markað í litlum flöskum sem kosta álika mikið og góður kaffibolli. Áður fékkst drykkurinn í fimm lítra umbúðum og

„Hvað settir þú út í drykkinn, drengur,“ er algengasta spurning sem ég fæ eftir að fólk hefur prófað Aada-drykkinn í nokkra daga. Þegar ég spyr á móti hvaða áhrifum viðkomandi finni fyrir, heyrir ég hinar ótrúlegustu sögur,“ segir Ólafur. Hann viðurkennir að um galdur virðist vera að ræða. Vörumerkið er My Secret enda er aðferðin við framleiðsluna algert leyndó að sögn Ólafs þó að hráefnið sé gefið upp og sé 100% náttúrulegt. Engiferið er í aðalhlutverki og nú ætlar Ólafur til Indlands á næstunni að hitta ræktendur þar og velja hráefnið eftir sínu höfði. „Það eru til margar tegundir af engifer og það sem mig langar að fá á að vera best en fæst ekki hér. Ég vil koma með öflugt engifer heim og fá það síðan með flugi til mín einu sinni í mánuði,“ segir hann.

Þegar Ólafur var að læra grunninn að tælskri matargerð úti í Tælandi fyrir áratug heyrði hann fyrst um hina mörg hundruð ára notkun engifers í Asíu. „Þar líta margir á engifer sem töfra, tala um „the magic of gingers“ og stilla því upp næst Búdda,“ lýsir hann. „Drykkur í þessum flokki er samt ekki til í Asíu. Ég hitti á að búa hann til fyrir þremur og hálfu ári og uppgötvaði mánuði seinna að ýmislegt sem hafði plagað mig var allt í einu horfið. Smátt og smátt bættust fleiri notendur í hópinn og virknin sannaði sig.



Mér finnst frábært að heyra frá manneskjum sem eru búnar að þjást af einhverjum vandamálum í mörg ár en liggja nú niðri. Ég passa að segja ekki læknast, því ég get ekki lofað fullum bata.“

Hráefnið í drykknum er engiferrott, fersk myntulauf, límóna og hrásykur að ógleymdu íslensku vatni. Ólafur tekur fram að það sé ekki sama með hverju engifer sé soðið, heldur þurfi vissan skammt af síru, myntu og sykri til að ná réttum áhrifum. Framleiðslan fer fram í Hveragerði í stórum pottum sem hitaðir eru með jarðgufum.

Nú eru þúsundir manna á Íslandi sem drekka aada daglega og neytendahópurinn fer sístækkandi að sögn Ólafs. „Nýlega varð nokkurs konar blossi í vinsældunum því drykkurinn er að virka á fólk, aðrir heyra af því og





Handverkshópur frá Þingborg verður inni í Þjóðveldisbænum með fornt handverk.

MYND/ÚR EINKASAFNI



Vikingahópurinn Hringhorni mun fara í gamla leiki með gestum hátíðarinnar.

MYND/ÚR EINKASAFNI

Söguhátíð í Þjórsárdal

Brot úr nýjum leikþætti um Gauk á Stöng verður frumsýnt á Landnámsdegi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi í dag. Leikarar eru fólk af svæðinu sem verður í heimasaumum búningum en fleira verður á dagskrá.

„Vilborg Halldórsdóttir leikkona er búin að semja leikþátt um Gauk á Stöng sem var svæðishetjan,“ segir Ásborg Ó. Arnþórsdóttir, ferðamálafulltrúi uppsveita Arnessýslu, en brot úr nýjum leikþætti verður frumsýnt á Landnámsdegi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. „Fólk af svæðinu setur upp sýninguna og allir verða í heimasaumum búningum. Það er líka tónlist í leikþættinum, vikivaki og fleira. Vilborg er með tónlistarfólk sem er búin að stúdera tónlist frá gömlum tíma.“ Áætlað er að sýningar á leikþættinum verði í Þjóðveldisbænum í framtíðinni.

Fleira verður á dagskránni á Landnámsdeginum sem hugsaður er fyrir fjölskyldufólk. „Reynt er að dreifa dagskránni um sveitina. Það verður opinn sveitabær þar sem lögd verður áhersla á landnámsmáttur. Í Ólafsvallakirkju er stutt dagskrá um Olav Tvennumbrúna landnámsmann frá Noregi sem settist að á Skeiðunum,“ útskýrir Ásborg og bætir við að nýfædd lömb verði í Skaftholts-



Ásborg segir Þjórsárdalinn vannýtt náttúruperlu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

réttum. „Svo verður rosa gaman í skóginum. Það er fallegur skógur í Þjórsárdal og skógræktin ætlar að vera með fólk inni í skóginum og kveikja bál, sjóða kaffi yfir eldinum og baka pönnur.“

Ásborg segir að á Stöng verði fulltrúar frá Fornleifaverndinni. „Fólk getur komið þangað og skoðað og spurt spurninga. En svo verður þunginn úr dagskránni eftir hádegi í Þjóðveldisbænum og fyrir utan hann. Þar fáum við vikingahópinn

Hringhorna sem verður með gamla leiki úti og handverksfólk frá Þingborg verður inni.“

Landnámsdagurinn er haldinn í þriðja sinn en Ásborg segir drifkraftinn koma frá áhugahópi um sögu í Þjórsárdal. „Þau hafa haldið þessu lifandi. Þetta er áhugahópur heimamanna og rúmlega það sem hefur hist reglulega og er að vinna að skemmtilegum verkefnum í kringum sveitina,“ segir Ásborg en hún lýsir Þjórsárdalnum sem vannýtttri náttúruperlu. „Það er bæði ofboðslega fallegt hérna svo er sagan náttúrulega bara undir hverjum steini.“

Að sögn Ásborgar er reynt að hafa hátíðina sögutengda. „Þetta orð Landnámsdagur kemur út af því að Þjórsárdalurinn er merkur sögustaður og af því að þetta fór undir ösku á sínum tíma eru til heimildir. Þegar svæðið var grafið upp þá komu í ljós rústir sem sýna hvernig fólk bjó þannig að það er mikið búin að hugsa um það á þessu svæði.“

martaf@frettabladid.is



Auðvelt er að finna á hátíðinni eitthvað sem allri fjölskyldunni þykir skemmtilegt.

MYND/ÚR EINKASAFNI



Á Þjóðveldisbænum verður hægt að prófa að skjóta af boga.

MYND/ÚR EINKASAFNI

engiferinu

áhrif hans eru lyginni líkust því ótal kvillar láta undan síga eða hverfa alveg við neyslu hans.

vilja prófa,“ útskýrir hann og tekur fram að samkvæmt reynslusögum geti aada virkað vel á gigt, mígreni, ýmsar bólgur, flensu, dofa og kulda í höndum og fótum. Það dragi úr sykurfíkn, koffeinfíkn, tíðaverkjum og blóðþrýstingi, auk þess að vera vatnslosandi og auka þolið. Hann deilir fúslega reynslusögum frá fólkum sem hefur haft samband við hann.

„Móðir hringdi í mig útaf 12 ára krakka sem hafði astma og vaknaði allt að fimm sinnum á nóttu vegna hósta. Eftir tíu daga inntöku á drykknum sefur hann allar nætur og er hættur að hósta. Kona er búin að vera háð Parkodin Forte, Íbúfeni og allskonar verkjastillandi og bólgueyðandi lyfjum og þarf allt í einu ekki að taka eina einustu töflu því verkirnir eru horfnir. Fólk með ristilvandamál til margra ára losnar við einkennin og ég veit um 50% öryrkja vegna mígrenis hefur verið verkjalaus í fleiri mánuði. Líka um konu sem var það mikill gigtarsjúklingur að hún fór tvisvar í mánuði inn á sjúkrahús vegna betkrar lyfjagjafar en er nú öll miklu sterka. Mér finnst það stórkostlegt.

Líka að 38 ára MS sjúklingur sem lifði á 12 töflum á dag fer niður í átta töflur og er hættur að finna fyrir magavandamálum og hausverk, sefur allar nætur og vaknar hress í stað þess að kvíða komandi degi.

Ég get sagt frá konu sem lengi hafði brutt þunglyndistöflur og langaði ekki út fyrir hússins dyr en kveðst nú geta gert hvað sem er.“

Ólafur segir stærstan hluta kunnahópsins vera konur. „Það er ekkert grín að koma körlum á einhverja hluti, þeir eru svoddan þrákálfar. Margir þeirra eru samt með pakka af vandamálum og þeir sem prófa drykkinn senda konuna eftir meira. Læknar eru líka farnir að benda gigtarsjúklingum á þennan drykk af því að aðrir sjúklingar hæla honum. Mér finnst það frábært. Ég vinn út frá hjartanu og vil ná árangri á sem heidarlegastan hátt.“

Vert er að taka fram að á heimasíðunni www.mysecret.is eru miklar upplýsingar og staðreyndir um engifer, ásamt fróðleik. Þar er líka hægt að kaupa aada-drykkinn, svo og á Digranesvegi 10 í Kópavogi.



Eigendur My secret, Ólafur Sólimann og Anna María Jónsdóttir.

BYSSUSKÁPAR

TILBOÐ

5 byssu skápur læstur með lykli.
Tilboð kr. 43.900

5 byssu skápur með læstu innra hólfi,
raflæsing og lykli.
Tilboð kr. 49.500

8-12 byssu skápur með læstu innra hólfi,
læstur með lykli.
Tilboð kr. 59.500

8-12 byssu skápur með læstu innra hólfi,
raflæsing og lykli.
Tilboð kr. 64.900

3ja byssu skápur læstur með lykli.
Tilboð 23.900

Vesturröst
Sérverslun veiðimannsins - Laugarveg 178 - Sími: 551 6770 - www.vesturröst.is



Þeir Cheick, Rubin og Alseny eru frá Gíneu og ætla að kenna trommuslátt á Ingólfstorgi í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Afrískur taktur og dans hertekur Ingólfstorgið

Þeir Cheick, Rubin og Alseny úr tónlistar- og danshópnum Afrika Lole ætla að gera sér lítið fyrir og slá upp danshring á Ingólfstorginu klukkan þrjú í dag. Þeir vonast eftir góðu veðri og bjóða alla velkomna.

„Ég hugsa að þetta sé frábær leið til að eyða laugardegnum og hefja þetta sumar sem vonandi verður gott,“ segir Cheick Ahmed Bangoura, meðlimur í tónlistar- og danshópnum Afrika Lole. Í dag milli klukkan þrjú og hálf fimm ætla Cheick og félagar hans úr Afrika Lole, þeir Rubin Karl Hackert og Alseny Sylla, að slá upp trommuhring á Ingólfstorgi.

Þeir Cheick, Rubin og Alseny eru allir frá Gíneu og hafa verið búsettir hér á landi í mislangan tíma. Cheick fluttist hingað árið 1999 og var upphaflega skipti-

nemi, en hóf svo störf á leikskóla og lærði tungumálið vel. Hann segist hafa kunnað svo vel við sig á Íslandi og liðið svo vel að hér hefur hann búið síðan.

Auk þess að tromma og dansa með Afrika Lole og hljómsveitinni Los Heartbreakers ber Cheick bumbur í Kramhúsinu og Baðhúsinu. Hann segir mikinn áhuga ríkja hér á landi á afrískum dansi og tónlist. „Við höldum reglulega námskeið og þá mætir alltaf fullt af fólki. Þabbi minn er líka á leiðinni til landsins og heldur námskeið í Kramhúsinu frá 14. til 19. júní og ég er viss

um að honum verður vel tekið,“ segir Cheick.

Hann hvetur alla sem vettlingi geta valdið til að mæta í trommuhringinn á Ingólfstorgi og vonast að sjálfsögðu eftir góðu veðri. „Við höfum auglýst viðburðinn á Facebook og margir hafa þegar skráð sig. Við hvetjum alla til að mæta með stóla með sér og helst með trommur líka, en við erum líka með eitthvað af trommum fyrir þá sem vantar. Svo verður bara trommað, trommað, skemmt sér og trommað aðeins meira,“ segir Cheick og hlær.

kjartan@frettabladid.is

Kung Fu

fyrir alla

Kennari: Meistari Zhang einkatímur og hópatímur

Skráning er hafin á ÍTR námskeiðin

Tau lo

ITR Skráning er hafin

Tal ji

DREKINN
WUSHU FÉLAG REYKJAVÍK
Skelfunni 3j - Sími 553 8282
www.hellsudrekin.is

Full búð af nýjum vörum

Kjöll 7.990 kr.

Opið frá kl. 11–18 í Smáralind

3 Smárar • Smáralind • 578 0851

smáralind

TALLINN

Eistlandi á frábæru verði í beinu flugi 12.-20. júlí

Miðaldaborg frá 11. öld á frábæru verði 34.990 kr., flug og skattur. Ein fallegasta borg Evrópu og á minjaskrá Unesco. Hótel per mann 4.700 kr.

Í Eistland má finna sólarstrendur, kastala, hallir, friðsæl sveitaþorp, fjölbreytt menningar og listalíf. Þá er þar úrval veitingahúsa og skemmtistaða.

Trans-Atlantic
Sími 588 8900
www.transatlantic.is



Efstubekkingar Seyðisfjarðarskóla sýna afrakstur vetrarins á sviði stuttmynda og myndbanda í júní.

Nemar sýna í Skaftfelli

Skaftfell, miðstöð myndlistar á Austurlandi, sýnir fram til 14. júní stuttmyndir og myndbönd sem nemendur Seyðisfjarðarskóla unnu að í vetur.

Nemendur í efstu bekkjum skólans sóttu námskeið hjá kvikmyndagerðarmanninum Kára Gunnlaugssyni, kynntu sér hina ýmsu þætti kvikmyndagerðar og unnu að lokum tvær stuttmyndir.

Þá fræddust nemendurnir einnig um stop-motion tækni í myndmennt undir handleiðslu myndlistarmannsins Hönnu Christelar Sigurkarlsdóttur. Þau unnu saman í hópum og afraksturinn er sextán stutt myndbönd.

Sýningin er opin alla daga frá klukkan 12 til 22.

- kg

Capacent Ráðningar

INNKAUPAFULLTRÚAR (INSIDE SALES/PROCUREMENT AND PURCHASING)

Brammer UK Ltd. leitar að innkaupafulltrúum til starfa sem fyrst.**Starfslýsing:**

Brammer leitar að hæfum aðilum til innkaupa/ sölu. Viðkomandi aðilar munu gegna mikilvægu hlutverki sem tengiliður milli Alcoa Fjarðaáls og birgja, leita lausna í nánú samstarfi við þjónustuaðila okkar og byggja traustan grundvöll þar á milli til að viðhalda og stuðla að enn betri þjónustu við Alcoa Fjarðaál. Nauðsynlegt er að viðkomandi aðilar hafi til að bera frumkvæði, góða samskiptafærni á íslensku og ensku, ásamt ríkri þjónustulund.

Annað:

- Lyftararéttindi eru æskileg
- Reynsla af sölu og innkaupum á rekstrarvöru í iðnaði er mikill kostur

Þetta er spennandi valkostur hjá fyrirtæki sem vinnur í nánú samstarfi við Alcoa Fjarðaál. Brammer býður upp á fjölda tækifæra til að auka samskiptafærni, kunnáttu og þekkingu í sölu og innkaupum í krefjandi starfsumhverfi.



staklega mikið afrek hvernig því tókst að byggja fyrirtækið
upp með veldisvexti, því í höndunum á því varð það fljótlega
langstærsti smásöluáðilinn í blómageiranum og samhliða varð
mikill vöxtur í öllu sem viðkom þjónustu við garðeigendur.
Fyrstu 20 árin var ræktun áfram í gróðurhúsunum við Sigt-
ún en smám saman fylltust þau af garðyrkju- og blómavörum
eftir því sem traffíkin varð meiri en ræktunin færðist austur
fyrir fjall. Verslunin varð mannlífsmiðstöð um helgar og fyrir
stórhátíðir eins og jól og páska.“

Fyrir tíu árum seldu Kolbeinn, Bjarni og konur þeirra fyr-
irtækið til Húsasmíðjunnar og Kristinn viðurkennir að starf-
semin hafi breyst við það að fara í fangið á henni. Hann grípur
til ræktunarmáls og segir ræturnar þó enn liggja í blóma-
verslun svo þungamiðjan sé hin sama. Blómin, garðurinn og
grænmetið sé sú þrenning sem starfsemi Blómavals snúist
um.

Í október 2005 flutti Blómaval úr Sigtúni í Skútuvog og þó
að ýmsir fastir viðskiptavinir hafi saknað þess af gamla stað-
num segir Kristinn að starfsfólkið hafi verið felið að komast
í nýtt og betra húsnæði. „Sigtúnið gamla var barn síns tíma,
þar var oft alltof heitt á sumrin og alltof kalt á veturna. En
vissulega hafði staðurinn sinn sjarma,“ viðurkennir hann.

Auk verslunarinnar í Skútuvogi rekur Blómaval verslan-
ir í Grafarholti, á Fitjum í Reykjanesbæ, Selfossi, Akureyri,
Egilsstöðum, Akranesi og Dalvík og nýlega var ákveðið að
bæta einni við á Ísafirði. En í hverju telur Kristinn velgengi
Blómavals felast, fyrst og fremst? „Við höfum alltaf verið trú
uppruna okkar og gætt þess að bjóða upp á mikið úrval af
blómum, jafnvel meðan minimalisminn réði ríkjum í innan-
húsarkitektúrnum. Fast starfsfólk er um 50 og margt af því
með langan starfsaldur,“ segir hann. „Auðvitað er þetta ómet-
anlegt því svona fyrirtæki er lítið annað en starfsfólkið.“

gun@frettabladid.is



Grand Hótel Reykjavík
Sigtún 38, 105 Rvk.
Sími: 514 8000
www.grand.is
erfidrykkjur@grand.is



Tilkynningar um
merkisatburði,
stórafmæli
og útfarir
má senda á netfangið
timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar sendist á
auglysingar@frettabladid.is
eða hringja í síma
512 5000.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Bragi Reynir Friðriksson
 fv. sóknarprestur, Sautjándajúnitorgi 1, Garðabæ,

sem lést 27. maí, verður jarðsönginn frá Vídalínskirkju Garðabæ, þriðjudaginn 8. júní kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarfélög.

Katrín Eyjólfsson
 Ingibjörg Bragadóttir
 Eyjólfur R. Bragason
 Auður S. Bragadóttir
 Oddur H. Bragason
 barnabörn og barnabarnabörn.

Hrönn Kjærsted
 Sæmundur Hafsteinsson



Hugheilar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vináttu við andlát og útför ástkærrar eigin konu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,
Brynhildar Eggertsdóttir
 Gullsmára 7, Kópavogi, áður til heimilis að Kotárgerði 22 Akureyri.

Guð blessi ykkur öll.

Sigtryggur Þorbjörnsson
 Ingibjörg Sigtryggsdóttir
 Stefán Sigtrygsson
 Eggert Már Sigtrygsson
 Guðrún Sigtryggsdóttir
 barnabörn og barnabarnabörn.

Aðalbjörn Þorsteinsson
 Guðbjörg Björnsdóttir
 Hermann Jónasson



Útför elskegtrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,
Kristínar Ingvarsdóttir
 áður til heimilis að Lokastíg 28, Reykjavík,

sem lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni 31. maí síðastliðinn, fer fram frá Hallgrímskirkju mánudaginn 7. júní kl. 13.00.

Anna Sveinsdóttir
 Jón Sveinsson
 barnabörn og barnabarnabörn.

Guðrún Magnúsdóttir



Ástkær dóttir okkar, systir og barnabarn,
Sigrún Mjöll Jóhannesdóttir

lést fimmtudaginn 3. júní. Útför hennar verður auglýst síðar.

Jóhannes Kr. Kristjánsson
 Elma Helgadóttir
 Helga Egla Björnsdóttir
 Gunnar Pálsson
 Alexander Gunnarsson
 Arnór F. Gunnarsson
 Björn Aron Jóhannesson
 Bríet Arna Jóhannesdóttir
 Gísli Kristján Jóhannesson
 Þórunn Kr. Bjarnadóttir
 Eydís Ólafsdóttir

Brynja Gísladóttir
 Halldór Hilmir Helgason

Ingimundur Guðmundsson
 Bergur Thorberg



Útfararþjónusta

Davíðs Ósvaldssonar ehf.
 Davíð Ósvaldsson
 Útfararstjóri
 S. 896 6988 / 553 6699

Óli Pétur Friðbjófsen
 Útfararstjóri
 S. 892 8947 / 565 6511



Hjartans þakkir fyrir að heiðra minningu móður okkar,
Ingu Þorgeirsdóttir
 kennara

og minnast hennar svo fallega. Vinátta ykkar og samúð er okkur öllum styrkur og gleði. Guð blessi ykkur.

Þorgerður Ingólfsdóttir og Knut Ødegård
 Mali Ødegård og Roar Sørli
 Knut, Kristine
 Hege Ødegård
 Rut Ingólfsdóttir og Björn Bjarnason
 Sigríður Sól Björnsdóttir og Heiðar Guðjónsson
 Orri, Bjarki, Rut
 Bjarni Benedikt Björnsson og Daði Runólfsson
 Vilborg Ingólfsdóttir og Leifur Bárðarson
 Margrét María Leifsdóttir og Guðmundur Pálsson
 Máni, Diljá Helga, María
 Inga María Leifsdóttir og Kristbjörn Helgason
 Júlía Helga, Jakob Leifur
 Unnur María Ingólfsdóttir og Thomas Jan Stankiewicz
 Catherine María Stankiewicz
 Helena Inga Stankiewicz
 Thomas Davíð Stankiewicz
 Inga Rós Ingólfsdóttir og Hörður Áskelsson
 Guðrún Hrund Harðardóttir og Gunnar Andreas Kristinsson
 Áróra, Auðunn
 Inga Harðardóttir og Guðmundur Vignir Karlsson
 Björt Inga, Ísleifur Elí
 Áskell Harðarson



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarbug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,
Pálinu Kjartansdóttir.

Sérstakar þakkir færur við öllu starfsfólki Líknardeildar Landspítalans Kópavogi fyrir hlýhug og góða umönnun.

Sigrún Haraldsdóttir
 Bergþóra Haraldsdóttir
 Herdís Haraldsdóttir
 Kjartan Haraldsson
 og ömmubörn.

Jón S. Ástvaldsson
 Guðmundur Ómar Þráinsson
 Sigríður E.M. Biering



Ástkær faðir minn, tengdafaðir, afi, sonur okkar, bróðir og frændi,
Lárus Kristinn Viðarsson
 Fróðengi 6,

lést aðfaranótt þriðjudagsins 1. júní á Landspítalanum. Útför hans fer fram frá Lágafellskirkju í Mosfellsbæ þriðjudaginn 8. júní klukkan 13.00.

Ingibjörg Jenný Lárusdóttir
 Eyjólfur Lárus Guðbjörnsson
 Hulda Jenný Marteinsdóttir
 Sólveig Viðarsdóttir
 Guðmundur Skúli Viðarsson
 Helga Matthildur Viðarsdóttir
 og fjölskyldur.

Guðbjörn Óli Eyjólfsson
 Viðar Guðmundsson
 Carl Tulinius
 Ingunn Bernótusdóttir



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,
Ólafur Hólm Einarssonar

Stella Hólm McFarlane
 Einar Hólm Ólafsson
 Birgir Hólm Ólafsson
 afabörn og langafabörn.

Gavin McFarlane
 Vilborg Árný Einarsson
 Ósk Jóhanna Sigurjónsdóttir



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Guðmunda (Gógó) Guðbjartsdóttir

lést á hjúkrunarheimilinu Sólvangi laugardaginn 22. maí. Útför hennar fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 8. júní kl. 15.00.

Ásgerður Hjörleifsdóttir
 Magnús Hjörleifsson
 Guðmundur Hjörleifsson
 barnabörn og langömmubörn.

Haukur Brynjólfsson
 Elisabet Lagerholm
 Jenný Þórisdóttir



Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,
Elísabetar Jónsdóttir
 Árskógum 8, Reykjavík.

Jón Guðmundsson
 Björg Guðmundsdóttir
 Gunnar Kr. Guðmundsson
 Örn Guðmundsson
 barnabörn og barnabarnabörn.

Marta Kjartansdóttir
 Ása Dóra Konráðsdóttir
 Ragnhildur Sigurðardóttir



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og vinarbug við andlát og útför mannsins míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,
Ragnars B. Magnússonar
 Ljósheimum 2, áður Blesugróf 12.

Vilborg Jóhannsdóttir
 Stefanía E. Ragnarsdóttir
 Una Eyrún Ragnarsdóttir
 Vignir Ragnarsson
 barnabörn og barnabarnabörn.

Rafn Einarsson
 Hildur Danielsdóttir



Okkar yndislega,
Elínborg Harðardóttir
 Efstasundi 65, 104 Reykjavík,

lést á Landspítalanum þann 31. maí síðastliðinn. Útför hennar fer fram frá Langholtskirkju þriðjudaginn 8. júní, kl. 13. Jarðsett verður í Ólafsvallarkirkjugarði.

Unnar Garðarson
 Garðar Unnarson
 Sandra Steinþórsdóttir
 Sigurður Þ. Unnarson
 Guðríður S. Magnúsdóttir
 Jón Magnús Katarínusson
 Ágúst Hólm Haraldsson
 Kristinn Hólm Haraldsson
 Bjarney K. Haraldsdóttir

Hrafnhildur Björnsdóttir
 Friðbjörg Gísladóttir

Eiríkur Kjerúlf



Dóra Theodórs Sigurjónsdóttir

lést mánudaginn 31. maí. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Aðstandendur.

Sumarleikur Freyju



Pú gætir unnið stórglæsilega vinninga!

Fáðu þér Rís, Drama, Buffalo eða REX frá Freyju, skafðu af skafmiðanum sem þú finnur inni í kössunum, og þú gætir átt einstaklega gott sumar.

3x Stafræn Olympus myndavél



3x United 7" Ferða DVD spilar



5x Philips MP3 spilar



5x Tasco 10x25 sjónauki



150x kassar með 25 Rex stykkjum



Sexí tvískinnungur

BAKPANKAR
Atla Fannars
Bjarkasonar

Fjölmíðlar fluttu í vikunni fréttir af hinni bandarísku Debrahlee Lorenzana, sem var rekin úr vinnu sinni í Citibank fyrir að vera of kynþokkafull. Af fréttunum að dæma áttu samstarfsfélagar Debrahlee erfitt með að einbeita sér í návist hennar og þá sérstaklega karlmennirnir. Yfirmenn bankans höfðu bannað henni að klæðast háum hælum í viðleitni til að slá á kynþokka hennar, en slíkur skóbúnaður þótti draga af mikla athygli að lögulegum líkama hennar.

DEBRAHLEE hefur að sjálfsgöðu höfð að mál gegn bankanum. Ég segi „að sjálfsgöðu“ vegna þess að ég hef ekki hugmynd um forsögu málsins. Kannski gekk hún um ber að neðan og rassaði skrifborð samstarfsmanna sinna á meðan hún sendi eiginkonum þeirra ögrandi sms. Mér finnst það samt ólíklegt. Líklegra er að þetta sé enn eitt dæmið um hræsnarana í Bandaríkjunum (Athugið að ég ætla að leyfa gáfaðra fólki að fjalla um Ísrael).

ROSALEGA er hræsnari skrítið orð. Svoltið eins og hænsn. Sem er reyndar ágætislysing á bandarísku þjóðarsálinni, sem veit ekki hvort hún á að vera sú frjálssasta í heimi eða sú heftasta. Debrahlee Lorenzana var rekin úr vinnunni fyrir að vera of sexí í landi sem fram-

leiðir hundruð klámmynda á dag, þar sem stærstu stjórnur landsins fækka reglulega fötum í kvikmyndum og karlatímaritum, þar sem fyrirmynd unglingsstúlkna varð stjarna eftir að kynlífsmyndband henni fór í almenna dreifingu og þar sem ein vinsælasta söngkonan er 17 ára barnastjarna sem gerir hluti á sviði sem foreldrar barnanna, sem koma á tónleikana hennar, ættu ekki að horfa á.


KYNBOMBAN Debrahlee Lorenzana hefði aldrei verið rekin fyrir að vera kynþokkafull á Íslandi. Fjöldi kynþokkafullra stelpna sem ég hef unnið með er til vitnis um það. Samkvæmt minni reyngu virkar líka hvetjandi að vera umvafinn sætum stelpum – ég verð t.d. miklu gáfaðri í kringum þær og það skilar sér í auknum og betri afköstum. Enginn vill virka latur og heimskur í kynþokkafullum félagskap, þess vegna eru sætar stelpur gríðarlega mikilvægar á hverjum vinnustað. Bandaríkjamenn hafa því miður ekki áttað sig á því.

ÞAÐ myndna er samt að á Íslandi er klám bannað þrátt fyrir hafa aldrei verið skilgreint. Fólk má ekki hafa atvinnu af því að striplast og í íslenskum kvikmyndum í seinni tíð felst nekt yfirleitt í því að sjá typpið á Hilmi Snæ (hann verður reyndar lögum samkvæmt að hemja sig í næstu mynd).



myndasögur

■ Pondus



Eftir Frode Øverli

■ Gelgjan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

■ Handan við hornið



Eftir Tony Lopes

■ Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

BONUS BONUS BONUS BONUS B

VERÐLÆKKUN Á GRÆNMETI OG ÁVÖXTUM



398

KR.KG

NÝ HOLLENSK PAPIKA RAUÐ & GUL 398 KR/KG. / GRÆN 298 KR/KG.

398

KR.KG

298

KR.KG

259

KR.BOXIÐ

NÝTT ÍTALSKT SALAT 100G

198

KR.KG

HOLLENSKT ICEBERG



1598

KR.KG

GRILL LAMBALÆRISSNEIÐAR



1998

KR.KG

GRILL MIÐ-LÆRISSNEIÐAR



1259

KR.KG

DANSKAR GRÍSAUNDIR FROSNAÐ



1198

KR.KG

PURRKRYDDAÐAR GRÍSAKÓTILETTUR



1198

KR.KG

PURRKRYDDAÐUR GRÍSAHNAKKI



1554

KR.KG

KF GRILL BLANDAÐAR LAMBALÆRISSNEIÐAR
Nú með 30% afslætti
MERKT VERÐ 2220 KR/KG.



998

KR.KG

K.S FROSID LAMBALÆRI

KS FROSNAÐ: LAMBA SIRLOIN-SNEIÐAR



KS FROSID: LAMBAFILLET



998

KR.KG



2698

KR.KG

HOLTA KJÚKLINGABRINGUR PIRI PIRI MEÐ KRYDDPOKA

KJÖRFUGL: FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR



1596

KR.KG

MERKT VERÐ 1995 KR.KG 20% AFSLÁTTUR



1598

KR.KG

MERKT VERÐ 1998 KR.KG 20% AFSLÁTTUR

UNGNAUTAHAMBORGARI Í BRAUÐI 150 KR.



599

KR. PK

FJÓRIR UNGNAUTAHAMBORGARAR 80G 4 STK MEÐ BRAUÐI
MERKT VERÐ 798 KR/KG. 25% AFSLÁTTUR



198

KR. FL

HEINZ TÓMATSÓSA 567G



98

KR. 500 ML



HM AFRICA 2010 FÓTBOLTAMYNDIR
198 KR. PAKKINN



98

KR. 500 ML

UNGNAUTAHAMBORGARAR TÍU STÓRIR 120G HLUNKAR

FJÖGUR BÓNUS RISASTÓR HAMBORGARABRAUÐ



1359

KR. PK



139

KR. PK



599

KR.KG

BÓNUS VÍNARPYLSUR 25% afsláttur

BONUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veitutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklöbbur

AFGREIÐSLUTÍMI

LAUGARÐ: 10-18
SUNNUNÐ: 12-18

! ath kl. 16 á sunnudag
Stofutónleikar sumarsins hefjast á sunnudag á Gljúfrasteini. Þá munu Hulda Björk Garðarsdóttir, Kjartan Valdemarsson, Ásgeir Ásgeirsson og Ólafur E. Stolzenwald flytja nokkur vel valin lög eftir Gerswin. Þau mætast á miðri leið í tónlist hans, þar sem klassískur og djassaður bakgrunnur þeirra kemur saman. Fyrir ári spiluðu þau í fyrsta sinn saman á stofutónleikum Listahátíðar Reykjavíkur og eru full tilhlökkunar að telja inn í stofustemninguna á Gljúfrasteini.

menning

menning@frettabladid.is

Nýtt hefti Sögu komið út

Vorhefti Sögu 2010 er komið út. Elín Hafstein, fædd árið 1869 á Möðruvöllum í Hörgárdal, prýðir forsiðu tímaritsins að þessu sinni sem inniheldur fjölbreytt efni að vanda, meðal annars grein Sigrúnar Sigurðardóttur um Elínu. Meðal annarra greina er ein eftir Davíð Ólafsson og fjallar um alþjóðlega strauma í rannsóknum á handritamenningu síðari alda og hvernig þær rannsóknir geta nýst til skilnings á íslenski bókmenningu eftir siðaskipti. Einnig er grein eftir Rósu Magnúsdóttur sem fjallar um íslenskar ferðalýsingar á Sovétríkjunum.

Í nýjum bálki Sögu sem nefnist „Sögur og tíðindi“ birtast tvær greinar: Karl Aspelund skrifar um handrit að ferðabók um Ísland sem nýlega



fannt í bókasafni í Bandaríkjunum, og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson segir okkur frá þjálfun bandarískra geimfara á Íslandi á 7. áratugnum. Þá heldur deila Jóns Ólafssonar og Þórs Whitehead um samskipti íslenskra kommúnista og Komintern áfram með svari Jóns í viðhorfsgrein.

Spurning Sögu varðar sögulegar rætur 26. greinar stjórnskrárinna, sem kveður á um vald forseta til að synja lagafrumvarpi staðfestingar. Auk þess að varpa ljósi á forsögu þessa ákvæðis – í svörum sérfræðinganna koma fram ýmsar nýjar sögulegar staðreyndir um tilurð þess – og ólíkan skilning á því í tímans rás.

Í vorhefti Sögu birtast ellefu ritdómar, flestir um bækur sem komu út á síðasta ári.

> Ekki missa af ...

síðustu sýningu á leikverkinu Af ástum manns og hrærivélar í kvöld kl. 20 í Kassanum við Lindargötu. Verkið er hjartnæmur heimilistækjasirkus með Kristjáni Ingimarssyni og Ólafíu Hrönn Jónsdóttur, eftir Ilmi Stefánsdóttur, Kristján Ingimarsson, Ólafíu Hrönn Jónsdóttur og Val Frey Einarsson, sem jafnframt er leikstjóri. Sýningin er samstarfsverkefni Þjóðleikhússins, CommonNonsense og Listahátíðar í Reykjavík.



TÓNLIST Gradualekór Langholtskirkju ásamt stjórnanda sínum á Ítalíu í fyrra.

MYND GRADUALEKÓR LANGHOLTSKIRKJU

Ráðherrasjóður veitull

Margrét Tryggvadóttir alþingismaður bar fyrir á þessu þingi fram fyrirspurn til mennta- og menningar- málaráðherra um veitingar til útgáfumála um fram þá styrki sem sérstakir sjóðir ráða yfir, Vísindasjóður, Bókmenntasjóður og slíkir. Svör hafa verið lögð fram í þingskjali.

Yfirlitið nær til ellefu ára tímabils og leiðir í ljós að útgefendur og höfundar hafa verið styrktir ótæpilega úr sjóðum ráðuneytisins. Í svörum ráðherra og hennar starfsmanna kemur fram að ráðuneytið, eftir persónulega ákvörðun hverju sinni, fer fram á greinargerð fyrir fjárhagsáætlun og efnudum, því viðurkennt sé í svörum ráðuneytisins að enn megi herða á reglum og má því ljóst vera að ráðuneytið telur sig þess umkomid að halda slíkum sporslú áfram eftir kröfuhörku umsmækjenda og linku ráðherra hverju sinni.

Meðferð fjármuna í ráðuneytum hefur löngum þótt gagnrýnisverð: mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur fengið tvær stjórnsýsluúttektir sem hafa leitt í ljós verulega ágalla í rekstri og skipulagi mála innan ráðuneyt-

is, báðar voru stílaðar á þingið en hvorug mun hafa komið til umræðu: skýrsla Ríkisendurskoðunar um Þjóðleikhús frá í nóvember 2008 og skýrsla um íslensk muna og minjasöfn.

Þeir sem vilja kynna sér þær styrkveitingar sem smjúga framhjá hinu skipulagða og faglega styrkjakerfi ráðuneytisins geta kynnt sér það á vef Alþingis: www.althingi.is: Þingskjal 1118 - 384. mál. Á ellefu árum eru styrkir þessir samtals vel yfir 200 milljónir. Hæsta styrkin hefur færeysk íslensk orðabók fengið á öllu tímabilinu 37 milljónir. Bókaútgáfan Hólar hefur verið seig að ná sér í styrki í Visna-verkefnið: 14,8 milljónir á síðustu fjórum árum. Styrkur ráðuneytis til útgáfu Íslendingasagna á norrænum málum er á síðustu þremur árum 35 milljónir. Örylgur Hálfðanarson hefur árlega þegið styrki til ýmissa verkefna, alls 6,5 milljónir.

Ef litið er til styrkja eftir árum kemur í ljós að ráðuneytið er lausast á fé á árunum 2007-2009 en á þeim árum er borguð til ýmissa verkefna nær 131 milljón.

Bæði Ríkisendurskoðun og fjárveitinganeftnd

hafa margsinnis fett fingur út í fjáraustur í ýmis gæluverkefni sem þrýstihópar, vildarvinir og skjólstaðingar einstakra þingmanna og kjördæmaþingmanna hafa troðið í gegn. Nú er kominn tími til að teppa þennan leka.

pbb@frettabladid.is



MENNING Margrét Tryggvadóttir þingmaður fékk svar um fjárveitingar til útgáfumála af ótilgreindum lið. MYND FRÉTTABLAÐIÐ

Lokadagur kóramóts

Á morgun lýkur Kóramóti á Mývatni sem er árlegur viðburður nýrðra þótt umsvifin við mótið í ár séu minni en oft áður. Í ár var boðið upp á fösilfragan söng tveggja stúlknakóra sem eru í fremstu röð, annars vegar hér á landi og hins vegar hjá Dönum. Stúlknakór Kaupmannahafnar sem starfar við kirkju heilagrar Önnu þar í borg, hefur sungið sig inn í hjórtu fólks og hlotið ótal verðlaun og viðurkenningar fyrir söng sinn. Hingað koma 40 stúlur á aldrinum 14-16 ára og blanda geði við jafnöldru sínar sem syngja í einum af „gullkórum“ Jóns Stefánssonar, Gradualekór Langholtskirkju. Þær eru þrjátíu og saman mynda þær svo

Kórastefnukórinn sem flytja mun glæsilega bandaríska kórtónlist á lokatónleikum Kórastefnu á morgun í félagsheimilinu Skjólbrekku kl. 15.

Það er hin afrísk-ameríska Lynnel Joy Jenkins sem kemur nú í annað sinn sem stjórnandi á Kórastefnu og æfir með stúlkunum. Lynnel er nú listrænn stjórnandi eins fremsta stúlkakórs Norður-Ameríku; Princeton Girls Choir. Óþarfi er að kynna Jón Stefánsson sem á að baki langan feril sem frumkvöðull í kórarstarfi Langholtssóknar en hann snýr nú heim í sveit sína með hóp fóngulegra kvenradda sem hafa farið víða um lönd og hvarvetna verið vel tekið.

- pbb

Opið í dag í Lágsmúla 8 og Síðumúla 9
frá kl. 11:00 - 15:00



TILBOÐSVERÐ:
139.900,-
LISTAVERÐ: 169.900,-

FRÁBÆR **AEG** ÞVOTTAVÉL MEÐ ÍSLENSKU STJÓRNBOÐI

LAVAMAT 64851 · ÍSLAND
· Taumagn: 7 kg
· Vinduhraði: 1400/1000/600 snú./mín.
· Mjög hljóðlát og sparneytin vél
· Öll hugsanleg þvottakerfi - ásamt sparnaðarkerfi
· Aqua-Control: Öryggiskerfi gegn leka
· KOLALAUS MÓTOR (tíðnisstyrður ríðstraumsmótor)
· 3ja ára ábyrgð



TILBOÐSVERÐ:
99.900,-
LISTAVERÐ: 119.900,-

VÖNDUÐ **AEG** ÞVOTTAVÉL Á FRÁBÆRU TILBOÐSVERÐI

LAVAMAT 62840
· 1200 snúninga · Tekur 6 kg af þvotti
· Öll hugsanleg þvottakerfi ásamt sérstöku sparnaðarkerfi
· Íslenskar leiðbeiningar

AEG
FULLKOMIN LÖGUNG OG LEIKNI

GÆÐI OG GOTT VERÐ FARA ALLTAF SAMAN HJÁ

Allar nánari upplýsingar: www.ormsson.is

ORMSSON · LÁGMÚLA 8 · SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2800



SAMSUNG

SAMSUNG LE40B555

TILBOÐSVERÐ:
229.900,-
LISTAVERÐ: 259.900,-

40" SAMSUNG LCD SJÓNVARP

Háskerpu sjónvarpsmóttakari

DNI+ stafræn myndleiðrétting · Upplausn: 1920x1080 · High Contrast

Pottþétt tæki fyrir HM veisluna miklu!

SAMSUNG SETUR
NÝJA GÆÐASTAÐLA
- AÐRIR FYLGJA



ORMSSON

NÝTT TMM



Út er komið annað tölublað ársins af Tímariti Máls og menningar. Í því má finna tíðindi úr menningarlífinu og þjóðmálaumræðunni, ádreppur, gagnrýni, smásögur, ljóðmæli og greinar um afar fjölbreytt efni – allt frá Rannsóknarskýrslunni til reykvískra brunahana. Meðal höfunda efnis má nefna Hallgrím Helgason, en hann skrifar langa grein um Draug Group, Þórunni Erlu-Valdimarsdóttur sem fjallar um öskubuskur og kynleg örlög. Guðna Elísson sem haldur áfram að greina hrúnið í kjölfar rannsóknarskýrslunnar, Anton Helga Jónsson sem yrkir langan bálk um ástand okkar eftir hrun, Margrét Tryggvadóttur og Sjón. Þá eru í heftinu ljóð eftir ýmsa höfunda og ritdómar um ný verk eftir Steinunni Sigurðardóttur, Rögnu Sigurðardóttur, Vilborgu Davíðsdóttur, Oddnýju Eir og Helga Ingólfsson. Ritstjóri er Guðmundur Andri Thorsson.



Íslensku leiklistarverðlaunin Gríman 2010

4 af 5 sýningum ársins í Borgarleikhúsinu

Við erum stolt af okkar sýningum og okkar fólki. Borgarleikhúsið hlýtur 34 tilnefningar í ár sem er meira en leikhús hefur áður hlotið - þar af 4 af 5 sýningum ársins 2010.



Sýning ársins

- Djúpið
- Faust
- Fjölskyldan
- Jesús litli

Leikstjóri ársins

- Benedikt Erlingsson - Jesús litli
- Hilmir Snær Guðnason - Fjölskyldan
- Kristín Eysteinsdóttir - Dúfurnar

Leikskáld ársins

- Andri Snær Magnason og Þorleifur Örn Arnarsson - Eilíf óhamingja
- Benedikt Erlingsson, Bergur Þór Ingólfsson, Halldóra Geirharðsdóttir, Kristjana Stefánsdóttir og Snorri Freyr Hilmarsson - Jesús litli
- Jón Atli Jónasson - Djúpið

Leikkona ársins í aðalhlutverki

- Halldóra Geirharðsdóttir - Dúfurnar
- Halldóra Geirharðsdóttir - Jesús litli
- Margrét Helga Jóhannsdóttir - Fjölskyldan
- Sigrún Edda Björnsdóttir - Fjölskyldan

Leikari ársins í aðalhlutverki

- Hilmir Snær Guðnason - Faust
- Ingvar E. Sigurðsson - Djúpið
- Þorsteinn Gunnarsson - Faust

Leikkona ársins í aukahlutverki

- Jóhanna Vigdís Arnardóttir - Fjölskyldan
- Kristín Þóra Haraldsdóttir - Gauragangur

Leikari ársins í aukahlutverki

- Atli Rafn Sigurðarson - Eilíf óhamingja
- Theodór Júlíusson - Fjölskyldan

Söngvari ársins

- Kristjana Stefánsdóttir - Jesús litli

Leikmynd ársins

- Axel Hallkell Jóhannesson - Faust
- Börkur Jónsson - Fjölskyldan

Búningar ársins

- Filippía I. Elisdóttir - Faust

Lýsing ársins

- Björn Bergsteinn Guðmundsson - Fjölskyldan
- Kjartan Þórisson - Jesús litli
- Þórður Orri Pétursson - Faust

Tónlist ársins

- Kristjana Stefánsdóttir - Jesús litli
- Nick Cave og Warren Ellis - Faust

Hljóðmynd ársins

- Frank Hall og Thorbjörn Knudsen - Faust
- Ólafur Örn Thoroddsen - Harry og Heimir

Danshöfundur ársins

- Bergþóra Einarsdóttir, Laila Tarfur og Leifur Þór Þorvaldsson - Endurómun

Barnasýning ársins

- Bláa gullið

Borgarleikhúsið óskar starfsfólki sínu til hamingju með framúrskarandi árangur og þakkar leikhúsgestum viðtökurnar.



Borgarleikhúsið

Nýliðar styrktir

Á fimmtudaginn tilkynnti menntamálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir, hverjir hlutu Nýræktarstyrki Bókmenntasjóðs árið 2009. Þetta er í annað sinn sem Nýræktarstyrkjum er úthlutað úr Bókmenntasjóði. Athöfnin fór fram í Nýlistasafninu. Að þessu sinni eru Nýræktarstyrkir sex talsins, að upphæð tvö hundruð þúsund krónur hver. Alls bárust 27 umsóknir um styrkina. Styrkina hljóta tvö örsagnasöfn, þrjár ljóðabækur og ein barnabók.

Nýræktarstyrkjum er ætlað er styðja við útgáfu á nýjum íslenskum skáldverkum sem hafa takmarkaða eða litla tekjuvæðni en hafa ótvírætt menningarlegt gildi. Undir þetta svið falla skáldverk í víðri merkingu þess orðs til dæmis sögur, ljóð, barnaefni, leikrit, eða eitthvað allt annað, og leit að var eftir breidd og fjölbreytni í umsóknum. Bókmenntasjóður vonast til að geta haldið áfram að styðja við fjölbreytta nýrækt í íslenskum skáldskap og bókmenningu á næstu árum en er um það háður fjárveitingum.

Nýræktarstyrki hlutu að þessu sinni eftirfarandi verk og höfundar:



BÓKMENNTIR Hópurinn sem tók við styrkjum á fimmtudag ásamt mennta- og menningarmálaráðherra, Katrínu Jakobsdóttur, og Þorgerði Öglu Magnúsdóttur forstöðukonu Bókmenntasjóðs.

MYND FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Svuntustrengur (örsögur og smásögur) eftir Sigurlínu Bjarneyju Gísladóttur, útgefandi er Nykur.

Tónlist hamingjunnar (örsagnasafn) eftir Völu Þórsdóttur, útgefandi óráðinn.

Løðmar (barnabók) eftir Emblu Vigfúsdóttur og Auði Ösp Guð-

mundsdóttur, útgefandi óráðinn. **Tími hnyttinnar er liðinn** (ljóð og prósar) eftir Berg Ebba Benediktsson, útgefandi JPV. **Ljóðabók** eftir Gunnar M. Gunnarsson, útgefandi: Uppheimar. **Myndir úr skilvindu drauma** (ljóðabók) eftir Arngrím Víðalín, útgefandi: Nýhil.

- pbb

Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu

Listmunauppboð í Gallerí Fold

fer fram mánudaginn 7. júní, kl. 18.15 í Gallerí Fold, á Rauðarárstíg

Á uppboðinu er úrval góðra verka, meðal annars fjölmörg verk gömlu meistaranna



Katrín Jakobsdóttir

Verkin verða sýnd:

laugardag 11-17, sunnudag 12-17 og mánudag 10-17

Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is

BÍ, BÍ OG BLAKA

Hin sívinsæla handbók **Íslenskur fuglavísir** eftir Jóhann Óla Hilmarsson er nú fánleg að nýju

FALLEG BÓK FYRIR ALLA NÁTTÚRUUNNENDUR



Á ÍSLENSKU, ENSKU OG ÞÝSKU

YFIR 500 LJÓSMYNDIR OG SKÝRINGARMYNDIR

ÍÐUNN
www.forlagid.is

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Laugardagur 5. júní 2010

→ Gjörningar

20.00 Women with Kitchen Appliances Iceland flytja hljóðgjörninginn „Spiders in the Kitchen“ á horni Rauðarárstígs og Háteigsvegjar. Allir velkomnir og enginn aðgangseyrir.

→ Tónleikar

12.00 Björn Steinar Sólbergsson organisti flytur verk eftir íslensk og frönsk tónskáld á hádegistónleikum í Hallgrímskirkju við Skólavörðuholt.

14.00 Um 40 stúlur úr **Stúlnakór Reykjavíkur** undir stjórn Margrétar J. Pálmadóttur, verða með tónleika í Akureyrarkirkju við Eyrarlandsveg á Akureyri.

15.00 Latínkvartett **Tómasar R. Einarssonar** heldur tónleika á Jómfrúnni við Lækjargötu. Tónleikarnir fara fram utandyra á Jómfrúartorginu. Enginn aðgangseyrir.

20.30 Um 40 stúlur úr **Stúlnakór Reykjavíkur** undir stjórn Margrétar J. Pálmadóttur, verða með tónleika í Húsavíkarkirkju á Húsavík.

21.00 Jóhann G. Jóhannsson og hljómsveit fara yfir blúsferil Jóhanns ásamt því að flytja önnur vinsæl lög hans á tónleikum í Salnum við Hamraborg í Kópavogi. Tónleikarnir eru hluti af Jazz- og blúshátíð Kópavogs 2010. Nánari upplýsingar á Salurinn.is.

22.00 Bryndís Ásmundsdóttir og **Rúnar Eff** flytja bestu lög Tinu Turner og Eric Clapton á tónleikum á Græna hattinum við Hafnarstræti á Akureyri.

22.00 Kristjana Stefánsdóttir og **Elvar Örn Friðriksson** flytja blús ásamt hljómsveit á tónleikum í Rósenberg við Klappargötu.

23.00 Rusty Soul, Nögl, Endless Dark og Hoffman verða á Sódómu Reykjavík við Tryggvagötu. **23.00** Hljómsveitin **Örför** heldur tónleika á Gallery-bar 46 við Hvefisögötu 46. Enginn aðgangseyrir.

→ Opnanir

14.00 Sýning á verkum **Guðrúnar Halldórsdóttur** verður opnuð í Reykjavík Art Gallery að Skúlagötu 30. Opnið alla daga nema mánudaga kl. 14-17.

15.00 Hanna Hlíf Bjarnadóttir opnar sýningu í Cafe Karólínu við Kaupvangsstræti á Akureyri. Opnið mán.-fim kl. 11.30-01, fös. og lau. kl. 11.30-03 og sun. kl. 14-01.

→ Bæjarhátíðir

List- og menningarhátíðin **Bjartir dagar** stendur yfir í Hafnarfirði til 6. júní. Tónleikar, myndlistarsýningar, söngleikja- og leiksýningar og margt fleira. Nánari upplýsingar og dagskrá á www.hafnarfjordur.is

Landnámsdagur verður haldinn í Skeiða- og Gnúpverjahreppi þar sem boðið verður upp á fjölbreytta dagskrá víða um sveitina. Nánari upplýsingar á www.sveitir.is.

Fjölbreytt dagskrá verður á Reykjavíkurbörn í tengslum við **Hátíð hafsins** sem fer fram 5-6. júní. Nánari upplýsingar á www.hatidhafsin.is.

→ Dansleikir

Hvannaldsbræður og **Skríðjökull** verða á SPOT við Bæjarlind í Kópavogi.

Hljómsveitin **Sixties** verður á Kaffi 59 við Grundargötu á Grundarfirði.

Dj Impulze verður á Venue við Tryggvagötu 22.

Dansleikur með **Pöpum** og **Buffi** verður haldinn í Íþróttahúsinu við Strandgötu í Hafnarfirði.

→ Leikrit

20.00 Leikhópurinn **CommonNonsense** sýnir verkið **Af ástum manns** og hrærivélar í Kassanum, sýningarrými Þjóðleikhússins við Lindargötu. Nánari upplýsingar á www.leikhusid.is.

→ Málþing

13.00 í Þjóðmenningarhúsinu að Hverfisögötu 15 verður haldið málþing þar sem fjallað verður um Reykjavík og ímynda hennar frá sjónarhóli lista og fræðigreina. Nánari upplýsingar á www.thjodmenning.is.

→ Húðflúr

Alþjóðleg tattoo-festival á Sódómu Reykjavík við Tryggvagötu. Innlendir og erlendir húðflúrara sýna listir sínar kl. 12-23 á laugardag og kl. 12-20 á sunnudag.

Sunnudagur 6. júní 2010

→ Leiðsögn

15.00 Hafþór Yngvason verður leiðsögn um sýninguna „Vanitas - Kyrralíf í íslenskrum samtímalist“ sem nú stendur yfir í Listasafni Reykjavíkur við Tryggvagötu. Enginn aðgangseyrir.



→ Tónleikar

15.00 Lokatónleikar kórastefnu við Mývatn 2010 fara fram í Félagshemilinu Skjölbrekku. Fram koma Copenhagen Girls Choir og Gradualekór Langholtskirkju. Nánari upplýsingar á www.korastefna.is.

16.00 Hulda Björk Garðarsdóttir, Kjartan Valdemarsson, Ásgeir Ásgeirsson og Ólafur E. Stolzenwald flytja lög Gershwins á stofutónleikum í húsi skáldsins að Gljúfrasteini í Mosfellsdal.

19.00 í Gamla bókasafninu við Mjósuð í Hafnarfirði verða tónleikar þar sem fram koma hljómsveitirnar **Örför, Ourlives, Cliff Claven, We Made God, Endless Dark, Global Battle of the Bands, Vulgate og As We Sleep.**

→ Söfn

Sveinssafn í Krýsuvík er opið fyrsta sunnudag í hverjum mánuði yfir sumartímann kl. 13-17.30, nú í fyrsta skipti sunnudaginn 6. júní.

→ Opið hús

Burstabærinn Krókur á Garðaholti í Garðabæ verði opinn almenningi á hverjum sunnudegi í sumar frá og með 6. júní kl. 13-17. Enginn aðgangseyrir.

→ Dansleikir

Dansleikur Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni fer fram að Stangarhyl 4 kl. 20-23.30. Danshljómsveitin Klassik leikur fyrir dansi.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is



Sundnámskeið



Sundnámskeið Íþróttafélags fatlaðra í Reykjavík fyrir börn hefst 7. júní. Kennið verður í Sundlaug Sjálfsbjargar, Hátúni 12. Skráning fer fram í Íþróttahúsi ÍFR Hátúni 14 eða í síma 561 8226.

Námskeiðið er opið öllum.

Íþróttafélag fatlaðra í Reykjavík

N1

Í DAG HEIÐRUM VIÐ SJÓMENN

TIL
HAMINGJU
MEÐ DAGINN!

Þeir berjast gegn óblíðum náttúruöflunum allan ársins hring til að draga björg í bú. Við treystum á þá og þeir geta áfram treyst á okkur.

Filip/SIA





**Aukum
öryggi
sjómanna**



**Stöðvar
blóðnasir!**

Heildsala: Cetus ehf.



StorirStrakar.is

Viðarríma 25 · 112 Reykjavík

Sigríður Marteinsdóttir
sigga@storirstrakar.is
Sími 699 7885

SVEITAMARKAÐUR 17. JÚNÍ



Reykjanesbær leitar að áhugasömum aðilum sem vilja selja íslenskar afurðir á sveitamarkaði í nýjum landnámsdýrargarði við Víkingaheima á Þjóðhátíðardaginn 17. júní.

Reykjanesbær leggur til söluborð, fyrstir koma fyrir fá. Ekkert gjald er tekið fyrir borðin né fyrir aðstöðuna. Aðgangur að rafmagni verður tryggður. Gert er ráð fyrir að sala hefjist kl. 11:00 og standi til kl. 17:00. Panta þarf svæði fyrir kl. 14:00 mánudaginn 14. júní.

Áhugasamir seljendur eru beðnir að skrá sig hjá þjónustuveri Reykjanesbæjar í síma 421 6700.



REYKJANESBÆR
reykjanesbaer.is

Íþrótt- og tómstundasvið

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki



Tilnefningar til Grímunnar

Tilkynnt var í gær hvaða sýningar og listamenn hljóta tilnefningar til Grímunnar - Íslensku leiklistarverðlaunanna árið 2010.

Leiklistarsamband Íslands stendur fyrir Grímunni sem er uppskeruhátíð sviðslistafólks. Meðal markmiða verðlaunanna er að auka fagmennsku og sérhæfingu innan sviðslista og stuðla að metnaðarfullum vinnubrögðum þeirra er starfa við þær.

Alls komu 89 frumsýnd sviðsverk til álita til Grímunnar í ár og hafa frumsýnd verk aldrei verið fleiri. Veitt verða verðlaun í sautján flokkum auk þess sem leikhúsgestum gefst kostur á að velja sýningu ársins í netkosningu á visir.is og griman.is.

Allar upplýsingar um þau verk sem valið er úr, hvernig valnefndir starfa og hvernig þær eru skipaðar er að finna á glæsilegum vegg Grímunnar: www.griman.is. Þar má finna tilnefningar um danshöfunda og dansara ársins, hljóðmynd, lýsingu og tónlist ársins, söngvara og búninga ársins og útvarpsverk ársins.



SVIÐSLISTIR Hver er tilnefningakóngur ársins? FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

TILNEFNINGAR TIL GRÍMUNNAR 2010

SÝNING ÁRSINS 2010

DJÚPIÐ eftir Jón Atla Jónasson. Leikstjórn: Jón Atli Jónasson. Leikfélag Reykjavíkur og Strit. Borgarleikhúsið

FAUST eftir Björn Hlyn Haraldsson og fleiri. Leikstjórn: Gísli Örn Garðarsson. Leikfélag Reykjavíkur og Vesturport. Borgarleikhúsið

FJÖLSKYLDAN - ÁGÚST Í OSAGE-SÝSLU eftir Tracy Letts í þýðingu Sigurðar Hróarssonar. Leikstjórn: Hilmir Snær Guðnason. Leikfélag Reykjavíkur. Borgarleikhúsið

ÍSLANDSKLUKKAN leikgerð eftir Benedikt Erlingsson byggð á skáldsögu eftir Halldór Laxness. Leikstjórn: Benedikt Erlingsson. Þjóðleikhúsið

JESÚS LITLI eftir Benedikt Erlingsson og fleiri. Leikstjórn: Benedikt Erlingsson. Leikfélag Reykjavíkur. Borgarleikhúsið.

BARNASÝNING ÁRSINS 2010

ALGJÖR SVEPPI - DAGUR Í LÍFI STRÁKS eftir Gísla Rúnar Jónsson. Leikstjórn: Felix Bergsson. Á þakinu.

BLÁA GULLIÐ eftir Charlotte Böving og fleiri. Leikstjórn: Charlotte Böving. Leikfélag Reykjavíkur og Opið út. Borgarleikhúsið

FÍASÖL eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur. Leikgerð Kristín Helga Gunnarsdóttir og Vigdís Jakobsdóttir. Leikstjórn: Vigdís Jakobsdóttir. Þjóðleikhúsið

HORN Á HÖFÐI eftir Berg Þór Ingólfsson og Guðmund S. Brynjólfsson. Leikstjórn: Bergur Þór Ingólfsson. Grindvíska atvinnuleikhúsið

SINDRI SILFURFISKUR eftir Áslaugu Jónsdóttur. Leikstjórn: Þórhallur Sigurðsson. Þjóðleikhúsið

LEIKMYND ÁRSINS 2010

Axel Hallkell Jóhannesson: Faust. Leikfélag Reykjavíkur og Vesturport.

Börkur Jónsson: Fjölskyldan - ágúst í Osage-sýslu. Leikfélag Reykjavíkur.

Börkur Jónsson: Hænuungarnir. Þjóðleikhúsið.

Finnur Arnar Arnarson: Íslandsklukkan. Þjóðleikhúsið.

Gretar Reynisson: Gerpla. Þjóðleikhúsið.

LEIKKONA ÁRSINS 2010 Í AUKAHLUTVERKI

Guðrún Snæfríður Gísladóttir í Íslandsklukkunni. Þjóðleikhúsið.

Ilmur Kristjánsdóttir í Íslandsklukkunni. Þjóðleikhúsið.

Jóhanna Vigdís Arnardóttir í Fjölskyldunni - ágúst í Osage-sýslu. Leikfélag Reykjavíkur

Kristbjörg Kjeld í Hænuungunum. Þjóðleikhúsið.

Kristín Þóra Haraldsdóttir í Gaurangangi. Leikfélag Reykjavíkur

LEIKARI ÁRSINS 2010 Í AUKAHLUTVERKI

Atli Rafn Sigurðarson í Eilífri óhamingju. Hið lifandi leikhús og Leikfélag Reykjavíkur

Björn Thors í Íslandsklukkunni. Þjóðleikhúsið.

Jón Páll Eyjólfsson í Íslandsklukkunni. Þjóðleikhúsið.

Pálmi Gestsson í Hænuungunum. Þjóðleikhúsið.

Theodór Júlíusson í Fjölskyldunni - ágúst í Osage-sýslu. Leikfélag Reykjavíkur.

LEIKKONA ÁRSINS 2010 Í AÐALHLUTVERKI

Brynhildur Guðjónsdóttir í Frida... viva la vida. Þjóðleikhúsið.

Halldóra Geirharðsdóttir í Dúfunum. Leikfélag Reykjavíkur.

Halldóra Geirharðsdóttir í Jesús litli. Leikfélag Reykjavíkur.

Margrét Helga Jóhannsdóttir í Fjölskyldunni - ágúst í Osage-sýslu. Leikfélag Reykjavíkur.

Sigrún Edda Björnsdóttir í Fjölskyldunni - ágúst í Osage-sýslu. Leikfélag Reykjavíkur.

LEIKARI ÁRSINS 2010 Í AÐALHLUTVERKI

Eggert Þorleifsson í Hænuungunum. Þjóðleikhúsið.

Hilmir Snær Guðnason í Faust. Leikfélag Reykjavíkur og Vesturport.

Ingvar E. Sigurðsson í Djúpinu. Leikfélag Reykjavíkur og Strit.

Ingvar E. Sigurðsson í Íslandsklukkunni. Þjóðleikhúsið.

Þorsteinn Gunnarsson í Faust. Leikfélag Reykjavíkur og Vesturport.

LEIKSTJÓRI ÁRSINS 2010

Baltasar Kormákur: Gerpla. Þjóðleikhúsið.

Benedikt Erlingsson: Íslandsklukkan. Þjóðleikhúsið.

Benedikt Erlingsson: Jesús litli.

Hilmir Snær Guðnason: Fjölskyldan - ágúst í Osage-sýslu. Leikfélag Reykjavíkur.

Kristín Eysteinsdóttir: Dúfumar. Leikfélag Reykjavíkur.

LEIKSKÁLD ÁRSINS 2010

Andri Snær Magnason og Þorleifur Örn Arnarson: Eilíf óhamingja. Hið lifandi leikhús og Leikfélags Reykjavíkur.

Benedikt Erlingsson og fleiri: Jesús litli. Leikfélag Reykjavíkur.

Bragi Ólafsson: Hænuungarnir. Þjóðleikhúsið.

Jón Atli Jónasson: Djúpið. Leikfélag Reykjavíkur og Strit.

Kristján Þórður Hrafnsson: Fyrir framan annað fólk. Venjulegt fólk og Hafnarfjarðarleikhúsið.



Láttu drauminn rætast

Bóklegt einkaflugmannsnámskeið að hefjast

Flugskóli Íslands – einn af skólum Tækniskólans, heldur bóklegt námskeið til einkaflugmanns og hefst námskeiðið 7. júní næstkomandi. Kennir er frá kl. 16:30 - 22:00 alla virka daga í 7 vikur.

Nánari upplýsingar
má finna á www.flugskoli.is


Flugskóli Íslands
Tækniskólinn



www.flugskoli.is

Á FERÐ UM LANDIÐ

UNDIRBÚÐU ÆVINTÝRI SUMARSINS!



GÖNGULEIÐIR, FRÓÐLEIKUR, FALDAR PERLUR, ÖRNEFNI
OG GÓÐ RÁÐ FYRIR BYRJENDUR OG LENGRA KOMNA

Vandaðar og skemmtilegar handbækur
fyrir alla sem ætla sér að ferðast
innanlands í fríinu

**BESTAR
Í BÍLINN!**



FORLAGIÐ
www.forlagid.is





> Þægindin fyrst

Skór með fylltum hæl verða áfram afskaplega áberandi í sumar. Slíkir skór hafa það fram yfir marga aðra hælaskó að þeir þykja einstaklega þægilegir á fæti. Þær konur sem þola ekki við í hælsháum skóm gætu prófað að máta skópar með fylltum hæl.

stíll

utlit@frettabladid.is

Litrík sólgleraugu og miðað við sólina síðustu daga þá veitir ekki af.



Flotta tösku frá Marc Jacobs. Hún er nógu stór til að koma öllum nauðsynjum ofan í og fæst í KronKron.

OKKUR LANGAR Í

...



Fallega hælaskó frá hönnuðinum Soniu Rykiel til að vera á við fallega sumarkjöla.



DADRAÐ VIÐ TÍSKUNA SARA MCMAHON

Aldargamlir tískustrauumar

Vinkona mín benti mér á skemmtilegar bloggsíður fyrr í vikunni þar sem tískuspekúlantar miðla vísu sinni til lesenda. Meðal þess sem þessir tískuspekúlantar eru að koma á framfæri til almennings eru ýmis góð ráð sem nefnast DIY, eða Do It Yourself, og þýða mætti sem Gerið það sjálf. Þar fá lesendur góð ráð um hvernig megi breyta gömlum flíkum þannig að þær öðlist nýtt líf. Ég sökkti mér ofan í lesturinn og fann ýmislegt skemmtilegt á þessum bloggsíðum sem mögulegt væri að nýta sér í framtíðinni vilji maður bæta og laga gamlar flíkur. Meðal þess sem ég uppgötvaði var að litunaraðferðin tie-dye skuli draga nafn sitt af því að flíkin er bundin saman á mismunandi stöðum áður en litun hefst. Ég, í minni fávísu, hafði í öll þessi ár haldið að orðið væri Thai-dye og ætti rætur sínar að rekja til lífsglaðra hippa sem sungu og hugleiddu á mjúkum ströndum Taílands.



Talið er að þetta tiltekna myndstur hafi fyrst komið fram á sjónarsviðið í Perú árið 500 fyrir Krist. Afbrigði af myndstrinu eru einnig þekkt í ýmsum löndum á vesturströnd Afríku, í Japan og á Indlandi.

Tie dye-mynstrið varð fyrst vinsælt á Vesturlöndum seint á sjöunda áratug síðustu aldar og þá sérstaklega á meðal ungra hippa. Tónlistarmenn á borð við Janis Joplin, Joe Cocker og John Sebastian klæddust gjarnan flíkum sem höfðu verið litaðar á þennan hátt og ýtti það enn frekar undir vinsældir þess.

Vinsældir tie dye-litunaraðferðarinnar eru háðar tískustrauum hvers tíma og var þetta myndstur nokkuð vinsælt hér á landi síðasta sumar og þá sérstaklega í skærum litum líkt og var í tísku á tíunda áratugnum. Tie dye er enn og aftur komið í tísku og því sniðugt að þefa uppi blogg með Gerið það sjálf-ráðum og prófa að lita einhverja flíkina sjálfur.

Hægt er að finna kennslumyndbönd um aðferðina meðal annars á vefsíðunum youtube.com og www.punky-style.com.



KVENLEGT
Vetrarlínan frá Chloé samanstóð bæði af lágum og háum mittislínum en kvenleikinn var ávallt í fyrirrúmi.



NÁTTÚRU-LEGIR TÓNAR
Vetrarlínan frá Chloé virðist innblásin af tísku áttunda áratugarins.

NORDICPHOTOS/



SÓLRÍK TÍSKA
Þessi guli kjóll frá Miu Miu mun svo sannarlega lífga upp á skammdegið.

NORDICPHOTOS/GETTY


MITTISLÍNAN FJÖLBREYTILEG NÆSTA HAUST:

SKAL ÞAÐ VERA HÁTT EÐA LÁGT

Eins og sannast hefur í gegnum aldirnar er tískan síbreytilegt fyrirbæri. Há mitti hafa verið svolítið gegnumgangandi á sýningarpöllum undanfarin ár en nú virðist komin einhver breyting þar á ef marka má haust- og vetrarlínur ýmissa hönnuða fyrir árið 2011. Háu mittin halda þó velli að einhverju leyti en mittislínan virðist þó fara lakkandi hjá mörgum og minnir í sumum tilfellum á „flapper“-tískuna frá þriðja áratugnum.

GLAÐLEGT Þessi kjóll frá Manish Arora minnir nokkuð á „flapper“ tískuna.

NORDICPHOTOS/GETTY



LITRÍKT OG FALLEGT
Rendur, líflegir litir og skræpött munstur voru áberandi í haustlínu Manish Arora.

NORDICPHOTOS/GETTY

aktu taktu

SUMAR TILBOÐ

Ostborgari og Coke

bættu við frönskum 299

499

BARNAÍSINN

150 kr

Í ALLT SUMAR

Coca-Cola

Andersen & Lauth

Reykjavík

established 1934

NÝJAR VÖRUR



*Vorum að taka upp
mikið af nýjum og
fallegum sumarvörum*

*Opíð sunnudag
frá 13-17*

Rómantískt og spennandi sumar...

/ ANDERSEN & LAUTH / KONUR / LAUGAVEGI 7 / 5626066 /

VOR 10

www.andersenlauth.com

> SPÆNSKUMÆLANDI LEIKKONA

Gwyneth Paltrow hefur verið nefnd „ættleidd dóttir“ borgarinnar Talavera de la Reina á Spáni. Mun ástæðan vera sú að 15 ára gömul fór Gwyneth sem skiptinemi til borgarinnar í eitt ár til að læra spænsku.



fólk

folk@frettabladid.is

Ölstofan með eigin Brío-bjór

„Hann er algjör snilld. Hann er strax orðinn söluhæsti bjórinn á Ölstofunni,“ segir Kormákur Geirharðsson, veitingamaður hjá Ölstofu Kormáks og Skjaldar. Fyrsti bjórinn frá Borg, nýju brugghúsi Ölgerðarinnar, nefnist Brío og er sérstaklega bruggaður fyrir Ölstofu Kormáks og Skjaldar. „Það er mikið humlabragð af þessum bjór. Hann er afskaplega svalandi og ekki of rammur,“ segir Kormákur, hæstánægður með nýja mjóðinn.

Hálft ár er síðan Kormákur og Skjöldur Sigurjónsson byrjuðu að smakka bjórinn til í samvinnu við sérfræðinga Ölgerðarinnar. Ölstofan seldi lengi vel Grolsch-bjór frá Ölgerðinni en eftir að

nýja brugghúsið fór af stað bauðst Kormáki og Skildi að prófa sinn eigin bjór.

Nafnið Brío er í höfuðið á hljóð- og tónlistarmanninum Steingrími Eyfjörð sem lést á síðasta ári. Það var Karlakór alþýðunnar, þar sem Steingrímur var kórstjóri, sem söng lagið Stúlkan frá Týról þar sem setningin „Svona er að vera brío“ kemur fyrir í textanum. Steingrímur var kallaður Brío í framhaldi af því. „Hann var mikill og góður kúnni hjá okkur og mikill vinur minn og okkar strákanna. Þetta er honum til heiðurs enda var hann mikill bjórähugamaður. Svo þýðir Brío líka að vera léttlyndur og hress, þó að hlutirnir gangi kannski ekki alltaf upp,“ segir Kormákur. -fb



BROSANDI MEÐ BRÍO Kormákur og Skjöldur með Brío-bjórinn sem er eingöngu fánlegur á Ölstofunni. MYND/ARNAR HALLDÓRSSON

Eldfjallaveisla í Top Shop

Íslenska hönnunarmerkið E-Label hélt teiti í versluninni Top Shop á fimmtudaginn var til að fagna nýju samstarfi, en vörur E-Label eru nú fánlegar í Top Shop.

Sérstakur Volcano-kjöll eftir hönnuðinn Hörpu Einarsdóttur var frumsýndur í veislunni auk þess sem sumarlína E-Label var sýnd. Hönnunarmerkið hefur verið í samstarfi við Top Shop í London frá síðasta hausti og hefur það gengið vel að sögn Ástu Kristjánsdóttur, annars eiganda E-Label. Margir góðir gestir mættu í veisluna á fimmtudaginn líkt og sjá má af myndunum og dreyptu á ljúffengum hanastélum og spáðu í tiskuna. -sm



SMEKKLEGAR SÖNGKONUR Söngkonurnar Ragnhildur Gísladóttir og Moeiður Júníusdóttir fögnuðu með E-Label. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



STOLTIR EIGENDUR Heba Hallgrímsdóttir og Ásta Kristjánsdóttir eru stoltir eigendur E-Label.



HILDUR SIF OG SARA MARÍA létu sig ekki vanta í veisluna. Sara María er einn þeirra hönnuða sem hanna fyrir E-label.



EVA OG STEINI voru á meðal gesta.



HÖRN OG JÓNÍ kíktu á veisluhöldin.



Sýnum stuðning í merki!

Tjarnarskóli 25 ára

1985-2005

Mánudaginn 7. júní verður OPIÐ HÚS í skólanum frá klukkan 15.00 – 16.45 og síðan skólaslit í Dómkirkjunni klukkan 17 – 18 með afmælisveflu.

Öllum fyrrverandi nemendum og kennurum skólans er boðið ásamt velunnurum skólans, fyrr og nú.

Hlökkum til að sjá ykkur!

Nánari upplýsingar á heimasíðu skólans www.tjarnarskoli.is

Lítill skóli með stórt hjarta



BÓKABÚÐ MÁLS OG MENNINGAR
LAUGAVEGI 18

UPPHEIMAR

HÖFUNDAR ÁRITA Í DAG KL. 15:00 Í BÓKABÚÐ MÁLS OG MENNINGAR

Höfundar árita nýttkomna bók um eldsumbrotin í Eyjafjallajökli laugardaginn 5. júní kl. 15:00 í Bókabúð Máls og Menningar, Laugavegi 18

Uppheimar og BMM fagna útgáfu bókarinnar um eldgosin: **EYJAFJALLAJÖKULL Stóbrotin náttúra | Untamed Nature** eftir Ragnar Th. Sigurðsson ljósmyndara og Ara Trausta Guðmundsson, jarðeðlisfræðing og rithöfund. **VERIÐ VELKOMIN**



DAVID CARRADINE Ekkja leikarans vill skaðabætur vegna dauða eiginmanns síns.

Ekkjan vill bætur

Ekkja leikarans Davids Carradine hefur kafið franskt kvikmyndafyrirtæki um skaðabætur vegna dauða hans. Fyrirtækið MS2 SA stóð á bak við síðustu mynd Carradines sem var tekin upp í Bangkok í Taílandi. Ekkjan, Anne Carradine, segir að fyrirtækið hafi ekki verndað eiginmann sinn sem skyldi. Hann fannst látinn í fataskáp, nakinn og hangandi í snúru,

72 ára gamall. Talið er að kynlífsathöfn hafi farið úr böndunum. Eiginkonan segir að aðstoðarmenn Carradine og aðrir úr tökuliðinu hafi farið í kvöldmat án leikarans í annan hluta borgarinnar, rétt áður en hann dó, og því ekki sinnt starfi sínu nógu vel. Ekkjan hefur einnig átt erfið með að fá tryggingabætur í gegnum fyrirtækið vegna fráfalls eiginmannsins.



RIFF Auglýst er eftir íslenskum kvikmyndum fyrir RIFF-hátíðina.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Óskar eftir myndum

RIFF, Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík, auglýsir þessa dagana eftir íslenskum kvikmyndum til að sýna á hátíðinni sem verður haldin dagana 23. september til 3. október. Auglýst er eftir leiknum kvikmyndum, heimildarmyndum og stuttmyndum. Skilafrestur fyrir myndir rennur út 15. júlí og má finna nánari upplýsingar á Riff.is. Aðsókn að Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Reykjavík hefur vaxið ár frá ári. Yfir tuttugu þúsund manns sóttu síðustu hátíð. Hún hefur einnig fengið lofsamlega umfjöllun í erlendum fjölmiðlum.

Þér er boðið í afmæli



**Laugardaginn 5. júní
milli kl. 12-16 að
Síðumúla 28**


**Andrés Önd á afmæli og þér er boðið að
koma í afmælisveisluna.
Við gefum öllum gestum Andrésblað, Svala
og Andrésar 313 veggspjald.
Hoppukastali og þrautabraut fyrir
krakkana og margt fleira.**

**Þrautabraut
Hoppukastali
Allir fá Andrésblað
Allir fá Svala og
313 veggspjald**

**Lagersala á Syrpum, Andrésblöðum,
Disney-bókum og fleiri vörum frá
Eddu útgáfu milli kl. 10-16**

**Komdu með alla fjölskylduna
í afmæli Andrésar Andar
á laugardaginn.**

©Disney



**Disney
ANDRÉS ÖND
WWW.ANDRÉSÖND.IS**

Svali
SVALI.COM



FYRSTI HERRA HINSEGIN KRÝNDUR

Keppnin Herra hinsegin verður haldin í fyrsta skipti í kvöld. Keppendurnir sex eru eins ólíkir og þeir eru margir en eiga það flestir sameiginlegt að hafa áhuga á ferðalögum og líkamsrækt. Sigurvegarinn í Herra Hinsegin fer fyrir Íslands hönd í keppnina Mr. Gay Europe 2010 og sigur í þeirri keppni veitir þátttökurétt í Mr. Gay World 2010. Linda Sæberg kynnti sér keppendurna sex. Miðasala á keppnina fer fram á Barböru.

ANDRÉS WATJANARAT, 32 ÁRA

Um Andrés: Ég kem frá Taílandi en hef búið í Reykjavík í 17 ár.
Nám/vinna? Ég er að vinna hjá Ál nabæ eins og er en er á leiðinni í BA-nám í Íslensku í haust.
Áhugamál? Taka myndir og vinna með þær, ferðast og flest allar íþróttir ásamt líkamsrækt.
Draumastarfið? Draumastarfið er að aðstoða útlendinga á Íslandi sem kunna ekki málið og vita lítið um réttindi sín.
Hvar sérðu þig eftir 5 ár? Ég geri ráð fyrir því að vera enn á Íslandi, búinn með námið og vonandi kominn í draumastarfið mitt.
Af hverju valdirðu að taka þátt í Herra Hinsegin? Mig langaði að prófa eitthvað nýtt og fannst þetta skemmtilegt hugmynd.



ÓLI FREYR KLINGENBERG, 23 ÁRA

Um Óla Frey: Ég kem frá Reykjanæsbæ en bjó í Olafsvík í 4 ár.
Nám/vinna? Ég vinn sem módel og við sölumennsku.
Áhugamál? Alls konar listir þó aðallega sviðslistir, ljóðagerð, fjölskylda, vinir, útivist og ferðalög.
Draumastarfið? Draumastarfið mitt er að verða leikari.
Hvar sérðu þig eftir 5 ár? Ég sé mig úti í heimi, hamingjusaman, brosandí, ánægðan með lífið og búinn að láta flestalla drauma mína rætast.
Af hverju valdirðu að taka þátt í Herra Hinsegin? Ég veit margt um mannréttindi samkynhneigðra, berst gegn fordómum því ég hef orðið fyrir þeim sjálfur. Ég vildi koma fram, segja mína sögu og styðja gott málefni.




VILHJÁLmur ÞÓR DAVÍDSSON, 22 ÁRA

Um Vilhjálmmur: Ég kem frá Ólafsfirði en flutti til Reykjavíkur í janúar á þessu ári.
Nám/vinna? Ég vinn sem vaktstjóri á DOMO veitingahúsi.
Áhugamál? Fjallgöngur, líkamsrækt og sund, gera skemmtilega hluti með vinum og ferðalög.
Draumastarfið? Lögreglumaður.
Hvar sérðu þig eftir 5 ár? Eftir 5 ár vil ég vera starfandi sem lögreglumaður og vonandi með ansi ljúft líf með mannum og hundunum.
Af hverju valdirðu að taka þátt í Herra Hinsegin? Ég kem úr smábæ þar sem ég er í raun sá eini sem hefur komið út úr skápnum. Mig langar að sýna ungu samkynhneigðu fólki, þar og annars staðar, að þau geta líka gert þetta. Þegar ég kom út vantaði mig fyrirmynd og ég vona því að ég sé góð fyrirmynd heima.




GUNNAR HJÖRTUR BALDVISSON, 22 ÁRA

Um Gunnar: Bý í bænum en er uppallinn í Keflavík og er þar í sumar vegna vinnu.
Nám/vinna? Er í Tækniskólanum að læra grafíska miðlun.
Áhugamál? Fótbolti, líkamsrækt, ferðalög og að hafa gaman af lífinu.
Draumastarfið? Það er svo margt sem mig langar að prófa, til dæmis að vera skipstjóri.
Hvar sérðu þig eftir 5 ár? Ætli ég verði ekki bara enn í Tækniskólanum að bæta við mig einhverjum skemmtilegum einingum.
Af hverju valdirðu að taka þátt í Herra Hinsegin? Forvitni og áhugi fyrir því að gera eitthvað nýtt og skemmtilegt. Auk þess fékk ég mikla hvatningu frá fólki í kringum mig um að ég hefði eitthvað fram að færa.



ATLI FREYR ARNARSON, 21 ÁRS

Um Atla: Ég bý í Reykjavík og er fæddur og uppallinn þar.
Nám/vinna? Ég vinn sem sölu- maður.
Áhugamál? Að ferðast, vera með þeim sem mér þykir vænt um, bíó, kaffihús, hanna fót og fylgihluti.
Draumastarfið? Mig langar mest að vinna við hönnun og allt sem tengist tísku og tiskuiðnaðinum.
Hvar sérðu þig eftir 5 ár? Ég lífi svo mikið í núinu en auðvitað er það markmiðið að vera búinn að ná eins langt í lífinu og ég ætla mér.
Af hverju valdirðu að taka þátt í Herra Hinsegin? Þetta er spennandi, skemmtilegt og ferskt í samfélagi samkynhneigðra á Íslandi. Hingað til hefur það einungis verið næturlífið með einum skemmtistað og gay-pride einu sinni á ári, þannig að af hverju ekki að gera meira?



SIMON ERNESTO CRAMER LARSEN, 25 ÁRA

Um Simon: Ég er fæddur og upp- allinn í 250 manna sveitaborpi í Danmörku en hef búið í Reykjavík frá 2004.
Nám/vinna? Vinn sem dönskukennari í framhaldsskóla auk umönnunar á hjúkrunarheimili.
Áhugamál? Að ferðast, stjórnmál og dýr, þá sérstaklega hundar.
Draumastarfið? Er að búa til eigið fyrirtæki sem er með almanna- tengsl.
Hvar sérðu þig eftir 5 ár? Vonandi búinn að stofna mitt eigið fyrirtæki annaðhvort hér á landi eða annars staðar í Evrópu.
Af hverju valdirðu að taka þátt í Herra Hinsegin? Til þess að sýna að einstaklingar koma allir í mismunandi litum, stærðum og gerðum og þó einhver sé samkynhneigður lifir hann samt alveg venjulegu lífi.



Langur Laugardagur í miðborginni okkar

LÍF & FJÖR Í HJARTA REYKJAVÍKUR!

- Lifandi tónlist
- Bjarni töframaður
- Caterpillar Men
- Hrynþokki Björns á Löngumýri á Hljómalindarreit og víðar um miðborgina



VERSLANIR OPNAR
TIL KL. 17:00

Skoðum, verslum og njótum veitinga í Miðborginni okkar – þar sem hjartað slær





LAUS OG LIÐUG Jennifer Love Hewitt segist njóta þess að vera ein.

Ánægð alein

Bandaríska leikkonan Jennifer Love Hewitt segist í samtali við E!-online vera ánægð með að vera á lausu. Hewitt hætti með unnusta sínum Jamie Kennedy í mars á þessu ári og hún segist ekki eiga í neinu rómantísku sambandi um þessar mundir. „Þetta er alveg ný reynsla fyrir mig. Ég hef ekki verið á lausu lengi og nýt hvernig einustu mínútu,“ sagði Hewitt við vefsíðuna.

Leikkonan hefur gaman af því að hanna og einbeitt sér nú að þeim hæfileikum sínum auk þess sem hún notar tímann til að skrifa bók um ástarsambönd. Bókin á að fjalla um hvernig fólk geti blómstrað sem einstaklingar innan ástarsambands. Hewitt segist þó vera mikið fyrir sambönd, hún þoli ekki mikið rót og vilji helst af öllu vera heima hjá sér. „Að fara út að djamma er ekki fyrir mig,“ segir Hewitt.

Penn leggur hönd á plóg

Leikarinn Sean Penn hefur dvalið á Haítí frá því að jarðskjálftarnir skóku landið og starfar þar við hjálparstarf og endurbyggingu borga. Í viðtali við tímaritið Vanity Fair segir Penn að þetta sé í fyrsta sinn sem hann hafi haft tíma til að sinna hjálparstarfi sem þessu. „Ég var giftur í tuttugu ár og hef sinnt börnum mínum síðustu átján árin. Ég hafði ekki tíma til að sinna starfi sem þessu þá. En nú er ég einhleygur og get rétt hjálparhönd.“ Þegar hann var svo spurður um fyrrverandi eiginkonu sína, leikkonuna Robyn Wright, líkti hann henni við draug.

„Hún er draugur fortíðar. Við áttum öll þessi ár saman, en nú er hún bara farin.“



ADSTODAR Sean Penn dvelur á Haítí þar sem hann vinnur ýmis hjálparstörf.

Hræðist ekki fangelsislífið

Bandaríski leikarinn Wesley Snipes segist ekki vera hræddur við að fara í fangelsi en leikarinn var dæmdur fyrir stórfelld skattsvik árið 2008. Snipes er nú laus gegn tryggingu og hefur áfrýjað dómnum. En ef hann þurfi að sitja á bak við lás og slá þá verði það ekkert mál. Hann vinnur í blekkingariðnaði og muni einfaldlega nýta sér þá þekkingu til að gera vistina bærilega. „Ég er mjög sterkur andlega og ég reyni alltaf að horfa á björtu hliðarnar,“ sagði Snipes við bresku útgáfunu af FHM. Snipes sagði við réttarhöld yfir sér að skattsvikin sín væru einfaldlega afleiðing af menntunarleysi sínu.

STERKUR Snipes segist vera sterkur persónuleiki sem eigi eftir að þola fangelsisvist ef til hennar kemur.



Bakveikur Bono óttaðist 360 gráðu mistök

Söngvarinn Bono óttaðist að 360 gráðu-tónleikaferð U2 myndi mistakast. Sviðið er mjög óvenjulegt og geta áhorfendur séð það úr öllum áttum. „Ef þetta hefði klikkað á fyrstu tónleikunum þá hefðum við verið í slæmum málum,“ sagði Bono sem er að jafna sig eftir bakaðgerð og er hljóm-sveitin því í hléi frá tónleikaferðinni. „Hugs- ið ykkur rokktónleika í 360 gráðum á stærð við risastóra hasarmynd, nema hvað að þú þarft að færa tókustaðinn á nokkurra daga fresti. Þú ert að byggja heila borg og brjóta hana síðan niður, setja hana í flutningabíla og flytja. Þetta er stór- merkilegt,“ sagði Bono. „Við verðum að reyna að gefa áhorfendum eitthvað sem þeir hafa aldrei upplifað áður.“

Bassaleikarinn Adam Clayton segir að þessi óvenjulega sviðsmynd hafi verið hugmynd Bono.

„Þetta var hans hugsjón enda er hann þannig skemmtikraftur. Við hinir værum sáttir við að standa uppi á gömlum björkössum en hann þarf að nota sviðið eins og hann getur.“

U2 þurfti nýlega að aflýsa tónleikaferð sinni um Norður-Ameríku og tónleikum sínum á Glastonbury vegna bakmeiðsla Bono. „Fyrir tónlistarmann sem er alltaf uppi á sviði er þetta mikið áfall,“ sagði Paul McGuinness, umboðsmaður U2. „Hönu líður eins og hann hafi valdið hljóm-sveitinni og áhorfendum miklum vonbrigðum.“

BONO Bono óttaðist að tónleikaferð U2 myndi mistakast.



SVIÐIÐ Sviðið á tónleikum U2 er óvenjulegt og minnir einna helst á risavaxna köngulö.

NOKKRAR GÓÐAR!



MANNAKORN
- GAMLI GÓÐI VINUR


2CD

Öll bestu lög þessarar einstöku sveitar í fyrsta sinn saman á glæsilegri ferilsplötu.



POLLAPÖNK
- MEIRA POLLAPÖNK

Pollapönk er hugarfóstur leikskólakennaranna Halla og Heiðars, oft kennda við hljóm-sveitina Botnleóju.



EIVÖR
- LARVA

Ný plata frá færeysku söngkonunni. "Frábær plata. 10 í einkunn" A. J., Rás 2. "...besta plata Eivarar til þessa." 5/5, Jens Guð



HVANNDALSBRÆÐUR
- HVANNDALSBRÆÐUR

Nýjasta plata Hvanndalsbræðra er stútfull af smellum.



LJÓTU HÁLFVITARNIR
- LJÓTU HÁLFVITARNIR

Þriðja plata Hálfvitanna að norðan og líklega þeirra besta til þessa!



KATIE MELUA
- THE HOUSE

Ný 12 laga plata með hinni óviðjafnanlegu Katie Melua.



JACK JOHNSON
- TO THE SEA

Jack Johnson með sína fimmtu hljóðversplötu. Inniheldur smellinn "You And Your Heart".



ROLLING STONES
- EXILE ON THE MAIN STREET

Af mörgum talin besta plata Rolling Stones. Hér í tvöfaldr viðhafnarútgáfu, sem er að fá frábærar víðtökur.



LCD SOUNDSYSTEM
- THIS IS HAPPENING

NME 8/10
Rolling Stone ****
Pitchfork 9,2

Stærsta hljómplötuverslun á Íslandi
KRINGLAN · WWW.SKIFAN.IS





EKKI TÖFF Brand segist bara vera gamanleikari og slíkir menn séu ekki svalir.

Brand ekki nógu svalur

Breski uppstandsgrínistinn og leikarinn, Russell Brand, segist ekki geta orðið rokkstjarna. Brand leikur einmitt slíka stjórn, sem þykir fátt jafn gaman og að skemmta sér með hjálp löglegra og ólöglegra vímu-efna, í gamanmyndinni Get him to the Greek. Brand segist á hinn bóginn ekki vera nærri nógu svalur til að geta orðið rokkstjarna. „Ég gæti aldrei unnið í þessum bransa. Ég þekki nokkrar rokkstjörnur og þær eru virkilega töff. Ég er bara gamanleikari,“ sagði Brand en hann og mótleikari hans, Jonah Hill, trúðu upp á gervitónleikum í Los Angeles til að kynna myndina. Brand hefur í nægu að snúast því fjölmiðlar hafa greint frá því að hann hyggist ganga að eiga unnustu sína, bandarísku söngkonuna Katy Perry, á þessu ári.

BEÐMÁL Í REYKJAVÍKURBORG

Mikill kvennafans var samankominn á Hótel Borg á fimmtudagskvöld í tilefni frumsýningar myndarinnar Sex and the City 2, eða Beðmál í borginni. Ýmislegt skemmtilegt var um að vera á Hótel Borg. Stelpunum bauðst að fara í handsnyrtingu og förðun, auk þess sem tískusýning var haldin. Að sjálfsögðu var Cosmopolitan-kokkteillinn ekki langt undan en hann er, eins og frægt er orðið, í miklu upphaldi hjá Carrie Bradshaw og vinkonum hennar.



ÞRÍJAR VINKONUR Vinkonurnar Árný, Erna og Ragga mættu á Hótel Borg.



VINKONUR Rúna, Ásta, Anna, Edda og Hildur létu sig ekki vanta í frumsýningarteitið.



MARTA MARÍA Blaðakonan Marta María var í stuði, enda mikill aðdáandi Sex and the City.



ÁSTA OG KRISTRÚN Ásta Olsen og Kristrún Síf litu inn.



SKVÍSUR Á BORGinni Anita Lís, Harpa Katrín, Sýlvía Friðjónsdóttir og Anna Björg voru á meðal gesta á Hótel Borg.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



SKEMMTU SÉR VEL Kristín, Tinna og Eyja skemmtu sér vel í partíinu.



MEÐ COSMOPOLITAN Helena og Íris voru að sjálfsögðu með Cosmopolitan á kantínunum.

EMAMI



EMAMI
Laugavegur 66
opið um helgina
Laugardag 10-17
Sunnudag 11-17

LAGERHREINSUN EMAMI

RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM
ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR
10% AFSLÁTTUR AF NÝJUM VÖRUM

AUKAAFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM

ÞEIR SEM VERSLA FYRIR 12.000 KR. EÐA MEIRA FÁ 2000 KR. ÁVÍSUN SEM GILDIR SEM INNEIGN Í VERSLUN EMAMI TIL ÁRAMÓTA*

*gildir ekki með öðrum tilboðum

Amy án fíkniefna í eitt og hálf ár

Pabbi söngkonunnar Amy Winehouse, Mitch, hefur hrósað dóttur sinni fyrir að hafa haldið sig frá fíkniefnum í átján mánuði. Hann segir að hún sé búin að jafna sig að fullu eftir vandræði undanfarna ára. „Það má ekki afskrifa hana. Hún mun sýna hvað í henni býr á næstu plötu. Við verðum samt að bíða og sjá,“ sagði hann. „Amy er að jafna sig á eiturfjafíkni og hefur gert það undanfarna átján mánuði. Attíð þið ykkur á því hvað það hefur verið erfitt fyrir hana?“

Mitch viðurkennir að hann hefði ekki átt að tala eins mikið um vandræði dóttur sinnar í fjölmiðlum og hann gerði. „Ég sé dálítið eftir því en eina leiðin til að láta fólk vita af því hvað væri í raun að gerast var í gegnum fjölmiðla. Kannski hefði ég átt að gera hlutina öðruvísi. Allir misstu sig aðeins á meðan á þessu stóð.“



AMY WINEHOUSE Pabbi söngkonunnar hefur hrósað henni fyrir að hafa haldið sig frá fíkniefnum í átján mánuði.



MICHAEL JACKSON Safn tileinkað Jackson verður byggt í fæðingarbæ hans á næsta ári.

Jackson-safn byggt í Gary

Safn sem verður tileinkað popparanum sáluga Michael Jackson verður byggt í fæðingarbæ hans Gary í Indiana-fylki á næsta ári. Bæjarstjórnin í Gary telur að safnið muni laða að sér um 750 þúsund gesti á hverju ári og tryggja bænum tugi milljarða í tekjur. Jackson kíkta í heimsókn til bæjarins árið 2003 til að ræða byggingu safnsins. Undirbúningur fór þó ekki í gang af krafti fyrir en hann féll frá á síðasta ári. „Þetta vildum við fjölskyldan og Michael sjálfur alltaf að yrði að veruleika. Við viljum gefa eitt-hvað til baka til bæjarins,“ sagði Joe, faðir Michaels.

Nýleg verðkönnun í Bílblaði Morgunblaðsins leiddi í ljós að Chevrolet Spark er sá ódýrasti í flokki smábíla. Þar endar samanburðurinn í okkar huga. Punktur. Við fullyrðum að Chevrolet Spark sé bæði skemmtilegasti og skynsamlegasti kosturinn á íslenska markaðnum í dag. Og eitt enn: Hann er líka sá flottasti.

NÝR CHEVROLET SPARK - Skemmtilega skynsamlegur



**CHEVROLET SPARK L, bsk.
kr. 1.990 þús.**

BÍLL Á MYND: SPARK LS BSK. KR. 2.290 ÞÚS.

**KOMDU Í REYNSLUAKSTUR
OPIÐ Í DAG FRÁ KL. 12-16.**

Viltu reynsluaka Spark í sex mánuði?
Þú getur unnið sex mánaða afnot af Chevrolet Spark með því að taka þátt í Chevrolet bílaleiknum okkar. Þú kemst í pottinn með því að mæta í Chevrolet salinn á Tangarhöfða og reynsluaka Chevrolet gæðabíl. Sá heppni verður dreginn út 18. júní á Bylgjunni.

Dæmi um meðalgreiðslu án áhrifa vísitölubreytinga:

Kr. 22.955 á mánuði
mv. 30% innborgun og lán í 84 mánuði*

*30% af kaupverði, kr. 1.990.000, er 597.000.

Miðað er við bílalan frá Íslandsbanka, verðtryggt 8.6% lán í ísl. krónum á almennum kjörum. Hlutfallstala kostnaðar skv. lánareikni Íslandsbanka er 11.19%

**Bílabúð
Benna**

Stofnað 1975

Bílabúð Benna - Chevrolet sýningarsalur - Tangarhöfða 8-12 - Reykjavík - sími 590 2000 - www.benni.is
Spesbílar - Njarðarbraut 9 - Reykjanesbæ - sími 420 3300 - www.spesbilar.is



NAFN HILTON NOTAÐ Skemmtistaðeigendur í Kairó hafa reynt að notfæra sér nafn Paris Hilton í tengslum við djamm sem hún sjálf kannast ekkert við.

Varar við svikurum

Hótelrefinginn Paris Hilton er vinsæl þegar kemur að því að bjóða í veislur. Sumir skemmtanastjórar eru reiðubúnir til að reiða fram ansi háar fjárhæðir fyrir nærveru hennar, enda dregur Paris að sér her ljósmyndara. En nú hefur Hilton varað við svikurum á egypskum næturklúbbi í höfuðborginni Kairó en þeir auglýsa nú glæsilegt skemmtikvöld með Paris Hilton innanborðs. Sem væri kannski ekki alvarlegt mál ef ekki væri fyrir þá staðreynd að eigendur klúbbsins selja miðann á þúsund dollara. Hilton skrifaði á twitter-síðu sína að hún hafi engan áhuga á því að fara á þennan stað, hafi aldrei haft og muni aldrei hafa. „Ég verð úrvinda eftir erfitt ferðalag og er ekki að fara halda þetta skemmtikvöld á þessum skemmtistað,“ skrifar Hilton.

Fótboltastjórnur og frægir tippa á HM

Heimsmeistaramótið í fótbolta hefst í næstu viku. Fjölmargir fagmenn spá fyrir um úrslit mótsins í sérstakri tippkeppni fagmanna. Sigurvin Ólafsson, lögmaður og kempa, segir skilyrði að þátttakendur séu fagmenn.

KEMPUR TIPPA

Fjölmargir leikmenn Pepsi-deildarinnar, fyrrverandi leikmenn og aðrir nafntogaðir tippa í Tippkeppni Fagmanna.

„Þetta er gríðarlega fagmannleg keppni,“ segir knattspyrnukempan Sigurvin Ólafsson, lögfræðingur Venediktsson samsteypunnar.

Sigurvin og Guðmundur Benediktsson, þjálfari úrvalsdeildarliðs Selfoss í fótbolta, standa á bak við Venediktsson samsteypuna sem sér um HM tippkeppni fagmanna. Yfir 100 fagmenn eru skráðir til leiks og á meðal þeirra eru margir þekktir fótboltamenn; markahrókurinn Atli Viðar Björnsson, Gunnlaugur Jónsson, þjálfari Vals, og Skagakempan Alexander Högnason eru á listanum ásamt fjölmörgum leikmönnum Pepsi-deildar og ýmsum sem eru þekktir fyrir annað en hæfni á fótboltavellinum. Þar má nefna Loga Bergmann Eiðsson, Gísla Marteinn Baldursson og Boga Ágústsson. „Þátttakendur verða að vera fagmenn í sportinu, hafa spilað eða vera kempur,“ segir Sigurvin ákveðinn. „Svo slefa inn einhverjir frægir – þeir vilja alltaf vera með í öllu. Nafntogaðir einstaklingar fá að vera með, en ég veit ekki með Gísla Marteini, það er aðeins búið að strika hann út. Ég veit ekki hvort hann dettur



niður listann, nefndin á eftir að fara yfir það.“

Engin kona er á listanum, en Sigurvin segir að það sé engin stefna. „Fagmaður getur verið karlkyns eða kvenkyns,“ segir hann. Spurdur hvort hann eigi draumakeppanda segist hann

hafa reynt að ná í Nelson Mandela, án árangurs. „Svo vildum við gera Winnie Mandela að verndara keppinnar.“ Hann bætir við að miðað við áhuga fagmanna á keppninni þá hljóti æðstu ráðamenn þjóðarinnar að byrja að sýna áhuga. „Ef þetta heldur

svona áfram á ég von á pósti frá Ólafi Ragnari,“ segir hann.

Mynduð þið samþykkja hann sem verndara?

„Já, við erum opnir fyrir öllum fagmönnum. Við gerum ekki upp á milli fagmanna.“

atlifannar@frettabladid.is

Snyrtivörubomba

BIOTHERM

CLARINS

CLINIQUE

ESTÉE LAUDER

HR

get *lashed*
LONDON

JOHN FRIEDA
COLLECTION
LONDON PARIS NEW YORK

Kanebo
INTERNATIONAL

LANCÔME
PARIS

nails inc.
LONDON

SHISEIDO

3
fyrir 2
af snyrtivöru*
3. – 13. júní

*Ódýrasti hluturinn fylgi frír með.
Gildir ekki af MAC.

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

Jones sjötugur og mjög vel kvæntur

Söngvarinn Tom Jones frá Wales verður sjötugur á mánudag. Hann segir að eiginkona sín, Linda, sé hans hardasti gagnrýnandi. Þau hafa verið gift í 53 ár.

„Hún er eiginkona mín og gagnrýnandi. Ég lét hana alltaf hlusta á tónlistina mína því hún er mjög hreinskilin,“ sagði Jones. „Þegar ég spilaði fyrir hana Mr. Jones, plötuna sem ég gerði með Wyclef Jean árið 2002 sagði hún að tónlistin væri ekki í mínum anda,“ sagði hann. Sem betur fer er Linda mjög ánægð með nýjustu plötu Jones, Praise and Blame, sem kemur út í næsta mánuði. „Hún er ánægð með hana. Ég er að spila með tónleika-

bandi á nýjan leik og vegna þess að lögin eru svo fjölbreytt get ég notað röddina á mismunandi hátt.“

Jones kvíðir ekkert fyrir því að verða sjötugur. „Ég bjóst aldrei við því að ég mér liði svona vel um sjötugt en maður heldur sér ungum og sprækum með því að syngja. Ég er mjög spenntur fyrir framtíðinni.“



TOM JONES Söngvarinn frá Wales verður sjötugur á mánudaginn. Hann segir að eiginkonan sé hardasti gagnrýnandi sinn.

Mættu í bíó á skriðdreka

Leikararnir Bradley Cooper og Sharlto Copley mættu í skriðdreka á frumsýningu sinnar nýjustu myndar, The A-Team, í Hollywood á dögunum. Veifuðu þeir áhorfendum á leið sinni og vöktu að vonum mikla athygli. Liam Neeson, aðalleikari myndarinnar, lét sér nægja að mæta í sendiferðabíl eins og notaður er í myndinni. The A-Team er byggð á vinsælli samnefndri sjónvarpsþáttaröð. Hún fjallar um fyrrverandi sérsveitarmenn í hernum sem reyna að hreinsa mannorð sitt eftir að hafa verið sakaðir um glæpi sem þeir frömdu ekki.



BRADLEY COOPER Cooper mætti í skriðdreka á frumsýningu hasarmyndarinnar The A-Team.



Síð hammingju

VIÐ EIGUM ÖLL
SAMLEIÐ

**VERNDUN LÍFRÍKIS SJÁVAR
ER EITT AF BRÝNUSTU
VERKEFNUM SAMTÍMANS**

Við Ísland lifa óvenju margar tegundir hvala eða um 20 af alls um 80 þekktum hvalategundum á jörðinni. Hvalaskoðun er hagkvæmasta og mannúðlegasta nýting hvalastofna við Ísland.

með daginn!



Átta hvalaskoðunarfyrirtæki eru starfandi á Íslandi. 125.000 manns fóru í hvalaskoðun á Íslandi á síðasta ári.

Virðum náttúruna og njótum hennar!



Bond verður Blomkvist

Línur eru smám saman að skýrast með bandarísku endurgerðina af Karlar sem hata konur eftir Stieg Larsson. Brad Pitt virðist ekki ætla að leika rannsóknarblaðamanninn Mikael Blomkvist.

Daniel Craig þykir núna líklegastur til að hreppa hlutverk Mikæls Blomkvist, rannsóknarblaðamannsins hjá Millenium-blaðinu í Svíþjóð. Eins og áður hefur verið fjallað um hafa kvikmyndafréttamiðlar lýst því yfir að hlutverk Blomkvists og Lisbeth Salander, tölvuhakkarans snjalla, séu þau safaríkustu í bransinum og því hefur fjöldi stórstjarna lýst yfir áhuga sínum á að leika í myndinni. Samningurinn við Craig hefur enn ekki verið staðfestur en samkvæmt kvikmyndavefnum Deadline.com standa viðræður nú yfir. Stórt skarð var höggvið í dagskrá Daniels Craig þegar tilkynnt var um seinkunn á 23. Bondmyndinni vegna fjárhagsvandráða MGM-kvikmyndaversins og hann gæti því verið ansi spennur fyrir þessu hlutverki Blomkvists.

Brad Pitt þótti um tíma langlíklegastur til að leika Blomkvist en leikarinn er auðvitað upptekinn við að sinna barnaupplendi og öðrum hlutverkum. George Clooney var einnig um tíma orðaður við hlutverkið en ekki er víst að aðáendur bókanna hefðu sætt sig við slíkt val.

Það er bandaríski leikstjórinn



BOND OG BLOMKVIST

Daniel Craig er hugsanlega enska útgáfan af Mikael Blomkvist en David Fincher er að hefja tölur á Körlum sem hata konur sem byggð er á samnefndri bók Stiegs Larsson. Noomi Rapace hefur hvatt leikstjórnann til að velja óþekktu leik konu í hlutverk Lisbeth Salander en bæði Scarlett Johansson og Natalie Portman hafa lýst yfir áhuga sínum á að leika tölvuhakkarann snjalla.

David Fincher sem mun stjórna hlutunum á tókustað en nýlega kom þriðja bókin um ófarir Lisbeth Salander og baráttu Mikæls Blomkvist fyrir réttlæti út í Bandaríkjunum. Bókin sló umsvifalaust í gegn og fór beint á toppinn hjá New York Times. Bandaríkjamenn hafa líkt og Evrópubúar kolfallið fyrir bókum Stiegs Larsson og Fincher, sem hefur leikstýrt kvikmyndum á borð við Seven og The Game, er því með ansi góðan efnivið í met-sölu mynd en búast má við þrileik líkt og Svíarnir gerðu sællar minn-

ingar með Noomi Rapace í aðalhlutverki. Rapace, sem ólst upp á Flúðum með móður sinni, hefur lýst því yfir að hún ætli sér ekki að leika í bandarísku útgáfunni þrátt fyrir að hafa hlotið mikið lof fyrir frammistöðu sína í sænsku myndunum. Hún hefur þó komið þeim skilaboðum á framfæri í viðtölum að Fincher ráði óþekktu leik konu í hlutverk Salander en stjórnrur á borð við Scarlett Johansson og Natalie Portman hafa verið orðaðar við hlutverkið.

freyrgigia@frettabladid.is

HEITASTA STELPUMYND SUMARSINS
SKEMMTILEGASTI VINKVENNA HÓPUK KVIKMYNDASÖGUNNAR ER KOMINN Í BIÓ
GLAMUR, GLAMÚR OG SKÓR ERU MÁLIÐ Í SUMAR

CARRIE, SAMANTHA, CHARLOTTE OG MIRANDA ERU KOMNAR AFTUR OG ERU Í FULLU FJÓRI Í ABU DHABI

SEX AND THE CITY

PRINCE OF PERSIA

IRON MAN 2

SMÁRABÍÓ ALFABAKKA		SMÁRABÍÓ KRINGLUNNI	
SEX AND THE CITY 2	kl. 2D - 4 - 5D - 7 - 8D - 10 - 11D	SEX AND THE CITY 2	kl. 2D - 5D - 7D - 8D - 10D - 11D
SEX AND THE CITY 2	kl. 2 - 5 - 8 - 11	PRINCE OF PERSIA	kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30
PRINCE OF PERSIA	kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30	OFURSTRÁKURINN	M/ist. Tali kl. 3
THE LAST SONG	kl. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20	AD TEMJA DREKANN SINN 3D	M/ist. Tali kl. 5(3D)
IRON MAN 2	kl. 3 - 8 - 10:30	AKUREYRI	
KICK ASS	kl. 5:40	SEX AND THE CITY 2	kl. 5 - 8 - 11
AD TEMJA DREKANN SINN	M/ist. Tali kl. 2	THE LAST SONG	kl. 5:30
		PRINCE OF PERSIA	kl. 8 - 10:30
		SELFOSSI	
		SEX AND THE CITY 2	kl. 5 - 8 - 11
		THE BACK UP PLAN	kl. 6
		PRINCE OF PERSIA	kl. 8
		COPS OUT	kl. 10:30

SPARBÍÓ KR 600 Á SÝNINGAR MERKTAR MÍÐ APPELSÍNUGULU OG KR. 950 Á 3D MERKT GRÆNU

NÝTT Í BIÓ!

HEIMSFRUMSÝNING

JONAH HILL RUSSELL BRAND

GET HIM TO THE GREEK

FRÁ LEIKSTJÓRA FORGETTING SARAH MARSHALL OG FRAMLEIÐANDA KNOCKED UP KEMTUM EINN KLIKKABASTA GRINNYND SUMARSINS

★★★★ "FYNDASTA MYND ÁRSINS HINGAD TIL, OG Í RAUNINI BESTA SUMARAFREYINGIN HINGAD TIL" T.V. - KVIKMYNDIR.IS

MICHAEL FASSBENDER DOMINIC WEST OLGA KURYLENKO

CENTURION

FRÁBÆR GAMANMYND MEÐ MICHAEL CERA UR JUNO OG SUPERBAD

★★★★ -H.S.S, MBL
★★★★ -T.P.T, DV E.V. - Kvikmyndir.is

RIDLEY SCOTT GADIATOR

RUSSELL CROWE GATE BLANCHETT ROBIN HOOD

LÚXUS

BYGGU Á MEÐLEIÐU JENS LAPIDUS

★★★★ Önnur fjórðingur á 977
★★★★ B.L. kvikmyndir.com

★★★★ Hólar Austmann á 957
★★★★ P.P. Frettablaðið
★★★★ T.V. - Kvikmyndir.is

MAGNADUR SÆNSKUR SPENNMYNDELINGUR Í ANDA STIEG LARSSON

SMÁRABÍÓ TILBOÐSVERÐ 650

HÁSKÓLABÍÓ TILBOÐSVERÐ 650

GET HIM TO THE GREEK	kl. 1-3:20-5:30-8-10:30	12	GET HIM TO THE GREEK	kl. 3-5:30-8-10:30	12
GET HIM TO THE GREEK LÚXUS	kl. 1-3:20-5:30-8-10:30	12	YOUTH IN REVOLT	kl. 6-10:20	14
CENTURION	kl. 8-10:15	16	SKÓGARDÝRIB HUGÓ 3	kl. 4	L
YOUTH IN REVOLT	kl. 1-3:40-5:50-8	14	OCEANS	kl. 3:20-5:45	L
SNABBA CASH	kl. 3-5:30-8-10:30	16	SNABBA CASH	kl. 8-10:30	16
SKÓGARDÝRIB HUGÓ 3	kl. 1-2:30-3:50-6	16	ROBIN HOOD	kl. 8	12
ROBIN HOOD	kl. 10:10	12	THE BACKUP PLAN	kl. 5:40-8	L
THE SPY NEXT DOOR	kl. 1	L	BORGARBIÓ		

facebook.com/smarabio

NÝTT Í BIÓ LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

RUSSELL BRAND JONAH HILL

GET HIM TO THE GREEK

FRÁ LEIKSTJÓRA FORGETTING SARAH MARSHALL OG FRAMLEIÐANDA KNOCKED UP KEMTUM EINN KLIKKABASTA GRINNYND SUMARSINS

★★★★

ROBIN HOOD

★★★★

BROOKLYN'S FINEST

★★★★

HUGÓ 3

★★★★

NANNY MCPHEE

★★★★

SÝNINGARTÍMAR

GET HIM TO THE GREEK	2, 3.50, 5.50, 8 og 10.10	12
ROBIN HOOD	4.10, 7 og 10	12
BROOKLYN'S FINEST	8 og 10.30	16
HUGÓ 3	2, 4.10 og 6	L
NANNY MCPHEE	2	L

FRÁBÆR EINSKINGASTI Í ÞU BORGAR BÍÓNUM MEÐ FRÉTTABLAÐI TENGDU ALFABAKKA

SPARBÍÓ

TILBOÐ KR. 600

ALFABAKKI	KL. 2	KRINGLAN	KL. 2	AKUREYRI	KL. 5	SELFOSSI	KL. 5	KEFLAVÍK	KL. 5
-----------	-------	----------	-------	----------	-------	----------	-------	----------	-------

Opið hús í Menntaskólanum í Reykjavík fyrir 10. bekkinga og forráðamenn þeirra verður sunnudaginn 6. júní kl. 14-17.

Allir eru hjartanlega velkomnir.

Sími: 553 2075 - bara lúxus

Ódýrt í bió

600 KR. SÝND KL. 2

600 KR. SÝND KL. 2

600 KR. SÝND KL. 2

TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

TILBOÐSVERÐ

550 kr.

KL. 1 SMÁRABÍÓ 650 kr.

KL. 4 HÁSKÓLABÍÓ 650 kr.


KL. 4 BORGARBIÓ 550 kr.

KL. 1 SMÁRABÍÓ 650 kr.

SMÁRABÍÓ BORGARBIÓ HÁSKÓLABÍÓ

FATA MARKAÐUR

Í LAUGARDALSHÖLLINNI



Ódýrt

Föt fyrir
alla fjölskylduna
í miklu úrvali

Arabaklútar
799 kr.

Leggings
frá 999 kr.

Barnasokkabuxur
799 kr.

Dömugallabuxur
frá 3999 kr.

Herragallabuxur
frá 3999 kr.

Herraboxer 3 í pakka
frá 999 kr.

Herrahlýrabolir
799 kr.

Dömuhlýrabolir
799 kr.

Strákabolir
1299 kr.

Stelpukjólar
1999 kr.

Strákagallabuxur
1499 kr.

Strákaboxer 3 í pakka
799 kr.

2 fyrir 1

af öllum fötum - aðeins í 3 daga

Þú borgar fyrir fyrir dýrari flíkina

Birt með fyrirvara um prentvillur

FATAMARKAÐUR Í LAUGARDALSHÖLLINNI
OPIÐ FRÁ KL. 11 TIL 19
lokadagur 7. júní



6 DAGAR Í HM



Robert Prošinecki er eini leikmaðurinn í sögu HM sem hefur náð því að skora fyrir tvær þjóðir í úrslitakeppninni. Prošinecki skoraði á 90. mínútu í 4-1 sigri Júgóslavíu á Sameinuðu arabísku furstadæmum á HM 1990 og skoraði síðan fyrir Króata í 3-1 sigri á Jamaíku á HM 1998. Þetta met mun aldrei verða slegið því FIFA hefur nú lokað á þann möguleika að leikmaður geti spilað fyrir tvær þjóðir.

sport
sport@frettabladid.is



HREIÐAR LEVÝ GUÐMUNDSSON: SPILAR ÚRSLITALEIK MEÐ EMSDETEN Í DAG

Erum orðnir að nettum hetjum í bænum

Hreiðar Levý Guðmundsson spilar í dag með Emsdetten gegn Bergischer um sæti í úrslitarímmu við Dormagen um laust sæti í þýsku úrvalsdeildinni í handbolta á næsta tímabili. Emsdetten vann fyrri leikinn 33-27 og er því í vænlegri stöðu.

„Við vorum komnir níu mörkum yfir þegar það voru sex mínútur eftir, þetta hefði því getað verið betra en var nokkuð gott,“ sagði Hreiðar Levý Guðmundsson markmaður Emsdetten. Patrekkur Jóhannesson tekur við liðinu í sumar og Fannar Þór Friðgeirsson gengur í raðir þess á sama tíma.

„Það er fínasta sjálftraust í liðinu fyrir leikinn. Fyrir mína parta vil ég bara fara í leikinn og vinna hann, við viljum ekki halda neinu forskoti eða neitt slíkt. Liðið er líka búið að vinna 18 af síðustu 20 leikjum og við viljum ekki tapa neinu þar,“ sagði Hreiðar sem segir fyrir leikinn hafa verið einn þann allra skemmtilegasta sem hann hefur spilað með félagsliði.

„Það voru um 4.000 manns í húsinu. Það var bara trúfluð

stemning, algjörlega trúfluð. Áhorfendur eru nálægt velliðum og líklega kemst úrslitaleikurinn í Svíþjóð sem ég spilaði næst þessu, en við töpuðum þar svo þetta var kannski skemmtilegra.“

„Við höfum verið að berjast fyrir þessu allan veturinn og þetta er besti árangur félagsins í sögunni. Það hefur verið í einhver 20 ár í þessari deild held ég. Við erum líka nettar hetjur hérna í bænum,“ sagði Hreiðar hress.

Tímabilið hefur verið langt og strangt hjá landsliðsmanninum en hann segist fá aukakraft í útihlaupunum þegar hann sér fyrir endann á tímabilinu. Framundan eru jú mikilvægustu leikir tímabilsins.

„Ég spila seinni leikinn, svo kem ég heim á sunnudaginn og spila leikina tvo gegn Dönum í næstu viku og fer svo vonandi strax aftur út til að spila við Dormagen á sunnudaginn,“ sagði Hreiðar sem segir að þetta sé ekkert of mikið fyrir sig, enda í besta formi.



Leikmenn úr N1-deildinni sem eru á leiðinni út:

Haukar:

Sigurbergur Sveinsson (Dormagen í Þýskalandi): Einn besti leikmaður liðsins, markahæstur á síðasta tímabili. Valinn í lið ársins. Hefur spilað 23 landsleiki og er í leikmannahópnum sem mætir Dönum í næstu viku.

Pétur Pálsson (Danmörk): Mun flytja til Árósa í Danmörku. Er að leita sér að félagi. Spilaði stóra rullu á línunni hjá Haukum á síðasta tímabili. Var valinn í lið ársins.

Eliás Már Halldórsson (Haugasund í Noregi): Spilaði alla leiki með Haukum á síðasta tímabili og var lykilmáður í liðinu.

Valur:

Fannar Þór Friðgeirsson (Emsdetten í Þýskalandi): Einn besti leikmaður Vals, hefur spilað þrjú A-landsleiki.

Arnór Þór Gunnarsson (Bittenfeld í Þýskalandi): Lang markahæsti leikmaður Vals á síðasta tímabili, og jafnbesti maður tímabilsins. Valinn í lið ársins, er í landsliðshópnum sem mætir Dönum í næstu viku. Hefur spilað sex A-landsleiki.

Ingvar Árnason (Stavanger í Noregi): Spilaði alla leiki Vals á síðasta tímabili. Sterkur leikmaður sem stóð sig vel. Hefur spilað tvo A-landsleiki.

Gunnar Harðarson (Óvíst): Gæti verið á leiðinni í nám til Norðurlandanna og spilar þá hugsanlega handbolta samhliða því.

Akureyri:

Andri Snær Stefánsson (Danmörk): Fer til reynslu hjá Árhús GF í júlí og reynir að fá samning þar. Mun flytja til Árósa og finna sér annað lið ef það gengur ekki.

Jónatan Magnússon (Kristiansund í Noregi): Fyrirliði Akureyrarliðsins, leiðtogi innan sem utan vallar. Einn mikilvægasti leikmaður félagsins.

Árni Þór Sigtryggsson (Dormagen í Þýskalandi): Örvhent skytta sem var næstmarkahæstur hjá Akureyri á síðasta tímabili. Hefur spilað fjóra A-landsleiki.

HK:

Valdimar Fannar Þórsson (Óvíst): Er á reynslu hjá Viborg í Danmörku og undir smásjá marga félagi. Mun að öllum líkindum spila úti á næsta tímabili. Valinn besti sóknarmaður N1-deildarinnar, fékk Valdimarsbikarinn, var valinn handboltamaður ársins og í lið ársins. Hefur spilað sex A-landsleiki.

Ólafur Víðir Ólafsson (Haugasund í Noregi): Mun væntanlega semja við félagið, ásamt vini sínum Eliási Má úr Haukum. Hefur spilað tvo A-landsleiki.

Stjarnan:

Sverrir Eyjólfsson (Eisenach í Þýskalandi?): Fer í æfingabúðir hjá Eisenach og eftir þær kemur í ljós hvort hann semur við félagið eða ekki.

Afturelding:

Bjarni Aron Þórðarson (Dusseldorf í Þýskalandi?): Var til reynslu hjá félaginu í vikunni, óljóst hvort hann fái samning. Markahæsti leikmaður Aftureldingar.

FH:

Bjarni Fritzon (Óvíst): Er að leita sér að félagi úti og sagði við Fréttablaðið í vikunni að hann ætlaði að nota júnímánuð í það. Markahæsti leikmaður N1-deildarinnar á síðasta tímabili, valinn í lið ársins, hefur spilað 39 landsleiki.

Jón Heiðar Gunnarsson (d'Aix Handball í Frakklandi): Línu- maðurinn sterki var lykilmáður hjá FH.

* **Ólafur Guðmundsson (AG í Danmörku):** Hefur samið við AG en verður lánaður til FH á næsta tímabili og spilar því heima.

Enginn er á leiðinni út frá Fram, Gróttu eða Selfossi.



Peir bestu yfirgefa Ísland

Íslenskir handboltamenn yfirgefa landsteinana til að reyna fyrir sér erlendis. Sumir eru komnir með samning, aðrir leita enn að félagi. Mikil eftirsjá verður að mörgum bestu leikmönnum deildarinnar, sem og þremur góðum þjálfurum.

HANDBOLTI N1-deild karla í handbolta verður í heild sinni fyrir mikilli blóðtöku í sumar. Margir bestu leikmenn deildarinnar yfirgefa landsteinana og reyna fyrir sér erlendis. Sumir fara í atvinnu- mennsku, aðrir ætla að spila með vinnu eða námi og enn aðrir eru enn að leita sér að félaginu en ætla út.

Fimm leikmenn af sjö úr liði ársins í deildinni fara út eða stefna þangað. Þeirra á meðal eru bestu leikmaður deildarinnar, Valdimar Fannar Þórsson, og markahæsti leikmaðurinn, Bjarni Fritzon.

Fréttablaðið hafði samband við þjálfara allra félaganna átta sem spiluðu í N1-deildinni á síðasta tímabili, og þjálfara félaganna sem komust upp í deildina. Þeir voru spurðir hvaða leikmenn væru á leiðinni frá félaginu til að spila erlendis. Í töflunni hér til hliðar má sjá lista yfir leikmennina en ætla má að fleiri leikmenn gætu bæst í hópinn í sumar.

Það eru ekki bara leikmenn sem eru á leiðinni út, heldur líka þrír þjálfarar. Þeir eru Aron Kristjánsson sem tekur við Hannover í Þýskalandi, Gunnar Magnússon sem fer til Kristiansund í Noregi og Patrekkur Jóhannesson sem tekur við Eisenach.

Viðmælendur Fréttablaðsins voru margir sammála um að deildin yrði alls ekki jafn sterk eftir að hafa misst svo marga leikmenn. Þeir bentu þó á að þetta væri gott tækifæri fyrir yngri leikmenn til að koma upp.

Allir voru sammála um að þetta sýndi ágæti íslensks handbolta.



TVEIR STERKIR Á ÚTLEIÐ Sigurbergur Sveinsson og Fannar Þór, tveir af bestu leikmönnum deildarinnar, yfirgefa Ísland í sumar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sebastian Alexandersson, þjálfari Selfoss, sagðist síðast á fimmtudaginn hafa fengið samtál frá þjálfara í Frakklandi sem vantaði örvhentan hornamann.

„Þetta skiptir svo miklu máli hvað þú ætlar þér að gera. Ef þú ert ekkert endilega að stefna á A-landsliðið og ert búinn að gefa það upp á bátinn eru margir möguleikar í stöðunni, neðri deildir í Evrópu eins og í Frakklandi eða deildirnar í Austurríki eða Sviss. Þar geta verið miklir peningar í boði en að sama skapi er deildin ekkert sérstaklega sterk, þannig lagað. Ekki endilega mikið sterkari en N1-deildin,“ segir Sebastian.

„Umboðsmaðurinn í Frakklandi gat boðið leikmanni 2000 evrur eftir skatta [um 315 þúsund íslenskar krónur á gengi gærdagsins] auk frírrar búðar og bíls. Þetta er svona b-stigs atvinnu- mennska.“

Fjöldi íslenskra leikmanna yfirgefur landið eftir hvert tímabil en styrkur þeirra hefur líklega sjaldan verið meiri. Í það minnsta þrír fyrrverandi atvinnumenn koma þó heim. Logi Geirsson mun spila með FH, Jóhann Gunnar Einarsson fer aftur til Fram og Ólafur Bjarki Ragnarsson fer til HK eftir dvöl í Þýskalandi.

hjalti@frettabladid.is

Rockwood fellihýsi fyrir Íslenskar aðstæður

Rockwood Premier 2317G 12 fet.



Verð: 2.998.000kr m/ útdraganlegri hlið.

Rockwood Premier 1904 10 fet.



Verð: 2.698.000kr

Rockwood 191XR OFF ROAD 10 fet.



Verð: 2.798.000kr

Ríkulegur staðalbúnaður í Rockwood fellihýsum

- Galvaníseruð grind
- Evrópskar þrýstibremsur
- Upphitaðar 12 cm springdýnur
- Tjakkar með sandskeifum á öllum hornum
- Góð fjöðrun, fjaðrir sem henta vel á íslenskum vegum
- Útdraganleg trappa við inngang
- Breitt neffjól (uppblásið gúmmidekk)
- Handbremsa og varadekk m/hlíf
- 50 mm kúlutengi
- 220v tengili (blár skv. reglugerð)
- Útvarp með geislaspilara,

- hátalarar inni og úti
- Radial dekk / 13" álfelgur
- Vatnsh. öndunardúkur í svefnrymi
- Dometic kælskápur XL 2,5 cubic
- SMEV ryðfri gaseldavél m/rafstarti
- 2 gaskútar
- Gasviðvörðunarkerfi
- Óflug Truma combi 4 miðstöð m/heitu vatni
- Stór loftluga m/þriggja hraða víftu
- Skyggni (markísa)
- Skyggðir gluggar
- Flugnanet f. gluggum og hurð

- Gardínur f. gluggum og svefnrymi
- 2ja feta geymsluhólf
- Stórt farangurshólf
- Voldugir öryggisarmar fyrir þak og tjald
- 3 x 12 volta loftljós og 1 x útiljós
- 1 x færarlegt lesljós með víftu
- 110 amp rafgeymir
- Heitt og kalt vatn, tengt
- Rafmagnsvatnsdæla
- 86 lítra vatnstankur
- Klósett með hengi

Torfæru útgáfan frá Rockwood fyrir þá sem vilja komast lengra.

- upphækkað á 15" dekkjum
- sér styrkt grind og sterkari hjólabúnaður.



Útilegu maðurinn

Opunartími:
Mán - Föst. kl: 10-18
Laug - Sun. kl: 12-16

Fossháls 5-7
110 Reykjavík
Sími 551 5600
Fax 551 5601
utilegumadurinn.is

Ógleymanlegt
HM augnablik #1
HM 1986



HM LEIKUR ALLA LEIÐ Á HM

**Þú getur upplifað þín
eigin HM augnablik.**

Verslaðu hjá Olís með Vildarkorti VISA og Icelandair
og þú gætir verið á leiðinni á HM í Suður-Afriku.

Dregið verður 29. júní. **Ferð fyrir tvo á úrslitaleikinn 11. júlí
í Jóhannesborg. Flug og hótél innifalið.** Allir komast í pottinn sem
versla í einhverri verslun Olís út um allt land með Vildarkorti VISA
og Icelandair. Allar frekari upplýsingar á www.icelandair.is/hmleikur.



ICELANDAIR



ÉG ER AÐ RIFNA ÚR STOLTI

Aron Pálmarsson varð um síðustu helgi Evrópumeistari með Kiel eftir sigur á Barcelona í úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu. Í dag getur hann bætt öðrum titli í safnið en aðeins stórslys getur komið í veg fyrir að Kiel verði Þýsklandsmeistari og vinni þar með tvöfalt.

HANDBOLTI Leiktímabilið sem senn er á enda hefur verið ótrúlegt hjá Aroni Pálmarssyni. Fyrir einu og hálfu ári samdi hann við eitt allra stærsta félag heims en hann var þá að spila með FH í N1-deildinni. Nú er hann Evrópumeistari með Kiel og getur í dag bætt öðrum meistaratitli í safnið – þeim þýska. Þá má ekki gleyma bronsinu sem hann vann með íslenska landsliðinu á EM í Austurríki í janúar síðastliðnum. Aron er nítján ára gamall og hefur verið hampað sem efnilegasta leikmanni heims.

„Þetta var vægast sagt mögnuð upplifun,“ segir Aron um sigurinn á Barcelona í úrslitaleik Meistaradeildarinnar um síðustu helgi. „Ég hef ekki upplifað betri tilfinningu á mínum ferli.“

Risavaxið stökk

Aron hafði áður unnið einn titil með meistaraflokki karla. Það var þegar FH vann 1. deildina fyrir tveimur árum. Aron hefur því tekið risastórt stökk á stuttum tíma.

„Þegar ég samdi við Kiel vissi ég að ég væri að fara í lið sem stefndi á að vinna alla titla. En það hvarflaði ekki að mér að einu og hálfu ári síðar myndi ég vakna einn daginn með tvö gull og eitt brons um hálsinn. Það hefur verið draumi líkast bara að fá að taka sjálfur þátt í þessu ævintýri og ég er fyrst núna byrjaður að átta mig á árangrinum,“ segir Aron.

Flestir bjuggust við að Aron myndi hafa hægt um sig á fyrsta árinu hjá Kiel og það voru þau skilaboð sem hann fékk sjálfur – að hann þyrfti að fá tíma til að aðlagast. En félagið missti marga sterka leikmenn, bæði í meidsli og til annarra félaga og því hefur Aron fengið að spila mun meira en nokkur gat búist við. Og hann hefur svo sannarlega staðið undir þeim væntingum sem gerðar voru til hans.

„Mér finnst sjálfum að mér hafi tekist ágætlega að koma mér inn í handboltann hér. Ég hef verið í hópnun í öllum leikjum og eiginlega fengið að spila í þeim öllum, með heimsklassaleikmenn bæði mér við hlið og á móti mér. Ég neita því ekki að ég er að rifna úr stolti enda verður þetta ekki mikið stærra í handboltnum. Ef við löndum líka titlinum í dag get ég farið afar glaður og ánægður í sumarfríð.“

Aron er hæfileikaríki en ég

Sviarnir Stefan Lövgren og Marcus Ahlm lofuðu fyrir stuttu Aron í hástert í þýskum fjölmiðlum. „Aron er hæfileikaríki en ég,“ sagði Lövgren sem vann nánast allt sem hægt var að vinna með Kiel og sænska landsliðinu. Hann er af mörgum talinn einn allra besta leikmaður sögunnar.

„Hann getur orðið sá allra besta í heimi,“ sagði Ahlm sem er í dag fyrirliði Kiel.

„Já, ég asnaðist nú til að lesa þetta,“ segir Aron spurður um þessi ummæli. „Það er auðvitað frábært að fá að heyra svona lagað. Ahlm fer fyrir besta liði í Evrópu í dag og Lövgren er goðsögn í handboltnum. Ég hef fengið að heyra það áður að ég þyki efnilegur og allt það. en ég held að maður fái ekki jafn mikið hrós og frá þessum tveimur – þá sérstaklega Lövgren.“

Hann hefur þó ekki áhyggjur af því að ummæli sem þessi stígi honum til höfuðs. „Nei, alls ekki. Þetta mun frekar hjálpa mér. Ég er með gott fólk í kringum mig sem heldur mér á jörðinni. Ég hef sjálfur ágætt hugarfar og ég mun frekar nota þetta til að hvetja mig áfram. Þetta verður örugglega til þess að ég mæti oftari í ræktina í sumar.“

Bæði Ahlm og Lövgren bentu þó á að mikil vinna væri fram undan hjá Aroni ef hann á að standa undir þessum væntingum. „Ég er vanur því að leggja mikið á mig. Ég hef lagt hart að mér síðustu 2-3 ár enda er ég ekki í Kiel að ástæðulausu. Ég tel að það þurfi meira en bara hæfileika til að ná langt. Það þarf rétt hugarfar, góðar aðstoð og góða aðstoð annarra. Ég tel mig hafa þetta allt

– ég er með frábæran þjálfara, í frábæru umhverfi hjá besta liði í Evrópu og mjög gott fólk sem hjálpar mér mikið bæði innan vallar sem utan. Ég hef allt til alls til að ná sem lengst og það er klárlega stefnan,“ segir Aron.

Alfred er ekki pabbi minn

Hinn Íslendingurinn í Kiel er þjálfarinn Alfred Gíslason. Hann hafði veg og vanda af því að fá Aron til félagsins og henda honum strax út í djúpu lauginu.

„Hann lítur á mig eins og hvern annan leikmann,“ segir Aron spurður um samband þeirra. „En jú, auðvitað hefur það sitt að segja að við erum báðir Íslendingar. Bæði hann og Kara Guðrún, eigin kona hans, hafa hjálpað mér mikið utan vallar enda tekur það tíma að kynna nýrri menningu og tungumáli. En á æfingum kemur hann eins fram við mig og alla aðra leikmenn. Hann er ekki pabbi minn,“ segir hann og hlær.

Alfred hefur náð ótrúlegum árangri með Kiel. Fyrir tímabilið fóru sterkir leikmenn á borð við Nikola Karabatic frá félaginu og margir lykilmenn áttu við meidsli að stríða í vetur. En þrátt fyrir breytingarnar er Kiel á góðri leið með að verja Þýsklandsmeistaratitilinn og hefur nú þegar bætt Evrópumeistaratitilinum í safnið.

Íslendingar í besta liði Evrópu

Aðeins tveir íslenskir handboltamenn hafa unnið Meistaradeild Evrópu. Ólafur Stefánsson náði því í fjórða sinn í fyrra og Aron Pálmarsson náði því á sínu fyrsta ári með Kiel. Alfred Gíslason vann nú Meistaradeildina í annað skiptið sem þjálfari en þjálfari einnig Ólaf þegar Magdeburg vann titilinn fyrir átta árum.

Íslenskir leikmenn sem hafa unnið Meistaradeildina í handbolta:

Ólafur Stefánsson, Magdeburg 2002	28 ára
Ólafur Stefánsson, Ciudad Real 2006	32 ára
Ólafur Stefánsson, Ciudad Real 2008	34 ára
Ólafur Stefánsson, Ciudad Real 2009	35 ára
Aron Pálmarsson, Kiel 2010	19 ára



EVROPUMEISTARAR Aron er hér með þjálfaranum Alfred Gíslasyni í búningaklefa Kiel eftir sigurinn á Barcelona í úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu. FRÉTTABLAÐIÐ/SASCHA KLAHN

Sýndum að Kiel er ennþá Kiel

„Eins og Alfred sagði við okkur í vikunni þá hefði enginn spáð þessu fyrir mánuði. Í febrúar töpuðum við stórt fyrir Gummersbach í bikarnum og stuttu síðar fyrir Barcelona í Meistaradeildinni. Við vorum þar að auki skrefinu á eftir Hamburg í deildinni,“ segir Aron. „Menn héldu að það væri eitthvað að klicka hjá Kiel eftir að hafa unnið titilinn fimm ár í röð. En okkur tókst að afsanna allt þetta og sýna umfram allt að Kiel er enn þá Kiel.“

Kiel endurheimti toppsæti þýsku úrvalsdeildarinnar fyrir tveimur vikum þegar liðið vann tveggja marka sigur á Hamburg í upp-

gjöri toppliðanna. Það var mikill persónulegur sigur fyrir Alfred.

„Það var gríðarlega sætur sigur og ekki minni en sigurinn í Meistaradeildinni. Það hefur verið aðalatriðið fyrir félagið að vinna þýsku deildina og nánast lítið á það sem bónus að vinna Meistaradeildina þótt það sé sterkasta deild heims. En að vinna tvöfalt er lyginni líkast,“ segir Aron. Kiel getur náð þeim áfanga með því að vinna Grosswallstadt á útivelli í lokamerfi þýsku úrvalsdeildarinnar í dag.

Jicha og Karabatic bestir

Tékkinn Filip Jicha hefur farið á kostum með Kiel í vetur og hann var valinn leikmaður ársins á dögunum. Spurður hvort Jicha sé sá besti í heimi segir Aron að svarið sé einfalt.

„Já. Hann og [Nikola] Karabatic eru bestir í heiminum og með nokkra yfirburði yfir aðra að ég tel. Jicha hefur verið ótrúlegur allt tímabilið og ég þekki hvernig það er að spila gegn Karabatic þegar hann sýnir allar sínar bestu hliðar,“ segir Aron.

Eftir leikinn í dag er Aron kominn í sumarfrí – í það minnsta hjá

Ég hef allt til alls til að ná sem lengst og það er klárlega stefnan.

ARON PÁLMARSSON
HANDKNATTLEIKSMAÐUR

Kiel. Við taka verkefni hjá íslenska landsliðinu sem mætir Dönum hér heima og Brasilíu ytra á næstu vikum.

„Ég þarf svo að vera mættur aftur hingað 11. júlí og fæ því svo sem ekki langt frí. En ég stefni á að eyða því á Íslandi þar sem ég fæ vonandi að sleikja sólina og vera með fjölskyldu og vinum.“

Fyrir en varir verða átök nýs tímabils hafin og segir Aron að þrátt fyrir árangur tímabilsins sem senn er að ljúka eigi hann ýmislegt eftir.

„Það er allavega bikarinn eftir hér í Þýskalandi og svo að vinna eitthvað með landsliðinu. Eigum við ekki að segja að það verði komið hjá mér fyrir þrjú. Þá get ég farið að hugsa um að hætta og kannski samið við lið í Dúbaí,“ segir hann og hlær.

eirikur@frettabladid.is

pepsi
deildin

Sunnudagur 6. júní

Grindavík – ÍBV kl. 16:00
Pepsi-deild karla
Grindavíkurvöllur

Selfoss – Fram kl. 19:15
Pepsi-deild karla
Selfossvöllur

FH – ÍBV kl. 16:00
Pepsi-deild kvenna
Kaplakrúkvöllur



ETIREL CHECKED TRIANGLE TOP / DRAWSTRING BRIEF
Bikini. Dömustærðir



FIREFLY SOLID TRIANGLE TOP / TRIANGLE PANTS
Bikini. Dömustærðir



ETIREL MARTHA
Sundbolur með stuðnings-toppi. Dömustærðir.

SUMAR Í INTERSPORT



FIREFLY HEART BIKINI JR
Bikini. Litir: Svart, hvítt. Barnastærðir.



FIREFLY TINTIN SURFSHORTS JR
Sundbuxur. Litir: Hvítar, svartar. Barnastærðir.



FIREFLY BUTTERFLY SWIMSUIT JR
Sundbolur. Litir: Bleikur, blár. Barnastærðir.



PRO TOUCH BERLIN
Sundtöflur / inniskór, stillanlegir yfir ristina. Dömu- og herrastærðir.



ETIREL LAPLAND
Sundbuxur. Litir: Bláar, svartar. Herrastærðir.



ETIREL HILLSDALE
Sundskýla með renndum vasa. Herrastærðir.



ETIREL ZOLA
Sundbolur. Litir: Svartur, blár. Barnastærðir.



FIREFLY PROTECT CAP
Sólarvarnhúfa. Litir: Bleik, blá. Ungbarnastærðir.



FIREFLY PROTECT SWIMDRESS
Sundsett, boxerbuxur og bolur. Vörn gegn 98% af útfjólubláum geislum sólar. Ungbarnastærðir.





VONT Didier Drogba liggur hér meiddur í jörðinni í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tveir lykilmenn á HM meiddust í gær viku fyrir mót:

Rio úr leik en veik von hjá Drogba

FÓTBOLTI England og Fílabeinsströndin misstu bæði fyrirliða sína í meiðsli í gær aðeins viku áður en HM í Suður-Afríku hefist. Rio Ferdinand, fyrirliði enska landsliðsins, meiðdist á hné á æfingu og verður örugglega ekki með á HM en Didier Drogba, fyrirliði Fílabeinsstrandarinnar, meiðdist á olnboga í æfingaleik á móti Japan. Drogba fór strax í aðgerð og lifir enn í voninni með að ná fyrsta leik.

„Þetta eru augljóslega mjög slæmar fréttir. Það eru allir í liðinu mjög vonsviknir og finna til með Rio,“ sagði Fabio Capello, landsliðshjálfari Englendinga, sem tilkynnti fyrst um meiðsli Rio Ferdinand á blaðamannfundi strax efir æfinguna. Ferdinand meiðdist eftir að hans mati saklausa tæklingu Emile Heskey.

Ferdinand fór strax upp á sjúkrahús í myndatöku og kom þaðan út á hækjum með slæmar fréttir. Hann hafði meiðst á liðbandi í vinstra hné og verður frá í fjórar til sex vikur. Capello

kallaði strax á Michael Dawson, leikmann Tottenham, sem tekur sæti Ferdinands í hópnum. Steven Gerrard tekur við fyrirliðabandinu og annaðhvort Ledley King eða Jamie Carragher taka stöðu hans í byrjunarliðinu í fyrsta leiknum á móti Bandaríkjunum.

Didier Drogba fór úr olnboga-lið eftir aðeins fimmtán mínútna leik í 2-0 sigri Fílabeinsstrandarinnar á Japan. Hann lenti illa eftir skrautlega tæklingu en hafði þegar komið sínu liði í 1-0.

„Við erum ekki vissir um framhaldið en við teljum að það séu einhverjar líkur á því að hann geti spilað. Auðvitað hef ég mikla áhyggjur af þessu því hann er fyrirliði liðsins og einn af bestu leikmönnum heims,“ sagði Sven-Goran Eriksson, þjálfari Fílabeinsstrandarinnar.

Drogba sagði fyrst að HM væri úr sögunni en dró það síðan til baka og talsmaður Fílabeinsstrandarinnar gaf það síðan út að hann myndi ná fyrsta leik eftir tíu daga.

- 66j

Fjórir hafa náð að verja þrjár vítaskyrtur í vítakeppni í sögu aðalkeppni bikarsins:

Gunnleifur í fámennum hópi

FÓTBOLTI Landsliðsmarkvörðurinn Gunnleifur Gunnleifsson átti mestan þátt í því að FH-ingar urðu í fyrirakvöld fyrsta liðið í tuttugu ár til að slá bikarmeistara í vítakeppni. Íslandsmeistarar FH unnu 3-1 sigur á bikarmeisturum Blika í vítaskyrtukeppninni eftir að leikurinn endaði með 1-1 jafntefli.

Gunnleifur komst þar með í góðan hóp með þeim Þorsteini Bjarnasyni, Sandor Matus og Amir Mehica en þetta eru einu markverðirnir í sögu aðalkeppni bikarkeppninnar sem hafa varið þrjú víti í einni vítakeppni. Tveir aðrir markmenn, Bjarki Guðmundsson og Ólafur Pétursson, hafa náð því að verja eitt víti í leiknum og tvö víti til viðbótar í vítakeppni.

Gunnleifur Gunnleifsson varði þrjú víti í röð frá Blikum og bjargaði sóknarmönnum Torgeir Motland og Atla Viðari Björnsyni sem höfðu klickað á tveimur fyrstu vítum liðsins í vítakeppninni. Alfreð Finnbogason skoraði af öryggi úr fyrsta víti Blika en Gunnleifur varði síðan frá þeim Guðmundi Péturssyni, Jökli Elísabetarsyni og Kára Ársælssyni.

„Ég er með tækni í vítum sem virkar stundum og stundum ekki,“ sagði Gunnleifur Gunnleifsson í viðtali á Vísi eftir leikinn. Gunnleifi tókst greinilega að taka leikmenn Blika á taugum með því að koma á móti þeim um leið og þeir stilltu boltanum upp á punktinn.

Þorsteinn Bjarnason varð fyrsti markvörðurinn til að verja þrjú víti í sömu vítakeppni þegar hann hjálpaði Keflavík við að slá Selfoss út úr 16 liða úrslitum 1988. Selfyssingar skoruðu úr fyrstu spyrnu sinni, Þorsteinn varði næstu, sú þriðja fór framhjá og Þorsteinn varði síðan síðustu tvær spyrnurnar. Félagar Þorsteins í



GUNNLEIFUR GUNNLEIFSSON Var vel fagnað af FH-mafinunni eftir frábæra frammi-stöðu á móti Blikum á fimmtudagskvöldið.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

